








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
1. febrúar 2005 – 30. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000
vísir

ÞRIÐJUDAGUR



**ÁTÖK Í FRAMSÓKN** Framsóknarmenn hafa skipast í tvær fylkingar sem takast á innbyrðis. Önnur starfar í nánum tengslum við Halldór Ásgrímsson en hin er ósátt við vinnubrögð flokksins og vill breytingar. Ekki er talið víst að deilurnar nái upp á yfirborðið á flokksþingi. **Sjá síðu 2**

**KOSNINGAÞÁTTTAKA VELDUR ÁHYGGJUM** Iyad Allawi forsætisráðherra Íraks segir kosningarnar á sunnudag hafa sýnt fram á að hryðjuverkamenn muni aldrei fagna sigri. Lítil kjörsókn súnní-múslima veldur hins vegar áhyggjum um takmarkað lögmæti stjórnlagaþingsins. **Sjá síðu 4**

**HEPPNI AÐ BJÖRGUN TÓKST** Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir heppni að varðskipunum skyldi takast að koma Dettifossi að landi. Ef vindur hefði verið úr annarri átt hefði björgun ekki tekist. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**SÚLD EÐA RIGNING** um sunnan- og vestanvert landið. Bjart með köflum norðaustan og austan til. Hlýtt í veðri. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**AFMÆLISFUNDUR** Kvenfélagasamband Íslands heldur hátíðarfund í dag í tilefni 75 ára afmælis sambandsins. Fundurinn verður haldinn í Súlnasal Hótel Sögu, klukkan 17 í dag.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |






# Staðfestir sakirnar

## Guðmundur Sigurðsson segir áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesta ólögmætt samráð olíufélaganna. Áfrýjunarnefndin lækkar sektir félaganna um rúman milljarð króna.

**SAMRÁÐ** Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála lækka sektir olíufélaganna um rúmlega einn milljarð. Sektir Skeljungs lækka mest eða um 650 milljónir króna. Sektirnar þarf að greiða eigi síðar en þremur mánuðum frá uppkvaðningu úrskurðarins sem kveðinn var upp í gær.

> *„Ég er ánægður með að lækkun sektarinnar um 650 milljónir króna.*

Guðmundur Sigurðsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisstofnun, segist að mestu vera mjög sáttur við úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. „Nefndin staðfestir raunverulega í meginatriðum hið ólögmæta samráð og segir þarna hafa verið um að ræða skipulagt, umfangsmikið, ólöglegt samráð í níu ár. Við erum ánægðir með að áfrýjunarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að ekkert hafi verið við vinnubrögð Samkeppnisráðs að athuga þannig að það gæfi ástæðu til að fella úr gildi eða breyta ákvörðun ráðsins.“

Gestur Jónsson, lögmaður Skeljungs segir ekki ákveðið hvort málið verði lagt fyrir héraðsdóm eins og félagið hafi kost á; „Skeljungur er ekki lengur í þeirri stöðu að vera aðalgerandi í málinu. Ég er ánægður með lækkun sektarinnar um 650 milljónir króna en tel ákvörðunina um þá sekt eftir stendur mjög alvarlega.“

Guðmundur Sigurðsson segir skilja á milli Samkeppnisráðs og áfrýjunarnefndarinnar við mat á sektunum. „Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að sannarlegur ávinningur félaganna á þessu brotatímabili hafi verið 6,5 milljarðar króna og áfrýjunarnefndin staðfestir þá tölu í raun og veru. Samkeppnisráð ákvarðaði jafna sekt á öll félögin en nefndin telur ávinning þeirra mismikinn,“ segir Guðmundur. Hann segir ávinning Skeljungs hafa verið sínu minnstan eða 1.650 milljónir á móti 2.750 milljónum Kers sem rekur Essó. Eins segir hann áfrýjunarnefndina taka meira tillit til breytinga í hagkerfinu seinni hluta samráðstímabilsins sem Samkeppnisráð taldi ekki ástæðu til að gera.

Olíuverzlun Íslands segir í fréttatilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær að þrátt fyrir verulega lækkun sekta sé niðurstaðan óásættanleg og í engu samræmi við réttarframkvæmd hér á landi eða í nágrannalöndunum. Því verði höfðað mál til ógildingar á úrskurðinum.

Í tilkynningu Kers hf., kemur fram að félagið muni á næstu dögum fara ítarlega yfir niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála, og í kjölfarið taka ákvörðun um hvort málið verði borið undir dómstóla til endanlegrar ákvörðunar. Ákvörðun um slíkt hafi hins vegar ekki enn verið tekin.

Samkvæmt úrskurðinum er sekt Kers, sem rekur Essó, 900 milljónir og sekt Olíuverslunar Íslands 700 milljónir fyrir afslátt, sem félögin fá fyrir samvinnu við rannsókn málsins. Skeljungur fær engan afslátt.

- hrs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HÖRÐUR FELIX HARÐARSON, GÍSLI BALDUR GARÐARSSON OG ANDRI ÓTTARSSON** Ker hf. sem rekur Essó fær 405 milljón króna í afslátt, Olíuverslun Íslands fær 140 milljón króna í afslátt en Skeljungur fær engan.

### SEKTIR OLÍUFÉLAGANNA

| Olíufélag | Ákvörðun samkeppnisráðs | Ákvörðun áfrýjunarnefndar | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Skeljungur | 1.100 | 450 | - 650 |
| Ker hf./Essó | 605 | 495 | - 110 |
| Olís | 880 | 560 | - 320 |
| Samtals | 2.585 | 1.505 | - 1.080 |

*Allar tölur eru í milljónum króna*

Kofi Annan harðorður vegna ástandsins í Darfur:

# Íhuga þarf refsiaðgerðir

**NÍGERÍA, AP** „Alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum og stórtæk brot gegn mannréttindum hafa átt sér stað. Þetta má ekki viðgangast,“ sagði Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, um stöðu mála í Darfur. Hann sagði að öryggisráðið verði að íhuga beitingu refsiaðgerða gegn Súdan vegna ástandsins.

Orð sín lét Annan falla á fundi leiðtoga Afríkuríkja í Abuja, höfuðborg Nígeríu. Hann sagði að innbyrðisdeilur ríkjanna í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hefðu orðið til þess að enn hefði ekki verið gripið til aðgerða. Það þyrfti að breytast.



Kofi Annan tók nýlega við nýrri skýrslu nefndar sem átti að rannsaka hvort þjóðarmorð hefði átt sér stað í Darfur og leggur hana fljótlega fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Aðspurður hvort nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að þjóðarmorð hefði verið framið svaraði Annan: „Óháð því hvernig nefndin lýsir því sem á sér stað í Darfur leikur enginn vafi á því að þar hafa verið framdir alvarlegir glæpir.“ ■

**ANNAN VIÐ RÆÐUPÚLTIÐ** Annan sagði aðgerða þörf til að koma á friði í Darfur.

Bandaríkin:

# Hillary féll í ómegin

**BUFFALO, AP** Öldungardeildarþingmaðurinn Hillary Clinton hneig niður í gær, eftir að hafa kvartað undan magakveisu áður en hún hélt ræðu um almannatryggingar.

Hún hlaut aðhlynningu á staðnum áður en hún fór og hélt aðra ræðu um heilbrigðismál. Það var þingmaðurinn John LaFalce sem kynnti Hillary áður en seinni ræðan hófst með þeim orðum að hún væri þar stödd þvert á ráðleggingar lækna sinna, þar sem heilbrigðiskerfið væri hennar hjartans mál. „Þetta var ekki eins dramatískt og það hljómar,“ sagði Hillary hins vegar eftir ræðu sína. ■



## SPURNING DAGSINS

*Aðalheiður, er framsóknarmennska smitandi?*

**Já, enda eru framsóknarmenn einstaklega heillandi.**

Aðalheiður Sigursveinsdóttir gekk ásamt 42 konum í Freyju, félagi framsóknarkvenna í Kópavogi, á fimmtudaginn. Aðalheiður er kona framsóknarmannsins Páls Magnússonar, aðstoðarmanns Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðar-og viðskiptaráðherra. Aðalheiður hefur gegnt formannsstarfi hjá ungum jafnaðarmönnum.

Endurálagning skatta hjá Baugi:

# Þurfa að borga minna

**SKATTAMÁL** Baugi var gert að greiða lægri upphæð vegna endurálagningar skatta en félagið hafði gert ráð fyrir.

Baugur sendi síðastliðinn föstudag bréf til helstu viðskiptafélaga sinna og banka þar sem fram kemur að félagið hafi greitt 140 milljónir króna vegna endurálagningar skatta, í stað 282 milljóna eins og fram hafði komið í tilkynningu frá félaginu.

Þá eru samkvæmt heimildum upphæðir sem Baugur taldi sig þurfa að greiða vegna þriðja aðila ekki innheimtar hjá Baugi heldur beint hjá þeim aðilum. Þar er meðal annars um að ræða endurálagningu eigenda Hagkaupa og Bónuss, en höfuðágreiningur endurálagningarinnar er vegna sameiningar fyrirtækjanna. Upphæðin sem innheimt var hjá Baugi var því 140 milljónir. Heildarupp-hæðin með endurálagningu vegna þriðja aðila nam 464 milljónum króna.

Af þeim 140 milljónum sem Baugi var gert að greiða eru 110 milljónir vegna ágreiningsins um verðmat á Bónusi, þegar fyrirtækið sameinaðist Hagkaupum undir merkjum Baugs.

Indriði Þorláksson ríkisskattstjóri segir embættið ekki hafa gefið út neinar tölur varðandi endurálagninguna og sér vitanlega hafi ekkert breyst af hálfu embættisins frá endurálagningunni um áramót. Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, vildi ekki tjá sig um málið. Ágreiningi um endurálagninguna hefur verið vísað til yfirskattanefndar. - hh



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**UPPHÆÐIN LÆKKAÐI**
Upphæðin sem Baugi var gert að greiða vegna endurálagningar skattayfirvalda hefur lækkað í um 140 milljónir frá því sem félagið taldi sig þurfa að greiða í upphafi árs.

Lifði hátt fall:

# Barn féll af svölum

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ára barn féll af svölum fjórðu hæðar fjölbýlishúss í Austurborginni rétt fyrir klukkan sex í gær.

Barnið var flutt á slysadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík virtust meiðsl þess ekki eins alvarleg eftir skoðun læknis og talið var í fyrstu.

Tæknideild lögreglunnar skoðaði aðstæður og er málið í rannsókn. Lögregla segir ekkert benda til óeðlilegra orsaka fallsins. Bæði gras og hellur séu fyrir neðan svalirnar en ekki sé ljóst hvar barnið lenti. - gag

Jarðskálfti:

# Austurland skalf

**AUSTFIRÐIR** Jarðskjálfta, að minnsta kosti 5,2 á Richer, varð vart á Austurlandi í gærkvöldi. Samkvæmt Veðurstofunni voru upptök hans um 200 kílómetra austan af landinu.

Pétur Sveinsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Eskifirði, segir fólk á Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og allt að Vopnafirði hafa fundið fyrir skjálftanum. Sjálfum fannst honum rétt eins og trukkur færi í gegnum húsið. Jarðskjálfti hafi ekki fundist á þessu svæði síðan Kópaskersskjálftinn varð 1976. - gag

Ný skýrsla:

# Sameining lögregluliða

**LÖGREGLUMÁL** Lagt er til í skýrslu dómsmálaráðuneytisins um nýskipun lögreglumála, sem birt var í gær, að lögregluembættin þrjú á Höfuðborgarsvæðinu verði sameinuð.

Í skýrslunni er einnig nefnt að mögulegt sé að sameina lögreglulið Akraness og Reykjavíkur annars vegar og Kópavogs, Hafnarfjarðar og Keflavíkur að flugvellinum þar hins vegar. - gag

Landhelgisgæslan:

# Sótti slasaðan skipverja

**SLYS** Sjómaður á togaranum Guðmundi í Nesi slasaðist illa á hendi í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn eftir að rætt hafði verið um ástand hans við lækni.

Þyrlan fékk fylgd flugvélar Landhelgisgæslunnar í stað minni þyrlunnar af öryggisástæðum. Of langt hefði verið fyrir minni þyrluna að fljúga að skipinu sem var statt 165 sjómílur vestur af Reykjavík. - gag

# Átök í framsókn

**Framsóknarmenn hafa skipast í tvær fylkingar. Önnur starfar í nánum tengslum við formanninn en hin er ósátt við vinnubrögð flokksins og vill breytingar. Óvíst er talið að deilurnar nái upp á yfirborðið á flokksþingi.**

**STJÓRNMÁL** Tvær fylkingar innan Framsóknarflokksins takast nú á, annars vegar hópur sem starfar í nánum tengslum við Halldór Ásgrímsson, og svo þeir sem eru ósáttir við vinnubrögð flokksins og þá þróun sem átt hefur sér stað innan hans. Í hópi Halldórs eru meðal annars bræðurnir Árni og Páll Magnússynir, Valgerður Sverrisdóttir ráðherra og varaþingmennirnir Guðjón Ólafur Jónsson og Herdís Sæmundardóttir. Í hinum hópnum eru Kristinn H. Gunnarsson, Una María Óskarsdóttir og jafnvel Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Siv Friðleifsdóttir og Jónína Bjartmarz.

Aðalfundur Freyju, félags framsóknarkvenna í Kópavogi, kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir flokkinn. Afskipti bræðranna Árna og Páls af starfi Freyju kann að draga dilk á eftir sér.

Fréttablaðið ræddi við fjölmarga framsóknarmenn í gær sem höfðu verulegar áhyggjur af hvernig málum væri nú komið í flokknum þó svo að enginn þeirra sæi flokksþingið sem öruggan vettvang breytinga.

Viðmælendur, sem ekki vilja koma fram undir nafni, hafa skýringar á hvað búi að baki byltingunni í Freyju. Árni Magnússon er sagður sitja í mjög ótryggu þingsæti í Reykjavíkurkjördæmi norður og sjái fyrir sér að komast á lista í kjördæmi Sivjar Friðleifsdóttur, Suðvesturkjördæmi. Freyja á fulltrúa í kjördæmaþingi, þar sem raðað er á framboðslistann.

Þá hefur verið nefnt að Árni hafi jafnframt viljað styrkja stöðu sinnar fylkingar á flokksþingi, þar sem Freyjan á einnig fulltrúa, ef til þess kemur að hann, eða Valgerður bjóði sig fram til varaformanns gegn Guðna Ágústssyni, eða gegn Siv sem ritari flokksins..

Viðmælendur blaðsins sögðust vissir um að atburðirnir í Kópavogi væru ekki einsdæmi og fleiri tilfelli kunni að koma upp á næstu dögum.

Sem dæmi um flokkadrættina var nefnt að Árni hefði nýverið skipað þrjá fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum flokksins, sem áður voru í höndum Húnboga Þorsteinssonar. Hann lét af störfum sökum aldurs. Herdís Sæmundardóttir verður formaður ráðgjafanefndar jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Sævar Þór Sigurgeirsson tekur við formennsku í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og Gestur Gestsson verður fulltrúi í innheimtustofnun sveitarfélaga. Húnbogi var einnig formaður kaupskrárnefndar, en það sæti tekur Sigurjón Örn Þórsson, aðstoðarmaður Árna Magnússonar. Öll eru þau sögð vera í fylkingu Halldórs.

sda@frettabladid.is



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Eru sögð hvort í sinni fylkingunni sem takast á innbyrðis um vinnubrögð og stefnu flokksins. Talið er hugsanlegt að náinn samstarfsmaður Halldórs, Árni Magnússon, bjóði sig fram gegn Siv á flokksþingi í embætti ritara flokksins.



MYND LANDHELGISGÆSLAN

**TÝR MEÐ DETTIFOSS Í TOGI**

Dettifoss:

# Fer til Rotterdam

**EIMSKIP** Þýskt dráttarskip sem mun draga Dettifoss til Rotterdam er væntanlegt til hafnar á Eskifirði á morgun. Að sögn Höskuldar H. Ólafssonar, aðstoðarforstjóra Eimskips, var skipið pantað á sunnudag þar sem ljóst var að draga þyrfti skipið utan til viðgerðar.

„Það var fyrirséð að okkar varðskip væru ekki í stakk búin til að draga Dettifoss á milli landa nema við mjög góðar aðstæður," segir Höskuldur. - hrs

Könnun Gallups:

# Samfylking stærst flokka

**KÖNNUN** Fylgi Samfylkingarinnar eykst um fjögur prósentustig og mælist með ríflega 34 prósenta fylgi í könnun Gallups. Flokkurinn mælist með mest fylgi stjórnmálaflokka.

Framsóknarflokkurinn bætir lítillega við sig og hefur stuðning þrettán prósenta en fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar um tvö prósentustig og er tæplega 33 prósent. 47 prósent segja að þeir styðji ríkisstjórnina.

Vinstrihreyfingin-grænt framboð hefur nú sextán prósenta fylgi og missir þrjú prósentustig. Frjálslyndi flokkurinn mælist með fjögur prósent. Ríkisútvarpið sagði frá í gær. - gag






Fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra:

# Frestar skilum á skýrslu

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlanefndin sem menntamálaráðherra skipaði í október síðastliðnum nær ekki að skila greinargerð sinni á tilsettum tíma, en áætlað var að nefndin skilaði af sér skýrslu í dag. Karl Axelsson, formaður nefndarinnar, segir að tíminn sem nefndinni var gefinn hafi einfaldlega ekki reynst nægilegur til þeirra starfa sem henni voru ætluð. Hann segir ekki tímabært að greina frá því sem nefndin er að skoða.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skýrði frá því við skipun nefndarinnar að hlutverk hennar yrði margþætt og fælist meðal annars í því að skoða þróun evrópskrar fjölmiðlalöggjafar og leggja mat á þróunina í íslensku fjölmiðlaumhverfi, ekki síst hvað varðar stafrænar útsendingar.

Nefndinni var einnig falið að skoða samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi, sem og markaðsstöðu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess.

Auk Karls sitja í nefndinni Kristinn Hallgrímsson, Pétur Gunnarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson. - sda



**KARL AXELSSON**
Formaður fjölmiðlanefndar segir að nefndin ætli að gefa sér að minnsta kosti mánuð til viðbótar til þess að vinna skýrslu fyrir menntamálaráðherra.

# íbúðalán.is

nb.is
nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is
nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is nb.is

# Fáðu íbúðalán hjá okkur!

**Ertu að kaupa?**
Þú getur gert eigið greiðslumat og sótt um íbúðasjóðslán og íbúðalán nb.is á **íbúðalán.is.**

**Viltu endurfjármagna?**
Þú getur lækkað vextina og létt greiðslubyrðina með íbúðaláni hjá nb.is á aðeins 4,15% vöxtum!

**Vantar þig viðbótarlán?**
Hvort sem þú ætlar að byggja, breyta eða bæta þá geturðu fengið Viðbótarlán nb.is á afar hagstæðum kjörum, án nokkurra skilyrða um frekari viðskipti eða kröfu um 1. veðrétt.

**Kynntu þér málið á nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800 og við tökum vel á móti þér.**

nb.is

*Banki með **betri** vexti*

Himinn og haf – SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,17 | 62,47 |
| Sterlingspund | GBP | 117,00 | 117,56 |
| Evra | EUR | 80,78 | 81,24 |
| Dönsk króna | DKK | 10,85 | 10,92 |
| Norsk króna | NOK | 9,79 | 9,84 |
| Sænsk króna | SEK | 8,87 | 8,93 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,36 | 94,92 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,22 -0,03%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sjónarhóll á Vatnsleysuströnd:

# Vinna við miltisbrandsgirðingu stöðvuð

**MILTISBRANDUR** Vinna við girðinguna að Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd hefur verið stöðvuð, að sögn Gunnars Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis. Ástæðan er sú að landeigendur vildu leita álits lögfræðings áður en lengra yrði haldið. Verður beðið eftir álitinu og vinna ekki hafin aftur fyrr en fyrir liggur undirritaður samningur um legu girðingarinnar, að sögn héraðsdýralæknis.

Það var í kjölfar þess að hross drápust úr miltisbrandi á Sjónarhóli á dögunum sem landbúnaðarráðuneytið ákvað að svæðið yrði girt af, þannig að hvorki menn né skepnur ættu greiðan aðgang að því. Grunur leikur á að hrossin hafi komist í miltisbrandssýkt svæði eftir að jarðrask varð af völdum ágangs sjávar.

Landbúnaðarráðuneytið mun standa straum af kostnaði við girðingarefni og vinnuna. Fyrirhugað var að girðingin yrði 1.334 metra löng og lokaði af svæðið milli sjávar og vegar. Nú er ekki ljóst hvenær hægt verður að halda vinnunni við hana áfram, þar sem bíða verður álits lögfræðings landeigenda. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að sýkta svæðið yrði girt af fyrir jól, en hrossin drápust í byrjun desember. - jss



**Í BIÐ**
Hætta varð vinnu við miltisbrandsgirðingu á meðan beðið er álits lögfræðings.



**SÖREN BALD**
Formaður Radikale Venstre.

Danmörk:

## Róttækir hástökkvarar

**DÖNSKU KOSNINGARNAR** Venstre og Radikale Venstre eru þeir flokkar sem bæta hvað mest við sig fylgi, samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Gallup. Skoðanakannanir birtast nú daglega fyrir þingkosningarnar í Danmörku. Ef úrslit kosninganna verða í samræmi við skoðanakönnunina sem birtist í Berlinske Tidende í gær fá Radikale Venstre 19 þingmenn og bæta þar með við sig 10 þingmönnum. Venstre myndi fá 60 þingmenn og bæta við sig fjórum þingmönnum. Jafnaðarmenn myndu hins vegar fá 40 þingmenn, en hafa nú 52. Á sunnudag áttust formenn Venstre, Anders Fogh Rasmussen, og Jafnaðarflokksins, Mogens Lykketoft, við í sjónvarpskappræðum. ■

### EVRÓPA

**SÆRÐUST VIÐ SLÁTT** Tvær albanskar konur særðust þegar hálfgrafin handsprengja sprakk á engi þar sem þær voru við slátt. Sár kvennanna eru ekki lífshættuleg.

**PÁFI MEÐ FLENSU** Jóhannes Páll II páfi er kominn með flensu og neyddist því til að aflýsa áheyrnartímum sem hann ætlaði að hafa í gær. Þetta er í fyrsta skipti frá í september 2003 sem páfi þarf að aflýsa áheyrnum vegna veikinda.

# Kosningaþátttaka veldur áhyggjum

**Iyad Allawi forsætisráðherra Íraks segir kosningarnar á sunnudag hafa sýnt fram á að hryðjuverkamenn muni aldrei fagna sigri. Lítil kjörsókn súnní-múslima veldur hins vegar áhyggjum um takmarkað lögmæti stjórnlagaþingsins.**

**ÍRAK, AP** „Hryðjuverkamennirnir vita nú að þeir geta ekki sigrað,“ sagði Iyad Allawi, forsætisráðherra írösku bráðabirgðastjórnarinnar, þegar hann fagnaði kosningunum til írasks stjórnlagaþings og hvatti landsmenn til að sameinast um uppbygginguna landsins. Þrátt fyrir bjartsýni Allawi urðu margir til að lýsa áhyggjum.

Þjóðarleiðtogar heims fögnuðu kosningunum í gær en lýstu margir hverjir áhyggjum af því hversu lítil kjörsókn súnní-múslima var. Engar tölur liggja enn fyrir um kjörsókn þeirra en ljóst er að hún var lítil. Starfsmenn yfirkjörstjórnar sögðu kosningaþátttöku súnní-múslima hafa verið litla en meiri en búist hefði verið við. Abdúllah Jórdaníukonungur syrgði það hins vegar í viðtali að þátttaka þeirra hefði verið minni en vonast hefði verið til og embættismaður í bandaríska sendiráðinu lýsti áhyggjum af því að kjörsókn súnnía hefði verið það lítil að hætta væri á að kosningarnar skorti lögmæti í augum þeirra.

Súnní-múslimar sátu heima hvort tveggja vegna þess að trúarleiðtogar þeirra hvöttu þá til að hunsa kosningarnar og eins vegna ótta við hryðjuverkaárásir.

Stjórnlagaþingið sem kosið var um á sunnudag á að setja Írak þær reglur og skipulag sem því verður stjórnað eftir í framtíðinni. Vegna lítillar kosningaþátttöku súnnía hafa þeir minni áhrif á stjórnlagaþinginu en ella nema fundin verði leið til að tryggja þeim aðkomu þrátt fyrir litla kosningaþátttöku.

Ekki er hægt að gera fulla grein fyrir því hvað varð um fjárframlög til íraskra ráðuneyta að andvirði 550 milljarða króna. Frá þessu greindi bandarísk eftirlitsstofnun. Bandaríska hernámsstjórnin reiddi féð af hendi til íraskra ráðuneyta en engar eftirlitsstofnanir voru til staðar til að fylgjast með því hvað varð um féð.

Al-Jazeera sjónvarpsstöðin sýndi í gær myndband sem íraskir vígamenn sögðu sýna hvar bresk herflutningaflugvél var skotin niður á sunnudag. Tíu létust þegar flugvélin fórst en ekki hefur verið staðfest hvort hún hrapaði eða var skotin niður. ■



**KJÖRSEÐLAR TALDIR**
Hafist var handa við að telja atkvæði í gær. Ekki er þó búist við úrslitum fyrr en að nokkrum dögum liðnum.

Impregilo:

## Vill rannsókn á frétt

**LÖGREGLUMÁL** Impregilo hefur farið fram á opinbera rannsókn vegna fréttar í DV. Þar er greint frá fyrrum starfsmönnum Impregilo sem sögðust hafa verið neyddir til að borga yfirmanni fyrirtækisins brennivín í skiptum fyrir yfirvinnu.

„Að mati Impregilo felur fréttin í sér rangar sakargiftir á hendur yfirmanna Impregilo og félaginu sjálfu. Impregilo staðhæfir að fréttin sé röng og telur sig eiga lögvarinn rétt á að fram fari opinber rannsókn,“ segir í tilkynningu Impregilo. Þeir sem ábyrgð kunni að bera á fréttaflutningnum eigi að sæta refsi- og bótaábyrgð.

Mikael Torfason, ritstjóri DV, segir blaðið standa við fréttina. Mennirnir sem rætt hafi verið við í frétt blaðsins standi við það sem þeir hafi sagt. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi blaðamenn DV ekki fengið upplýsingar frá Impregilo. Áfram sé fjallað um málið. „Þar koma fram nýjar upplýsingar sem sýna hversu fáránleg þessi lögreglurannsókn er,“ segir Mikael. - gag

SA:

## Verulegar athugasemdir

**VINNUMARKAÐUR** Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, segir að athugasemdir hafi verið gerðar í allverulegum atriðum við reglugerðardrög félagsmálaráðherra um atvinnuleyfi útlendinga, en þær verði ekki birtar að svo stöddu.

„Okkur finnst verið að þyngja það hvort og hvernig er hægt að fá atvinnuleyfi fyrir útlendinga og erum með almennar athugasemdir varðandi það,“ segir hún og vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið. - ghs

Nú er opið til 21

alla daga í Lyf & heilsu JL-húsinu

Lyf & heilsa

## Veðrið

**MILT FRAM Á FIMMTUDAG**
Í dag rofar til um norðaustan- og austanvert landið í dag en áfram verður súld eða rigning vestan til. Ekki er að sjá annað en hlýtt verði fram á fimmtudag en þá taki hann að kólna jafnt og þétt fram á helgina. Frá hvessir heldur í kvöld og talsvert hvasst verður á landinu á morgun en lægir á fimmtudag.
**HORFUR UM HELGINA:**
Víða frost frá föstudegi til sunnudags. Bjart á landinu um helgina með fremur hægum vindi.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hvassviðri víða um land, síst á Norðausturlandi.

### Fimmtudagur




Strekkingur á Vestfjörðum, annars hægari. Kólnandi veður.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C | skýjað | Frankfurt | 7°C | alskýjað | Torrevieja | 14°C | skýjað |
| Osló | 3°C | léttskýjað | Prag | 2°C | léttskýjað | Róm | 10°C | skýjað |
| London | 13°C | léttskýjað | Amsterdam | 9°C | skýjað | New York | 3°C | heiðskírt |
| París | 10°C | alskýjað | Varsjá | 2°C | alskýjað | Miami | 25°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.
















BOKA BÚÐIR Penninn Eymundsson



## KJÖRKASSINN

*Átt þú lopapeysu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldurðu að ástandið batni í Írak þegar nýkjörin stjórn tekur við völdum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

ASÍ:

# Reglugerðin er óásættanleg

**KJARABARÁTTA** ASÍ telur að drög félagsmálaráðherra að reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga séu óásættanleg með öllu.

Hunsaðar séu þær verklagsreglur sem áður hafi verið afgreiddar en þær hafi verið óaðskiljanlegur hluti af sátt sem áður hafi náðst um reglugerðardrögin og væntanlega framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga.

Breytingarnar og hunsun verklagsreglnanna geri það að verkum að sú tillaga sem nú liggur fyrir sé óásættanleg. Vafi leiki á að ýmis efnisatriði standist lög og viðmið vegna veitingar atvinnuleyfa eða brjóti beinlínis í bága við þau og skapi vanda varðandi verklag og túlkun.

ASÍ finnur að því að ekki sé tekið á ýmsum réttindamálum. Þá sé komin fram ný túlkun á því hvað sé fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

ASÍ gerir kröfu um að fá tækifæri til að skýra sjónarmið sín og fá svör við spurningum varðandi reglugerðina um atvinnuréttindi útlendinga og segir að annars geti engin sátt orðið um niðurstöðuna.

- ghs



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**
Framkvæmdastjóri ASÍ. ASÍ telur reglugerðardrög um atvinnuréttindi útlendinga óásættanleg.

Arlanda-flugvöllur:

# Brúðkaup alla daga

**SVÍÞJÓÐ, AP** Brúðhjón voru gefin saman á Arlanda-alþjóðaflugvellinum við Stokkhólm nær hvern dag síðasta árs að meðaltali. Alls voru 348 brúðhjón gefin saman og er það þrjátíu prósentum meira en árið áður, þegar 261 par gekk í hnappheldunа á flugvellinum.

„Oftast er um að ræða pör sem velja að láta gefa sig saman á flugvellinum við upphaf brúðkaupsferðarinnar,“ sagði Niclas Härenstan, talsmaður flugvallarins, og bætti við: „Brúðhjónin fá sömu þjónustu og konungsfjölskyldan á ferðalögum sínum“. ■

Flensa á Kópaskeri:

# Allir kennarar veikir

**SKÓLAMÁL** Barnaskóli Öxafjarðarskóla á Kópaskeri og leikskóli bæjarins voru lokaðir í gær vegna veikinda alls starfsfólksins.

Elvar Árni Lund, sveitarstjóri Öxafjarðarhrepps, segir skæða flensu hafa herjað á íbúana síðustu viku. Hann telji starfsmenn vera að hressast. Þeir verði vonandi flestir við vinnu í dag. Rúmlega tíu börn séu í leikskólanum og þrír starfsmenn. Kennarar í skólanum séu fjórir.

- gag

## MIÐ-AUSTURLÖND

**TVEIR LÍFLÁTNIR** Tveir Pakistanar voru líflátnir í Sádi-Arabíu. Þeir voru fundnir sekir um tilraun til að smygla heróíni inn í landið með því að gleypa það í umbúðum. Mennirnir voru afhöfðaðir með sveðju á almannafæri. Átta hafa verið teknir af lífi í Sádi-Arabíu það sem af er ári.

**SKOTIN Í SKÓLANUM** Tíu ára palestínsk stúlka var skotin til bana þar sem hún var á gangi í skóla Sameinuðu þjóðanna á Gaza svæðinu. Palestínskir embættismenn segja hana hafa orðið fyrir skoti úr ísraelskum skriðdreka en starfsmenn Sameinuðu þjóðanna sögðu óvíst hver hefði skotið skotunum sem bönuðu stúlkunni og særðu aðra stúlku.

# Heppni að björgun tókst

**Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir heppni að varðskipunum skyldi takast að koma Dettifossi að landi. Ef vindur hefði verið úr annarri átt hefði björgun ekki tekist.**

**VARÐSKIP** Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir heppni að það skildi takast að koma Dettifossi til lands með þessum litlu skipum sem varðskipin eru. Dettifoss kom að landi á Eskifirði um miðnætti í fyrrakvöld en stýrisbúnaður skipsins brotnaði á föstudagskvöld.

„Þetta sýnir augljóslega að þó við beitum báðum öflugustu skipunum okkar þá ráðum við ekki við þetta með góðu móti. Við hefðum aldrei getað haldið skipinu frá landi ef vindur hefði verið úr annarri átt. Hér er ekkert dráttarbátafyrirtæki sem hægt væri að leita til og næsti möguleiki hefði verið að fá dráttarskip frá Noregi. Það hefði tekið of langan tíma eða þrjá sólarhringa,“ segir Georg. Hann bendir á að mikið mengunarslys yrði ef stórt olíuskip myndi lenda uppi í fjöru og segir nauðsynlegt að geta verndað efnahagslögsöguna fyrir mengun. „Ef eitthvað ber út af eigum við enga möguleika,“ segir Georg.

Georg segir búnað varðskipanna til björgunar vera ágætan en dráttargetan sé helmingi minni en hún þyrfti að vera.



FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA

**HORFT Á VARÐSKIPIÐ ÆGI FRÁ DETTIFOSSI**
Mikill stærðarmunur er á varðskipunum og Dettifossi en á varðskipinu Tý og flutningaskipinu munar 13.450 brúttótonnum

Hann segir því fulla þörf fyrir fjölnotaskip sem hægt væri að nota sem varðskip og dráttarskip. Í skipinu þyrfti einnig að vera mengunar-, rannsóknar,- og björgunarbúnaður.

Vírarnir á milli varðskipsins Týs og Dettifoss slitnaði þrisvar sinnum og segir Georg ástæðuna vera úreltan dráttarbúnað. Spilið á varðskipinu gefur ekki eftir en nýjustu spilin er hægt að stilla eftir þyngd þess sem dregið er. Þá segir hann staðsetningu spilsins hafa valdið því að Týr gat ekki stýrt Dettifossi heldur þurfti varðskipið Ægi til hjálpar. „Varðskipin eru lítil og kraftlaus þó þau séu í ágætu standi. Þeim hefur verið vel haldið við og geta því nýst vel með öðru öflugra skipi,“ segir Georg. Týr er 1.214 brúttótonn og hefur 8.909 hestöfl á móti 20.108 hestöflum Dettifoss og 14.664 brúttótonnum.

hrs@frettabladid.is


VR FÉLAGAR!

3% HÆKKUN

Öll laun hækka samkvæmt **kjarasamningi VR og SA** um 3% frá og með 1. janúar

Hækkunin kemur til útborgunar 1. febrúar n.k.

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR


Skipstjórinn á Dettifossi:

# Veðurguðirnir voru hliðhollir

**BJÖRGUN** „Það má segja að það hafi allt verið okkur til láns í þessu óláni að missa stýrið,“ sagði Halldór Viðar Guðmundsson, skipstjóri á Dettifossi, en skipið rak stjórnlaust undan veðri og vindum undan suðausturströndinni frá laugardegi til sunnudags. Að sögn Halldórs skipstjóra fóru vindhviður í 33 metra á sekúndu og haugasjór var.

„Við vorum komnir nokkuð langt austur af Eystra-Horni á leið til Eskifjarðar þegar bilunarinnar varð vart. Það fyrsta sem við gerðum var að athuga hvort stýrisvélin væri biluð, en þegar í ljós kom að svo var ekki, var ljóst að eitthvað var að stýrinu, það jafnvel farið af. Það kom svo í ljós að um einn meter var eftir af því. Ég hef verið til sjós í 40 ár og aldrei lent í því að vera á skipi sem misst hefur stýrið, hvað þá að það hafi komið fyrir mig sem skipstjóra.“

Á skipinu eru þrettán menn, allt Íslendingar.

„Öll samskipti við Gæsluna voru góð, þar eru menn sem við þekkjum bara af góðu og kunna til verka. Annað skipið hefði aldrei komið okkur til hafnar í þessu veðri.“



**HALLDÓR VIÐAR GUÐMUNDSSON**
Skipstjórinn á Dettifossi segir það aldrei áður hafa komið fyrir sig að vera á skipi sem misst hefur stýrið.

Kafarar hafa skoðað skemmdirnar á stýrisbúnaði Dettifoss. Ómögulegt er að segja til um orsakir þess að Dettifoss varð stýrisvana fyrr en skipið er komið í þurrkví. Halldór segir útilokað að skipið hafi tekið niðri. Ákveðið hefur verið að skipið verði dregið til Rotterdam. Dráttarskipið Primus, sem er öflugt þýskt dráttarskip, dregur Dettifoss og er Primus væntanlegt til Eskifjarðar á morgun.

- eg


Við vorum, erum og
verðum stoltur styrktaraðili
íslenska landsliðsins
í handknattleik.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27139 01/2005
Kempa
KB BANKI
ICELANDAIR
VISA
Icelandair styður íslenskt keppnisfólk!
ICELANDAIR

**10% afsláttur**

**af öllum fiskréttum í dag og á morgun.**

**Bjóðum Matreiðslumanninn**

**Valdimar Sveinsson**

**velkominn til starfa í Fiskbúðinni Vör**

**Allir fiskréttir á tilboðsverði í dag og á morgun. Valdimar og Eyjólfur veita góð ráð.**

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**

**Opið laugardaga 10-14:30**

Tvö innbrot í verslun Carls Bergmanns:

# Megnið af þýfinu komst til skila

**LÖGREGLA** „Þegar síminn hringir um miðja nótt veit ég að búið er að brjótast inn,“ segir Carl Bergmann eigandi úra- og skartgripaverslunar á Laugavegi. Brotist var inn í verslunina í tvígang, í desember og janúar, og hefur lögreglan upplýst innbrotin. Níu menn voru handteknir.

Í fyrra innbrotinu voru hringjum og hálsfestum að verðmæti tæplega einnar milljónar króna stolið. Carl segir þjófana hafa sigtað dýrustu gripina frá. Daginn eftir innbrotið voru tveir menn handteknir og megnið af þýfinu fannst. Annar mannanna játaði strax sinn þátt. Skömmu eftir seinna innbrotið voru sjö menn handteknir og eru sex þeirra taldir tengjast málinu. Fyrst voru þrír handteknir og var gerð húsleit í kjölfarið þar sem fjórir til viðbótar voru teknir höndum. Í húsleitinni fannst nokkuð af þýfi úr skartgripaversluninni auk þýfis sem stolið hafði verið í innbroti í fataverslun í miðbæ Reykjavíkur.

Carl segir mennina hafa stolið fjörutíu úrum en hann fékk ellefu þeirra til baka. Í kjölfar húsleitarinnar fann lögreglan stolinn bíl sem þjófarnir höfðu í sinni vörslu.

- hrs



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VERSLUN CARLS BERGMANNS ÚRSMIÐS**
Í báðum innbrotunum var brotin rúða í útidyrahurð verslunarinnar.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Impregilo sýknað af launakröfu

**KÁRAHNJÚKAR** Impregilo SpA-Iceland var sýknað af kröfum stefnanda, Birgis Guðjónssonar viðskiptafræðings, samkvæmt dómi sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Birgir starfaði sem viðskiptafræðingur hjá Impregilo frá apríl fram í október 2003 og fór fram á um þrjár og hálfa milljón í ógreidd laun.

Þegar Birgir hóf störf hjá Impregilo var gerður við hann munnlegur ráðningarsamningur um 300 þúsund króna föst laun á mánuði. Þegar Birgir sagði upp starfi sínu gerði hann kröfu um sérstaka greiðslu fyrir yfirvinnu og launa í uppsagnarfresti auk orlofs af yfirvinnu og uppsagnarfresti. Dómarinn féllst ekki á þá kröfu, meðal annars þar sem hann hafði ekki unnið uppsagnarfrestinn.

- ghs

# Beint frá bóndanum

**Reglur sem varða sölu bænda á afurðum beint frá búinu eru íþyngjandi og óþarflega flóknar að mati nefndar sem fjallað hefur um heimasölu afurða bænda.**

**LANDBÚNAÐUR** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra hefur kynnt skýrslu nefndar sem fjallað hefur um heimasölu afurða bænda, en hann telur það afar nauðsynlegt að bændur geti í vaxandi mæli selt afurðir sínar beint frá búum sínum og vill að vinna verði lögð í það af krafti.

Nefndin sem kynnti sér meðal annars aðstæður í Noregi, þar sem rík hefð er fyrir sölu landbúnaðarafurða beint frá bóndanum, segir í skýrslu sinni að þó lítið sé því til fyrirstöðu í dag að bændur geti hafið heimasölu á afurðum sínum með tilskyldum leyfum, séu reglur varðandi slíka sölu óþarflega flóknar og íþyngjandi fyrir bændur. Mikilvægt þykir að smíða lög og reglur sem henta sérstaklega þeim sem selja afurðir sínar beint af búinu og jafnvel breyta núgildandi reglum. Þá kemur fram í skýrslu nefndarinnar að kannaður verði grundvöllur á tilslökun á kröfu um gerilsneyðingu á mjólk þegar um milliliðalausa sölu er að ræða, sem geri fólki kleift að kaupa nýja ógerilsneydda mjólk beint af bóndanum. Jafnframt að stjórnvöld og bændur leiti samninga um að ákveðinn hluti mjólkurframleiðslu verði heimilaður til nota í heimavinnslu.



**FORMAÐUR NEFNDARINNAR**
Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir er formaður nefndarinnar sem Guðni Ágústsson setti saman.

Í skýrslu nefndarinnar þar sem bæði eru lagðar fram tillögur ætlaðar bændum og ríkisvaldinu er meðal annars lagt til að ferðaþjónustubændur og aðrir bændur efli með sér samtök. Rík áhersla er lögð á að heimasala bænda verði gerð með ferðaþjónustu í huga og þar sem alþjóðavæðing hefur kallað á aukna eftirspurn eftir mat með séreinkennum landa og svæða.

Með þessum breytingum er verið að breyta talsvert landslagi landbúnaðar og ferðaþjónustu á Íslandi og mun það auka möguleikana á mikilli vöruþróun, auk samkeppni á markaði þó hér sé ekki verið að ræða um vörur sem seldar verði til stórverslana.

kristineva@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÍSLENSKAR AFURÐIR**
Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gæðir sér á íslenskum landbúnaðarafurðum á fundi þar sem skýrsla um heimasölu afurða bænda var kynnt.

Forsætisráðherra í fjarveru Halldórs:

# Er í skipstjóraplássinu

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, er sitjandi forsætisráðherra þessa vikuna þar sem Halldór Ásgrímsson er í fríi erlendis. „Gaman er að takast á við þetta verkefni og mér sýnist vikan verða góð, enda engin stórmál á ferðinni,“ segir Guðni og telur sig þó fullfæran til að takast á við óvænt mál ef þau koma upp. Guðni hefur áður gegnt starfi forsætisráðherra í fjarveru Halldórs og nú síðast í haust.

„Ég er náttúrlega í skipstjóraplássinu núna þó mér líði afar vel sem landbúnaðarráðherra þá er þetta auðvitað skör hærra í stjórnskipuninni og það er gaman að kynnast því,“ segir Guðni aðspurður hvor stóllinn sé betri, stóll forsætisráðherra eða landbúnaðarráðherra.

- keþ



**SITJANDI FORSÆTISRÁÐHERRA**
Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra er forsætisráðherra í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar.





TAKMARKAÐ MAGN

**GEOLINK MEÐ SPÖNG**
Hagstætt og létt höfuðtól með þægilegri spöng. Góður hljómur og næmur hljóðnemi.
**Tilboðsverð 6.900,-**

**PLANTRONICS CS-60**
Þráðlaust höfuðtól, allt að 100m drægni og samhæft við flestar gerðir símkerfa
**Tilboðsverð 29.900,-**

**Talaðu við sérfræðingana**







**PLANTRONICS H41**
Létt og lipurt, hengt á eyrað
**Tilboðsverð 9.900,-**

**DAX 275 MAGNARI**
Fyrir allar gerðir höfuðtóla
**Tilboðsverð 3.690,-**

**DORO COMFORT 11**
Hagstætt verð
**Tilboðsverð 3.990,-**

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

# FEBRÚARTILBOÐ
## Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI

**SKIPT**_um væntingar




## NISSAN X-TRAIL

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

**Elegance 2,0**
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

**Sport 2,0**
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

**X-Trail Sport**
**Listaverð: 3.100.000 kr.**
**Tilboðsverð: 2.790.000 kr.**
**Afsláttur: 310.000 kr.**
**33.018 á mán.***

**X-Trail Elegance**
**Listaverð: 3.320.000 kr.**
**Tilboðsverð: 2.990.000 kr.**
**Afsláttur: 330.000 kr.**
**35.363 kr. á mán.***



## NISSAN MICRA iPod

Nettur, sparneytinn, fallegur og frábærlega hannaður. Hlaðinn tækninýjungum, hreinn draumur í umgengni og miklu stærri að innan en utan – enda rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki. Og best af öllu: hann er algerlega iPod-samhæfður og þú færð iPod mini í kaupbæti!

**Visia 1,2i**
- Beinskiptur
- 80 hestöfl
- 3-5 dyra
- iPod mini

www.apple.is

**iPod mini**
**iPod mini fylgir öllum Nissan Micra iPod sem keyptir eru í febrúar 2005.**



**Verð frá 1.390.000 kr.**
**15.102 kr. á mán.***

Aukahlutir á mynd: álfelgur og topplúga

**www.nissan.is**
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

*Bílalán VÍS með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00 |
|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a**<br>800 Selfossi<br>482-3100 | **Eyrarlandi 1**<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | **Sæmundargötu 3**<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | **Holtsgötu 52**<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | **Dalbraut 2b**<br>300 Akranesi<br>431-1376 | **Víkurbraut 4**<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | **Búðareyri 33**<br>730 Reyðarfjörður<br>474-1453 | **Sindragötu 3**<br>400 Ísafjörður<br>456-4540 | **Óseyri 5**<br>603 Akureyri<br>461-2960 |

Fiton/SÍA FI011819



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða rokkhljómsveit hefur boðað komu sína í júní?*

2 *Hvað heita varðskip Íslendinga sem drógu Dettifoss til lands?*

3 *Hver skoraði flest mörk Íslendinga á HM í handbolta?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Bæjarstjórinn á Seyðisfirði:

# Stjórnvöld einblína um of á álverið

**SEYÐISFJÖRÐUR** Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, telur að það komi niður á Austurlandi ef stjórnvöld einblína um of á álversuppbygginguna fyrir austan. Öðrum atvinnugreinum þurfi að sinna líka.

„Mér finnst viðhorfið einkennast af því að það sé nóg að vera með álver og ekki þurfi að gera neitt annað,“ segir hann.

Seyðfirðingar njóta ekki framkvæmdanna vegna álversins á Reyðarfirði nema að takmörkuðu leyti en nokkrir einstaklingar hafa atvinnu í tengslum við uppbygginguna. Að öðru leyti finna Seyðfirðingar ekki fyrir þessum framkvæmdum.

Nóg er að gera á Seyðisfirði, gróska í útgerð og ferðaþjónustu en 3.000 erlendir ferðamenn fara í gegnum Seyðisfjörð á sumrin. Bærinn hefur byggt upp bílastæði og aðstöðu fyrir ferðamennina fyrir 30 milljónir króna en þarf að gera betur.

„Farþegarnir stoppa hér stutt en keyra um allt landið. Mér finnst lágmark að ríkið komi með annað eins til að gera þokkalegt húsbílastæði og ganga frá tjaldstæði,“ segir hann.

- ghs



**TRYGGVI HARÐARSON**
Bæjarstjóri á Seyðisfirði vill að ríkið leggi 30 milljónir í húsbílastæði og frágang á tjaldstæði enda stoppi farþegarnir sem koma vikulega með Norrænu stutt í bænum. Aðrir landshlutar njóti góðs af því.

250 þúsund í styrk:

# Námið styrkt fyrir prófin

**SKÓLAMÁL** Grunnskólar Reykjanesbæjar fá hver um sig 250 þúsund króna styrk frá bæjaryfirvöldum. Styrkina á að nýta til að bæta nemendur 10. bekkja skólanna í stærðfræði og íslensku fyrir samræmd próf í vor.

Skólastjórum er samkvæmt vef Reykjanesbæjar gert að ákveða hvaða leið verði farin til verksins. Mögulegt sé að mynda námshópa í samvinnu við foreldra. Kennarar geti verið með ráðgjöf eða kennslu ásamt foreldrum eða að námsráðgjafar geri námsáætlanir fyrir nemendur svo þeir fái yfirsýn yfir námið.

- gag

Meintur hryðjuverkamaður:

# Laus gegn tryggingu

**BRETLAND, AP** Palestínskur maður sem grunaður er um tengsl við Osama bin Laden fær lausn úr fangelsi gegn tryggingu meðan mál hans er rannsóakað. Hann er einn ellefu útlendinga sem hefur verið haldið í breskum fangelsum um þriggja ára skeið án ákæru.

Mönnunum, sem allir eru grunaðir um hryðjuverk, er haldið á grundvelli umdeildrar löggjafar sem sett var skömmu eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september og veita stjórnvöldum rétt til að halda mönnum ótímabundið án þess að ákæra þá. ■

## EVRÓPA

**HERFORINGI FYRIR RÉTT** Réttarhöld hófust í gær yfir Sefer Halilovic, herforingja í her Bosníumúslima sem ákærður er fyrir stríðsglæpi í borgarastríðinu í Júgóslavíu. Hann er sagður hafa stjórnað fjöldamorðum á óbreyttum króatískum borgurum í þorpunum Grabovica og Uzdol.

**RICE HITTIR SCHRÖDER** Condoleezza Rice fer til Þýskalands í vikunni til viðræðna við Gerhard Schröder. Efst á dagskrá verður staða mála í Írak og kjarnorkuáætlun Írana.



# Heiftarleg markaðssetning

**Markaðssetning á verkjalyfinu Vioxx var mjög heiftarleg, segir Magnús Jóhannsson prófessor. Hann rifjar upp fund framleiðandans í Berlín, með stórum hópi lækna, meðal annars frá Íslandi þar sem Vioxx var lofsungið, en ekkert rætt um gallana.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Markaðssetningin á verkjalyfinu Vioxx var mjög heiftarleg, segir Magnús Jóhannsson prófessor í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands. Hann bendir á að framleiðandi lyfsins hafi farið í mikla auglýsingaherferð í Bandaríkjunum til að ná eyrum almennings. Þá sé frægur fundurinn sem haldinn var í Berlín, líklega fyrir tveimur og hálfu ári, á vegum fyrirtækisins.

„Þar var einungis fjallað um Vioxx og þangað boðið stórum hópi lækna, meðal annars frá Íslandi,“ rifjar hann upp. „Ég heyrði lýsingar af fundinum. Þar var talað daginn út og daginn inn um kosti lyfsins, en ekkert rætt um gallana. Mjög lituð umfjöllun. Svo var þessu ágæta fólki haldið uppi undir því yfirskini að þetta væri símenntun eða almenn fræðsla sem það var náttúrlega ekki. Það var eingöngu verið að vegsama þarna þetta eina lyf. Þetta er það dæmi sem ég hef heyrt um, en eflaust eru þau fleiri.“

Vioxx hefur verið tekið af markaði Í Evrópu og Bandaríkjunum vegna aukaverkana frá hjarta- og æðakerfi, sem geta valdið heilablóðfalli eða hjartaáfalli. Í kjölfarið ákváðu sérfræðinefnd Lyfjastofnunar Evrópu og Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna að taka þennan lyfjaflokk til gagngerrar skoðunar.



**MAGNÚS JÓHANNSSON**
Kom á óvart að framleiðandinn skyldi sjálfur taka Vioxx af markaði.

### Vioxx skilaði sínu

Magnús segir að komið hafi á óvart að framleiðandinn skyldi sjálfur taka lyfið af markaði. Margir hefðu viljað skýra það með því að umfjöllunin hafi verið orðin svo erfið fyrir hann og fyrirtækið væri búið að fá inn margfalt meira en sem numið hefði öllum kostnaði sem lagður hefði verið út. Lyfið hefði þannig verið búið að skila sínu.

„Það getur vel verið að það sé rétt, því Vioxx seldist alveg ótrúlega mikið,“ segir Magnús.

Spurður um hugsanlegar málssóknir á hendur fyrirtækinu vegna skaða sem sjúklingar telji sig hafa orðið fyrir af notkun þess segir hann að afar erfitt sé að sanna skaðsemi af völdum þess, nánast ómögulegt. Flestir sjúklinganna séu á þeim aldri að þeir geti verið farnir að fá æða- og hjartasjúkdóma af öðrum völdum. Þetta hafi meir að segja sýnt sig í thalidomid – málinu fyrr á árum. Þá hafi viðkomandi lyfjaframleiðandi getað náð samningum við fórnarlömbin. Sömu sögu hefði verið að segja um fyrstu getnaðarvarnartöflurnar sem hefðu haft í för með sér aukna hættu á tilteknum sjúkdómum. Tiltölulega fáir hefðu farið í málaferli. Þau hefðu orðið mjög langdregin og líklega litlu skilað.

„Það er hægt að sýna fram á samband í stórum faraldsfræðirannsóknum, en afar erfitt að sanna þetta í einstökum tilvikum. Þar getur verið um að ræða sjúkling sem kominn er með alvarlegan kransæðasjúkdóm, fer að taka svona lyf og fær áfall. Hann hefði fengið áfall hvort eð var.“

### Rannsakað hér

Magnús segir að verið sé að undirbúa rannsóknir hér á landi undir forystu Guðmundar Þorgeirssonar hjartalæknis á Landspítala háskólasjúkrahúsi, með þátttöku ýmissa lyfja- og heilbrigðisstofnana.

„Við höfum mun betri möguleika hér á Íslandi heldur en margir annars staðar til þess að athuga Vioxx og skyld lyf, það er COX – 2 hemla. Fyrir fáeinum árum voru sett hér lög um lyfjagagnagrunn, sem fór í gang 2001. Rannsóknin mun beinast að því að athuga hvort þessi lyf valdi hjarta- og heilaáföllum hér. Hægt er að finna út hverjir hafa fengið hjarta- og heilaáföll á þessum tíma og fletta síðan upp í grunn-inum og athuga hvort þetta fólk hefur verið að taka þessi lyf. Það er svo borið saman við samanburðarhóp,“ segir Magnús og bætir við að tilskilin leyfi þurfi að liggja fyrir áður en farið sé í slíka rannsókn, því strangar reglur gildi til að mynda um gagnagrunninn.

jss@frettabladid.is





Viðvörun landlæknis vegna verkjalyfs:

# Notkunin hefur aukist

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið sendi út viðvörun til lækna um að fara gætilega í ávísun verkjalyfsins celebra, sem er af sama flokki og Vioxx og fellur undir svokallaða COX-2 hemla. Að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis var viðvörunin send út í apríl vegna hugsanlegra aukaverkana Celebra á hjarta- og æðakerfi. Þetta lyf er enn á markaði hér.

Sé litið á kostnaðartölur vegna Celebra frá Tryggingastofnun ríkisins kemur í ljós að kostnaður vegna lyfsins hefur farið stighækkandi á árunum 2002-2004. Það er því ekki að merkja að dregið hafi úr notkun þess þrátt fyrir viðvaranir.

Þess má geta að lyfjafyrirtækið Pfizer tilkynnti undir áramót að klínísk langtímarannsókn á lyfinu celecoxíb hefði verið stöðvuð vegna aukinnar tíðni alvarlegra aukaverkana frá hjarta- og æðakerfi hjá sjúklingum sem fengu lyfið samanborið við þá sem fengu lyfleysu. Þetta er sama lyfið og er á markaði hér undir heitinu Celebra.

- jss

**KOSTNAÐUR VIÐ CELEBRA 2002-2004**

| | Greiðslur TR | Heildarkostnaður |
|---|---|---|
| 2002 | 9.385.656 | 13.726.199 |
| 2003 | 61.869.823 | 85.455.420 |
| * 2004 | 77.143.925 | 102.815.897 |

Árið 2004 eru gögn fyrir janúar – nóvember.
Heimild TR.



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON**



**KERRY Í VIÐTALI**
John Kerry hefur verið áberandi undanfarið.

John Kerry:

# Opinn fyrir framboði

**BANDARÍKIN** Demókratinn John Kerry hefur ekki gefið frá sér möguleikann að gefa kost á sér í forsetakosningunum 2008. Kerry hefur verið áberandi í viðtölum og á ferðalögum að undanförnu og reynir að halda þeirri stöðu sem hann náði í síðustu kosningunum.

„Ég tapaði fyrir sitjandi forseta, með minni mun en nokkur sitjandi forseti hefur nokkru sinni unnið endurkjör í sögu þjóðarinnar,“ sagði Kerry í viðtali við Tim Russert á NBC-sjónvarpsstöðinni á sunnudag. Hann kvaðst ekki hafa hugleitt framboð en ætlaði að halda möguleikum sínum opnum. ■

Ríkissaksóknari og Bandaríkjastjórn andmæla Ísraelsstjórn:

# Land Palestínumanna tekið eignarnámi

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hafa ákveðið að taka land palestínskra flóttamanna nærri Jerúsalem eignarnámi án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Ákvörðunin hefur fallið í grýttan jarðveg; ríkissaksóknari Ísraels fyrirskipaði rannsókn á henni og Bandaríkjastjórn hefur hvatt Ísraela til að falla frá áformunum.

Ísraelska stjórnin styðst við lög frá árinu 1950. Þau lög voru sett til að heimila ísraelskum stjórnvöldum að taka eignarnámi landsvæði Palestínumanna sem flýðu frá heimilum sínum í kjölfar stríðsins sem braust út þegar Ísraelsríki var stofnað 1948. Síðustu mánuði hafa Ísraelar tekið hundruð ekra lands eignarnámi af Palestínumönnum sem komast ekki lengur til jarða sinna vegna múrsins sem reistur hefur verið og skilur að byggðir Ísraela og Palestínumanna.

Bandarískir embættismenn tóku málið upp við ísraelska sendiráðsstarfsmenn í Washington og hvöttu Ísraela til að hætta við áformin.

Ríkissaksóknari Ísraels segir að ekki hafi verið ráðgast við embætti sitt um lögmæti aðgerðanna og því verði að skera úr um það. ■



ARIEL SHARON
Ísraelska ríkisstjórnin, undir forystu Sharon, ákvað að taka jarðir Palestínumanna nærri Jerúsalem eignarnámi. Ákvörðunin er talin tengjast andstöðu Ísraelsstjórnar við að Palestínumenn ráði nokkrum hluta Jerúsalem ef sjálfstætt Palestínuríki verður stofnað.

Allsherjarnefnd:

# Fischer á fimmtudag

**ALÞINGI** Fjallað verður um málefni bandaríska skákmeistarans Bobby Fischer á fundi í allsherjarnefnd Alþingis á fimmtudaginn.

Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, segir að tíminn milli funda sé notaður til að fara yfir málið og ákveða hvort kallað verður eftir frekari gögnum.

Hann kvaðst í samtali við Fréttablaðið í gær ekki eiga von á að svo yrði og heldur ekki að lokaákvörðun yrði tekin.

„Ég lít ekki svo á að við séum í tímapressu í þessu máli,“ sagði hann.

- ghs



HALLDÓR GRÖNVOLD

Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ:

# Stjórnin skal til aðstoðar

**VINNUMARKAÐUR** Ríkisstjórnin skal á hverjum tíma, þegar Fjarðaál fer fram á það og án ástæðulausrar tafar, gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða Fjarðaál sf. við að öðlast þau atvinnuleyfi sem nauðsynleg kunna að vera vegna starfsmanna eða verktaka Fjarðaáls eða sameigendanna. Þetta kemur fram í samningi ríkisins og Alcoa-Fjarðaáls vegna álversins í Reyðarfirði.

„Við spyrjum: Ber að skýra og skilja það sem er að gerast núna í þessu samhengi,“ spyr Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Í reglugerðardrögunum er „tekið á fæstu því sem við höfum verið að gagnrýna heldur er komin inn einhvers konar skilningur á því að erlend fyrirtæki hafi rúmar heimildir til að flytja inn þriðja ríkis borgara án atvinnuleyfa. Það er ný kenning,“ segir hann.

- ghs

Framsóknarkonur:

# Jafnréttisákvæðin hert

**STJÓRNMÁL** Framsóknarkonur ætla að leggja það fram á flokksþingi að það verði sett í lög félagsins að hvort kynið skipi ekki minna en 40 prósent af öllum ábyrgðarstöðum og framboðslistum.



UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR

Bryndís Bjarnarson, formaður jafnréttisnefndar Framsóknarflokksins segist eiga von á að fá tillöguna samþykkta. „Þetta verður til þess að fléttulistar verði teknir upp í Framsóknarflokknum og verðum við hugsanlega fyrst allra stjórnmálaflokka til þess,“ segir hún.

„Þó að flestum sé ljóst að jafnréttisáætluninni er auðvitað ætlað að styrkja og bæta hlut kvenna í öllu starfi flokksins þá hafa sumir til dæmis viljað túlka áætlunina svo að ekki væri átt við ráðherra flokksins,“ segir Una María Óskarsdóttir, formaður LFK.

- sda



# SKULDABRÉFASJÓÐIR

| Íslensk skuldabréf – löng | Nafnávöxtun árið 2004 |
|---|---|
| Ríkisverðbréfasjóður – langur | 14,3% |
| **Íslensk skuldabréf – meðallöng** | |
| Markbréf | 11,5% |
| Ríkisverðbréfasjóður – millilangur | 10,9% |
| Kjarabréf | 10,5% |
| **Íslensk skuldabréf – skammtíma** | |
| Hávaxtasjóður [1] | 10,6% |
| Skammtímasjóður [1] | 9,5% |
| **Peningamarkaðssjóðir** | |
| Peningamarkaðssjóður [1] | 7,5% |
| **Alþjóðleg skuldabréf** | |
| Euro Bond Class | -2,0% |
| US Bond Class | -7,2% |

# HLUTABRÉFASJÓÐIR

| Íslensk hlutabréf | Nafnávöxtun árið 2004 |
|---|---|
| Úrvalsvísitölusjóður [2] | 57,7% |
| ÍS-15 [1] | 47,0% |
| Einingabréf 9 [1] | 43,7% |
| Icelandic Equity [3] | 40,3% |
| **Blönduð verðbréf** | |
| Hlutabréfasjóður BÍ hf. | 29,5% |
| Eignastýringarsjóður [1] | 16,5% |
| **Alþjóðleg hlutabréf – global** | |
| Global Value | 3,1% |
| KMS Global Equity | -2,6% |
| KMS Global Sector | -3,1% |
| KMS International Equity | -3,6% |
| Global Growth | -8,4% |
| **Alþjóðleg hlutabréf – markaðir** | |
| Nordic Growth Class | 9,4% |
| KMS Europe | 6,0% |
| KMS New Opportunities | 3,6% |
| KMS Asia | -1,5% |
| KMS America | -9,4% |

# LÍFEYRISSPARNAÐUR

| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | Nafnávöxtun árið 2004 |
|---|---|
| Frjálsi I | 13,8% |
| Frjálsi II | 14,6% |
| Frjálsi III* | 10,3% |
| **Vista** | |
| Vista I | 11,9% |
| Vista II | 14,0% |
| Vista III | 11,8% |
| Vista IV | 12,9% |
| Vista V* | 10,3% |
| **Lífeyrisauki** | |
| Lífeyrisauki I | 11,9% |
| Lífeyrisauki II | 15,0% |
| Lífeyrisauki III | 10,9% |
| Lífeyrisauki IV | 13,5% |
| Lífeyrisauki V* | 10,3% |

* Verðtryggðir innlánsreikningar

ENNEMM / SIA / NM15038

[1] Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingaheimildum sem geta meðal annars leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

[2] Vísitölusjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessir sjóðir endurspegla eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra.

[3] Icelandic Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þarlendum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingaheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka

Upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða er að finna á vefsíðu Lánstrausts www.sjodir.is sem er óháður aðili.

# ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2004

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka bar ríkulega ávöxtun árið 2004. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða kemur bankinn til móts við þarfir viðskiptavina, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir ætla að fjárfesta til framtíðar eða skemmri tíma.

KB BANKI

- kraftur til þín!

www.kbbanki.is

24 stundir

EFTIRMÁL – HÖGGMYNDASÝNING ÁRNA JOHNSEN Í REYKJANESBÆ

# Skemmtileg uppákoma

Tæpt ár er liðið síðan sýning á steinskúlptúrum Árna Johnsen hófst í Gryfjunni í Duushúsum í Reykjanesbæ. Sýningin vakti athygli á sínum tíma enda var Árni þekktur fyrir flest annað en höggmyndalist. „Þetta var með best sóttu sýningunum okkar á árinu,“ segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar. Rétt innan við þrjú þúsund manns skoðuðu verkin.

Menningarmálayfirvöld í Reykjanesbæ máttu þola nokkra gagnrýni fyrir að taka Árna Johnsen upp á sína arma og þótti sumum sem hann gæti vart talist listamaður og ekki samboðinn listasafni Reyknesinga. Valgerður rifjar þetta upp. „Annars vegar erum við með sýningar á vegum Listasafns



**VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
„Þetta var með best sóttu sýningunum okkar.“

Reykjanesbæjar í listasalnum sjálfum og þar eru sex til sjö sýningar á ári á verkum viðurkenndra listamanna. Hins vegar styðjum við líka við sýningar í öðrum sýningarsölum í bænum þar sem lista- og handverksfólk sýnir verk sín. Árni Johnsen tilheyrði þeim hópi.“ Eftir sýninguna í Gryfjunni sýndi Árni verkin á Stokkseyri og í Smáralind þar sem enn fleiri börðu þau augum. Og hann skildi eftir sig menjar í Reykjanesbæ, gaf bænum eitt verk, en það hefur enn ekki verið sett upp.

„Mér fannst þetta vera mjög skemmtileg uppákoma sem átti ekki að vera til annars en að gleðja heimamenn og gesti,“ segir Valgerður menningarfulltrúi. Óhætt er að segja að sýningin hafi uppfyllt þær kröfur.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**UM ÞÚSUND RÚTUR ERU Á ÍSLANDI**
Samkvæmt vef Samtaka ferðaþjónustunnar.



**BLÁTT BLÓÐ Í STÓRA EPLINU**
Friðrik krónprins Danmerkur og spúsa hans María eru nú í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum. Á myndinni sjást þau ganga út úr Skandínavíska húsinu í New York en þar sátu þau hátíðarsamkomu á sunnudag.

Rigningin í Reykjavík:

## Rúðuþurrkurnar endurnýjaðar

**BÍLLINN** Annir hafa verið á bensínstöðvum síðustu daga þar sem fólk hefur streymt að til að skipta um rúðuþurrkur, eða vinnukonur eins og sumir kjósa að kalla þær. „Þetta byrjaði bara um leið og fór að hlýna og rigna í síðustu viku,“ sagði starfsmaður á einni bensínstöðinni í samtali við Fréttablaðið. Hann segir fólk gera misjafnar kröfur til þurrkanna, sumir vilji að þær sópi hverjum einasta dropa af framrúðunni en öðrum nægi að sjá sæmilega vel út. „Ef vel á að vera þarf að skipta um þurrkur á hálfs árs fresti,“ sagði annar. Þurrkan leggur sig á rétt tæpan þúsundkall og kostar parið því innan við tvö þúsund krónur.

**- bþs**


Nýjung á Íslandi

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI

Opið hús

í dag þriðjudag 1. febrúar
og á morgun miðvikudag 2. febrúar
milli kl. 15 og 18,
að Lækjarbrún 5, Hveragerði.

Heitt á könnunni



Þjónustuhús ÍAV við Lækjarbrún í Hveragerði veita þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Húsin eru sérlega glæsileg, hönnuð af Hróbjarti Hróbjartssyni arkitekt hjá VA arkitektum og eru staðsett rétt við Heilsustofnunina. Rómuð náttúrufegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu og kyrrð smábæjarins – allt hjálpar til við að gera Hveragerði að sælureit og þjónustuhús ÍAV að ákjósanlegum stað til að búa á.

Nánari upplýsingar

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími **530 4200**. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar **www.iav.is**.

ÍAV

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is.




**KATRÍN BERNHÖFT**
„Ég veit ekki hvort ég vil verða milljónamæringur í peningum eða hamingju.“

# Betra líf á fjórum dögum fyrir 60 þúsund krónur

**Hvatningarþjálfarinn Anthony Robbins er sagður geta breytt lífi fólks á aðeins fjórum dögum. Útlit er fyrir að um eitt hundrað Íslendingar sitji námskeið hans í Lundúnum í maí. Miðinn kostar 60 þúsund krónur .**

„Þetta er algjörlega frábært. Þrátt fyrir ungan aldur hef ég stúderað þetta í mörg ár og farið á mörg námskeið og þetta er það besta,“ segir Katrín Bernhöft, 27 ára viðskiptafræðingur og áhugamaður um svonefnd árangursfræði. Hún stendur ásamt vinkonu sinni fyrir hópferð Íslendinga á námskeið hjá hvatningarþjálfaranum Anthony Robbins í Lundúnum í maí og er fullyrt að námskeiðið muni breyta lífi fólks. „Anthony Robbins er vinsælasti hvatningarfyrirlesari í heiminum í dag. Hann hefur verið að í 27 ár, byrjaði bara sautján ára.“

Námskeiðið ber yfirskriftina Unleash the Power Within eða Leystu orkuna úr læðingi. Í stuttri umsögn snýst það um að brjótast úr viðjum vana, komast yfir ótta og takmarkandi trú, ná markmiðum og átta sig á eigin þrám, breyta draumum í raunveruleika, búa til og viðhalda fullnægjandi samböndum og afrita áætlanir þeirra sem ná hámarksárangri til að gerbreyta eigin lífi.

Fyrir orð vina fór Katrín á námskeið hjá Robbins í Lundúnum október og varð fyrir nýrri upplifun. Tólf þúsund manns sátu námskeiðið og þrátt fyrir margmennið náði hann eyrum hennar og vel það enda á hún vart til orð til að lýsa áhrifunum. Ögn færri komast að í maí, átta þúsund manns. Uppselt er á námskeiðið utan hvað Katrín á nokkra miða í fórum sínum. Stykkið kostar 60 þúsund krónur á mann, sem þykir lítið því miðinn kostar alla jafna 150 þúsund krónur í svipuð sæti. „Við erum svo fámenn að það er allt gert fyrir okkur,“ segir Katrín. Hún er viðskiptafræðingur og lokaverkefnið hennar fjallaði um árangursfræði. Bar það yfirskriftina „Sjálfgerðir milljónamæringar. Hafa allir jafna möguleika?“ Þar velti hún fyrir sér hvort allir hefðu jafna möguleika á að verða ríkir. Og niðurstaðan? „Það hafa kannski ekki allir hundrað prósent jafna möguleika en allir hafa möguleika. Svo getur fólk aukið möguleika sína með námi og öðru.“ Sjálf hefur Katrín ekki almennilega gert upp við sig hvort hún vilji eignast ógrynni peninga. „Ég veit ekki hvort ég vil verða milljónamæringur í peningum eða hamingju. Það fer eftir því hvernig maður lítur á það. En auðvitað ætlar maður að verða þvílíkt glaður,“ segir hún og hlær.

Katrín lætur vel af Anthony Robbins þó ekki þekkist þau persónulega. Hann á fjölmörg fyrirtæki á ýmsum sviðum og lætur jafnan gott af sér leiða. „Hluti af ágóða hans rennur til góðgerðarmála og hann býður alltaf einhverjum hópum á námskeiðin sín, til dæmis nemum eða þeim sem minna mega sín að einhverju leyti.“

Ekki er að fullu ljóst hve margir Íslendingar sitja í salnum stóra hjá Anthony Robbins í maí en Katrín segist búast við að þeir verði hátt í eitt hundrað. „Það vilja allir gera betur í skammdeginu,“ segir hún og bætir við að ekki sé nokkur leið að fá hann til Íslands til fyrirlestrahalds. „Við reyndum það fyrst en hann er bara allt of stór fyrir íslenskan markað.“

**bjorn@frettabladid.is**



**ANTHONY ROBBINS** Mun vera vinsælasti hvatningarfyrirlesari heims.

Formaður sauðfjárbænda ánægður með auknar vinsældir lopapeysunnar:

# Náttúrulegar vörur inni



**JÓHANNES SIGFÚSSON**
Á þrjár lopapeysur en enga flíspeysu.

„Þetta eru virkilega góðar fréttir,“ segir Jóhannes Sigfússon, bóndi á Gunnarsstöðum á Langanesi og formaður Landssambands sauðfjárbænda. Fréttablaðið greindi frá því í gær að íslenska lopapeysan væri komin í tísku á ný og að sala á lopa hefði stóraukist. Gunnar er vitaskuld hrifinn af þróuninni og hefur sína kenningu um ástæðurnar. „Eru ekki náttúrulegar vörur inni, eins og sagt er? Ég held að vörur úr íslenskri ull njóti þess að vera náttúrulegar, fólk vill ganga í slíkum vörum.“

Ekki er við því að búast að hagur sauðfjárbænda vænkist að ráði bara vegna aukinna vinsælda lopapeysunnar en hver kind gefur af sér um tvö kíló af ull, sem dugar í tvær peysur.

Jóhannes sér þó fyrir sér að sala á ull í íslensku sauðalitunum geti vaxið. „Íslensku sauðalitirnir þykja sérstakir og útlendingar eiga erfitt með að trúa að þeir séu náttúrulegir.“

Sjálfur er Jóhannes mikill lopaleysukall og segir þær meðal sinna bestu flíka. „Ég á einar þrjár lopapeysur og ein þeirra er betri peysa,“ segir hann og tekur fram um leið að enga eigi hann flíspeysuna. „Ég hef ekki mikið uppáhald á flísinu. Ef þú ert í góðri stormþéttri úlpu og lopapeysu innan undir ertu í mjög góðum málum og þannig klæddur fer ég til dæmis í göngur.“ Að sama skapi notar hann ullarvettlinga að ógleymdum lopasokkunum, „sem eru nú það besta sem til er“.

- **bþs**



**RÉTTAÐ Í RÉTTU FLÍKINNI.**

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN





Verð áður frá 2.160.000
Verð nú frá 1.990.000
Subaru Impreza Sedan
Subaru Impreza Station

=170.000
króna gengishagnaður

Hagstætt gengi gjaldmiðla og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Subaru Impreza er búinn mörgum kostum jeppa: hann er fjórhjóladrifinn, sterkbyggður og geysilega öflugur. Að auki er hann eini fjórhjóladrifni bíllinn í þessum flokki sem býðst sjálfskiptur. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

IMPREZA
Verð á mán 23.052,-*



LEGACY
Verð frá: 2.340.000 kr.
Verð á mán: 27.776 kr.*



OUTBACK
Verð frá: 3.540.000 kr.
Verð á mán: 40.974 kr.*



FORESTER
Verð frá: 2.430.000 kr.
Verð á mán: 28.123 kr.*

Í samstarfi við SP
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fiton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |




Sumarhúsa-
eigendur
og aðrir
farþegar
til Spánar!

Alicante
Beint leigu-
flug með
Icelandair
í allt sumar!

Netverð frá
19.950 kr.
Flug fram og til baka
með flugvallarsköttum.

Flugáætlun
19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla
miðvikudaga
í sumar til
5. október.

Fyrstir koma
- fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé
á Netinu, ef bókað er í síma eða
á skrifstofu bætast 2.000 kr.
við hverja bókun.

plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Talið er að meira en 60% kjósenda hafi neytt atkvæðisréttar síns í kosningunum í Írak.

## Góð þátttaka í Írak vekur vonir

Þátttaka í kosningunum í Írak um helgina fór fram úr björtustu vonum. Talið er að meira en 60% kjósenda hafi neytt atkvæðisréttar í þessum fyrstu kosningum sem efnt er til í landinu í 50 ár. Fyrir kosningarnar var haft á orði að það yrði sigur ef meira en helmingur þeirra sem ættu rétt á að kjósa notuðu rétt sinn.

Það ber að hafa í huga varðandi tölur um góða kjörsókn að mikill munur var á þátttöku súnnía og sjía. Alls höfðu um fjórtán milljónir manna kosningarétt og kosið var á um fimm þúsund stöðum. Eins og við var búist skiluðu sjíar sér best á kjörstað, sérstaklega þeir sem búa í sunnanverðu landinu, en meðal súnnía var þátttakan mun minni, en náði þó sums staðar allt að 40 af hundraði að því er talið er. Þá var mjög góð þátttaka meðal Kúrda, sem eru aðallega í norðurhluta landsins. Alls höfðu um fjórtán milljónir manna kosningarétt og kosið var á um fimm þúsund stöðum. Það líða því nokkrir dagar áður en úrslit kosninganna liggja fyrir.

Þessi góða þátttaka í kosningunum í Írak hefur verið túlkuð sem sigur lýðræðisaflanna yfir hryðjuverkamönnum í landinu. Þessi sigur var þó ekki án fórna því alls létust 44 á kosningadaginn, þar af 9 sjálfsmorðssveitamenn. Þeir höfðu haft í hótunum fyrir kosningarnar og margir óttuðust að hótanir þeirra yrðu til þess að kjósendur þyrðu ekki á kjörstað. Langþráð ósk um að fá að kjósa í frjálsum kosningum varð hins vegar óttanum um hryðjuverk yfirsterkari, og þess vegna tók meirihluti þjóðarinnar þátt í kosningunum. Miklar öryggisráðstafanir voru líka á kjörstöðum, og eflaust hafa þær haft sitt að segja. Hugsanlegt er að hryðjuverkahótanir hafi haft meiri áhrif á súnnía, og þeir því frekar setið heima, eða þá að þeir hafi með hjásetu viljað sýna andstöðu sína við erlendar hersveitir í landinu.

Þjóðarleiðtogar víða um heim hafa fagnað góðri þátttöku í kosningunum og Bush Bandaríkjaforseti sagði í ávarpi á sunnudagskvöld að rödd frelsisins heyrðist nú frá Írak. Allawi, bráðabirgðaforsætisráðherra Íraks, sagði í gær að kosningarnar hefðu verið mikill sigur yfir hryðjuverkamönnum. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, fagnaði úrslitunum einnig en kvaðst vona að fleiri tækju þátt í kosningum í Írak síðar á árinu.

Þótt kosningarnar sjálfar hafi tekist vel er ekki þar með sagt að leiðin sé bein og breið fram undan. Hryðjuverkamenn munu áfram láta að sér kveða í landinu og margir munu verða að færa fórnir áður en fullkomnu lýðræði verður komið þar á. Eftir er að telja atkvæði og birta úrslit kosninganna. 275 fulltrúar eiga sæti á stjórnlagaþinginu sem kosið var til á sunnudag, og er gert ráð fyrir að þingið velji sér forseta og tvo varaforseta, sem síðan velja forsætisráðherra og ríkisstjórn. Eitt aðalverkefni þingsins og hinnar nýju stjórnar verður að semja stjórnarskrá landsins, sem síðan verður borin undir atkvæði í haust, og í kjölfar samþykktar hennar verður aftur efnt til kosninga í landinu. Það er mikið verk fram undan í stríðshrjáðu Írak, og margt getur gerst þar fram til áramóta. Vissulega vekja kosningarnar á sunnudag þó vonir um lýðræði og frelsi hjá þessari þjóð sem í áraraðir hefur verið undir harðstjórn einræðisherra. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Spin doctor“

Núningur á framsóknarmenn og frétta- og blaðamenn upp á síðkastið hefur leitt til þess að hinir síðarnefndu hafa æ oftar gripið til enska slangursins „Spin doctor“ þegar þeir lýsa meintri viðleitni hinna fyrrnefndu til að afvegaleiða fjölmiðla með því að hagræða



upplýsingum eða leggja út af þeim á þann hátt sem hagstæðastur er fyrir Framsóknarflokkinn og forystumenn hans. En einkennilegt er að sjá „spin doctor“ ítrekað þýtt sem „spunalæknir“ á íslensku, enda er hugtakið alls óskylt læknisfræði. Nær er að tala um spunameistara enda er merkingin sú að viðkomandi leggi sig í framkróka um að ná leikni í að spinna upp viðfelldnar skýringar á málstað og verkum stjórnmálamanna og vinna markvisst að því að koma þeim á framfæri við almenning og fjölmiðla. Í þeirri merkingu er hugtakið notað um fjölmiðlafulltrúa, aðstoðarmenn ráðherra og starfsmenn í áróðursdeildum stjórnmálaflokka.

### Vefarar

Handbækur segja að „Spin doctor“ í hinni pólitísku merkingu hafi fyrst komið fram um miðjan níunda áratuginn. Á undanförnum árum hefur mest borið á notkun þess í umfjöllun fjölmiðla um aðstoðarmenn Tony Blair forsætisráðherra Bretlands. Fyrrverandi blaðafulltrúi hans og ráðgjafi, Alastair Campbell, sem hér sést á mynd, var yfirleitt ekki nefndur annað en spunameistari í breskum blöðum meðan hann var og hét. Annars er til eldra íslenskt orð um slíka áróðursmenn stjórnmálaflokka. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, hinn þjóðkunni blaðamaður á Alþýðublaðinu, kallaði þá „vefara“ í lok sjötta áratugarins. Hann notaði orðið fyrst 1960 í ritgerðinni „Vígamaður í sófa“ sem fjallaði um Finnboga Rút Valdimarsson alþingismann. Er hana að finna í greinasafninu „Menn sem ég mætti“ (1969).

gm@frettabladid.is

## Um þreytu stjórnmálamanna

Í DAG
ÞREYTA OG STJÓRNMÁL



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

„Mamma þvoði og þvoði. Mamma varð þreytt á að þvo“. Þetta var mamma Stubbs. Nú er svona komið fyrir mörgum stjórnmálamönnum; þeir eru ákaflega þreyttir á stjórnmálaumræðunni. Forsætisráðherrann er voða þreyttur á Íraksmálinu og segir að svo sé einnig með alla aðra. Ég veit ekki hverjir þessir allir eru, en það skiptir ekki máli. Blaðamenn leggja forsætisráðherrann í einelti segja fylgismenn hans. Blaðamennirnir eru að reyna að fá réttar frásagnir af því hvernig staðið var að ákvörðuninni um að vera á lista yfir staðfastar og viljugar þjóðir þegar Bandaríkin réðust á Írak.

Enginn virðist vita hvernig þetta var allt saman. Fyrrverandi ráðherra man ekki hvort hún var á fundinum þar sem þetta var rætt eða hvort þetta hafi verið rætt. Hún þurfti meira að segja að fletta upp á heimasíðunni sinni hvort hún hefði verið á landinu eða hvort fundurinn hefði verið haldinn; ég skildi ekki af hvorri ástæðunni hún fór inn á heimasíðuna. En það er náttúrlega svo oft sem ákveðið er að fara í stríð, að það er ekki furða þó fólk sé ekki að leggja slík smáatriði á minnið. Forsætisráðerrann segir í tímamótaviðtali í Mogga að hann hafi ákveðið að benda á staðreyndir máls. „En það gera menn ekki nema menn telji sig knúna til þess,“ segir hann. Kannski ekki furða þó almenningur sé svolítið og jafnvel voða þreyttur ef menn skýra ekki frá staðreyndum máls fyrr en í lengstu lög.

Ögmundur Jónasson er voða þreyttur á því að Samfylkingin ætli að kjósa sér formann og vonast til að það taki af sem fyrst. Ég átta mig nú ekki alveg á hvað það kemur Ögmundi við því hann er ekki í Samfylkingunni, en svona geta konur nú verið skilningssljóar. Ég hitti líka ágætan sjálfstæðismann sem haldinn er þessari þreytu og telur það lýsa hroka Ingibjargar Sólrúnar að vilja vera formaður Samfylkingarinnar. Í Samfylkingunni er hins vegar fullt af fólki sem er bara alls ekkert þreytt og ætlar að taka sér sinn tíma til að kjósa sér formann án afskipta frá öðrum. Það lýsir kannski hroka þeirra sem eru í Samfylkingunni en hvorki þingmenn né sveitarstjórnarmenn að þeir hafa skoðun á því hver á að vera formaður flokksins. Sumir þeirra knýja á Ingibjörgu Sólrúnu um að bjóða fram krafta sína til þeirra starfa, aðrir hvetja Össur til að halda áfram; bæði verða þau við kallinu og þá er bara að kjósa. Það er nú ekki flóknara en það. Almennir flokksmenn eru kannski bara orðnir þreyttir á því að kjörnir fulltrúar halda að stjórnmál snúist fyrst og fremst um þá og þeirra andlegu líðan en ekki vilja kjósenda.

> **Nú er svona komið fyrir mörgum stjórnmálamönnum; þeir eru ákaflega þreyttir á stjórnmálaumræðunni. Forsætisráðherrann er voða þreyttur á Íraksmálinu og segir að svo sé einnig með alla aðra.**

Sumir þingmenn eru líka orðnir ákaflega þreyttir á því að fólk skilur ekki að ef þeir komast einu sinni á þing, hvað þá ef þeir verða ráðherrar, þá geta þeir aldrei eftir það unnið almenna vinnu. Þess vegna þarf að sjá til þess að þeir komist á eftirlaun svo ekki þurfi að vera að útvega mönnum sporslur úti um allt. Autðvitað, segir voða þreyttur þingmaður Sjálfstæðisflokksins, eiga þingmenn ekki að hlíta sömu lögmálum og annað fólk, það er löngu ákveðið.

Hins vegar var ekki til þess ætlast að upp um það kæmist að menn fara á eftirlaun á meðan þeir eru á fullum launum annars staðar. Voru það ekki þessir þreytandi blaðamenn sem komust að því? Svo þá verður því bara breytt, óþarfi að kalla þetta mistök, segir þreytti þingmaðurinn. Hann og Moggi hrósa þreytta forsætisráðherranum fyrir að ætla að breyta lögunum sem hann lagði fram fyrir ári síðan. Væri ekki nær að nema þessi hneykslanlegu lög frá því í fyrra úr gildi? Hvernig stendur á því að þeim dettur það ekki í hug? Ég er alveg viss um að þjóðin mundi fagna slíkri hugmynd og kjörnir fulltrúar nytu meiri virðingar eftir að þeir hefðu samþykkt slíkt frumvarp en þeir hafa lengið notið hér á landi og þreyta kjósenda ryki út í verður og vind. ■

## ORÐRÉTT

### Skattabragð

*Hversu ferskt og gott sem lambið er þá fylgir því ávallt gamla óbragðið af stuðningnum sem sauðfjárbændur fá í gegnum skattpeningana okkar allra.*

**Víkverji í umfjöllun um „þjóðlega lambakjötið“.**

**Morgunblaðið 31. janúar.**

### Heyrt þennan áður?

*Eyfirðingar – tækifærið er núna!*

**Halldór R. Gíslason, verkefnisstjóri Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.**

**Morgunblaðið 31. janúar.**

### Fjölbreytni dýraríkisins

*Dóttir rokkhunds og Playboykanínu.*

**Fyrirsögn í DV 31. janúar.**

### Ekki öfugt?

*Logið að Halldóri.*

**Jónas Kristjánsson tekur upp hanskann fyrir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.**

**DV 31. janúar.**

### Bubbi, taktu eftir!

*Mér finnst þátturinn ömurlegur. Af hverju slekkur fólk ekki frekar á sjónvarpinu og fær sér góða bók að lesa?*

**Kolbrún Bergþórsdóttir bókmenntafræðingur um Idol Stjörnuleit Stöðvar tvö.**

**DV 31. janúar.**

### Nú skýrist málið

*Sérkjör kennara ekki í höndum Garðabæjar.*

**Fyrirsögn í Fréttablaðinu 31. janúar.**

### En þjóðina?

*Til skammar fyrir landið.*

**Sif Ormarsdóttir læknir ávítar íslenska lækna fyrir að tilkynna ekki um aukaverkanir lyfja.**

**Fréttablaðið 31. janúar.**

### Er það ekki óhugsandi?

*Lögfræðingur fær samvisku.*

**Fyrirsögn fréttar um sjónvarpsdagskrána.**

**Fréttablaðið 31. janúar.**

### Gott að vita fyrir næsta leik

*Hvert er hlutverk Dags Sigurðarsonar í íslenska landsliðinu í handbolta? Er hann frekar þjálfari en leikmaður?*

**Vignir Guðjónsson íþróttafréttamaður spáir í handboltann.**

**Fréttablaðið 31. janúar.**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10.07 | 13.41 | 17.16 |
| AKUREYRI | 10.05 | 13.26 | 16.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**
Í dag er þriðjudagur 1. febrúar, 32. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

## Smáauglýsingar
*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 75 stk.
**Keypt & selt** 14 stk.
**Þjónusta** 37 stk.
**Heilsa** 9 stk.
**Skólar & námskeið** 4 stk.
**Heimilið** 13 stk.
**Tómstundir & ferðir** 3 stk.
**Húsnæði** 17 stk.
**Atvinna** 18 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

# allt

## heilsa o.fl.



Grænn og góður skyndibiti
BLS. 2

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



„Ég er mikið fyrir slökun og hreyfi mig ekki eins hratt og ég gerði, þannig að ég er ofboðslega rólegur," segir David Lynch.

# Þróar sinn eigin stíl

***David Lynch stundar Tai Chi reglulega og segir kosti þess margþætta.***

„Tai Chi hentar mér mjög vel þar sem líkamlegar og andlegar æfingar sameinast. Svo þarf ekkert að hafa fyrir þessu, manni nægir smá pláss og getur jafnvel gert þetta heima hjá sér," segir David Lynch, sviðstjóri alþjóðasviðs Rauða Krossins, sem hefur stundað Tai Chi í næstum 15 ár.

David ferðast mjög mikið og gerir hann æfingarnar oft á hótelherberginu sínu, en hann sækir einnig tíma í Heilsudrekanum.

„Ég hef alltaf verið mikill keppnismaður og keppti meðal annars í rúgbí og hljóp maraþon. Mér finnst ágætt að stunda íþrótt þar sem keppni skiptir engu máli, og líkar mér vel við þann hugsunarhátt," segir David og tekur það fram að hver og einn getur stundað Tai Chi á sínum hraða.

„Ég er mikið fyrir slökun og hreyfi mig ekki eins hratt og ég gerði, þannig að ég er ofboðslega rólegur. Hins vegar er líka hægt að dansa Tai Chi, og það er einn strákur í tímum í Heilsudrekanum sem hefur áhuga á að læra það með sverði og spjóti," segir David. Mikilvægt segir hann að fólk læri grunninn vel en svo geti fólk mætt í tíma eins og því henti og þróað sinn eigin stíl.

„Maður reynir heilmikið á sig og þó ég geri allt hægt og rólega kem ég rennandi sveittur út úr tíma," segir David og hlær. „Það er svo gott að finna vöðvana sem eru upptrekktir allan daginn slakna smátt og smátt og teygjast aðeins," segir David, sem sækir Tai Chi í Heilsudrekanum tvisvar í viku og stundar einnig æfingar heima. „Þegar mikið álag er í vinnunni virkar Tai Chi eins og mótefni við því," segir David, sem getur ekki hugsað sér lífið án þess. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í heilsu*

**Lyf við Alzheimersjúkdómnum** hafa einnig góð áhrif á fólk sem hlotið hefur heilaskaða vegna slysa. Alzheimerlyfið örvar efni í heilanum sem heitir acetylkolin og hjálpar upp á virkni heilafrumanna. Vísindamenn við háskólann í Cambridge gerðu rannsókn á 31 einstaklingi sem hafði fengið mismunandi alvarleg einkenni eftir slys á höfði og fundu út að Alzheimerlyfið jók á möguleika sjúklinganna til lærdóms, bætti minni og hjálpaði þeim við einbeitingu. „Við erum vongóðir um að rannsóknin geti vísað okkur veginn til réttrar meðhöndlunar á þessum sjúklingum," segir vísindamaðurinn Clarie Salmond á breska BBC-netmiðlinum.

**Tannverndarvika** hófst í gær, 31. janúar, og stendur til 6. febrúar. Að þessu sinni er lögð



áhersla á áhrif reykinga á tannheilsu. Langvarandi reykingar eða notkun á munntóbaki getur haft mikil áhrif á munnheilsu hvers og eins. Aukin hætta er á ýmsum sjúkdómum og tennurnar litast gular. Einnig er í munntóbaki sætuefni sem geta valdið tannskemmdum og ertandi efni sem geta valdið óafturkræfum skemmdum á tannholdi og slímhúð. Fjöldi tannlækna um allt land býður ókeypis skoðun og ráðgjöf þessa viku.

*heilsa@frettabladid.is*

RÝMINGARSALA
20% afsláttur af Nordsjö málningu
þúsundir fermetra af flísum á lækkuðu verði
Flísar frá kr. 790 m²
Hornbaðker m/ nuddi og framhlið 140 x 140 kr. 115.000
Filtteppi kr. 295 m²
Sturtuhorn 80 x 80 gler kr. 12.900
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755 • www.alfaborg.is

**Eyrnatappar**
Notaðu eyrnatappa til að vernda heyrnina ef þú ert í hávaðasömu umhverfi því heyrnarskemmdir er ekki hægt að bæta. Eyrnatappar eru til af ýmsum gerðum og jafnvel hægt að hafa með sér eyrnatappa á tónleika án þess að það útiloki að maður heyri tónlistina vel.





Sæmundur býður upp á hollt grænmetisfæði til að taka með.

# Grænn skyndibiti og góður

***Í Bláu húsunum er Á næstu grösum komið í samkeppni við aðra skyndibitastaði á svæðinu.***

Skammt frá McDonalds, í Bláu húsunum við Faxafen, má finna aðeins öðruvísi skyndibitastað. Þar ræður ríkjum Sæmundur Kristjánsson, kokkur sem hefur rekið veitingastaðinn Á næstu grösum undanfarin sex ár. „Ég var alltaf veikur fyrir grænmetisfæði og reyndi að koma grænmetisréttum að í þeim eldhúsum sem ég kom nærri. Svo bauðst mér að taka við Á næstu grösum á Laugaveginum og sá þar tækifæri til að þróa áfram þetta áhugamál mitt.“

Lítið er um stóla og borð Á næstu grösum í Faxafeni enda er staðurinn miðaður við að fólk taki matinn með sér. Hægt er að fá þrjár mismunandi stærðir af bökkum sem má fylla af mat að eigin vali. En hvað er á boðstólum? „Ég býð bæði upp á rétt dagins og svo getur fólk valið milli sex heitra og sex kaldra rétta. Í heita borðinu er yfirleitt einn sterkur tælenskur réttur, einn ítalskur, bökur og buff. Annars fer úrval réttanna eftir því hvað okkur langar að elda hverju sinni. Allt er þetta auðvitað grænmetisfæði og allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er hugsað sem heilsteypt máltíð en svo er líka hægt að ná í gott og öðruvísi meðlæti með kjötinu og fiskinum. Ég bendi fólki á þennan möguleika og margir fara til dæmis fyrst á Fylgifiska að ná sér í tilbúinn fiskrétt og kemur svo til mín og nær í meðlætið.“

Hvernig fólk sækir staðinn helst? „Allskonar fólk og ekki hægt að taka neinn einn hóp út frekar en annan. Konur eru oft opnari fyrir svona mat en ég er stundum með troðfullan stað af karlmönnum svo karlmenn eru greinilega farnir að læra að borða grænmeitsfæði.“ Og er allt jafn meinhollt? „Maturinn er auðvitað grænmetisfæði og mikið lagt upp úr hollustunni. Svo er ég með 4-5 tegundir af hollum kökum, ýmist sykur- eða hveitilausar nema hvort tveggja sé. En svo er ég líka með eina ekta franska súkkulaðiköku, því fólk verður að geta sleppt fram af sér beislinu ef það vill. Vinsælasta kakan hjá okkur er pecankaka með döðlubotni og brúnum sykri. Í Faxafeninu býð ég alltaf upp á nýbakað möffins.“

Hvaða réttur er vinsælastur? „Réttur dagsins er auðvitað vinsælastur hverju sinni og mest keypt af honum. En þessa dagana er það caneloni með kotasælu og kryddjurtum sem allir eru jafnhrifnir af.“

Eftirfarandi uppskriftir getur fólk prófað sjálft til að komast á bragðið.



Gulrótarmús, grískur kjúklingabaunaréttur og bökur með grænmeti.

### Gulrótarmús

500 g gulrætur
2 rauðar paprikur
1 egg
2 stilkar fáfnisgras
5 stilkar steinselja
salt og pipar

Gulrætur og paprikur eru hreinsaðar og gufusoðnar. Allt er síðan sett í matvinnsluvél og hakkað saman. Sett í jólakökuform klætt plast filmu og bakað í vatnsbaði í um 40 mín við 150°c. Með þessu er mjög gott að bera fram sveppasósu og léttbakað grænmeti með kryddsmjöri.

### Grískur kjúklingabaunaréttur með kapers og spínati

500 g soðnar kjúklingabaunir (250 g ósoðanar)
1 rauðlaukur, saxaður
1 kúmen
2 hvítlauksgeirar, saxaðir
2 lime, bara safinn
2 dl eplasafi
2 msk. kapers
100 g spínat, hreinsað
1 dlhrein jógúrt (má sleppa)
salt og pipar

Hreinsið baunirnar og leggið í bleyti í að minnsta kosti 8 klukkustundir og sjóðið svo í miklu vatni. Þegar þær eru tilbúnar er vatninu hellt af. Hitið laukinn í potti ásamt kúmeninu og hvítlauknum. Hellið lime safanum í pottinn ásamt eplasafanum, kapersinu og baununum. Látið suðuna koma upp. Setjið spínatið og jógúrtið í pottinn og berið fram. Þetta er gott með nýju brauði og salati.

### Bökur með rótargrænmeti og kryddjurtum.

4 gulrætur
2 steinseljurætur
1 seljurót
1 rauðlaukur
1 pera
1 dl eplasafi
salt og pipar
2 kvistar steinselja
4 blöð mynta
4 blöð salvía
2 blöð smjördeig

Grænmetið er snyrt og skorið í teninga. Laukurinn er hitaður á pönnu og grænmetið með ásamt eplasafa og smá vatnslögg. Þegar grænmetið er farið að mýkjast er bætt út í söxuðum kryddjurtunum og perunni. Smjördeigið er flatt út og klætt 20 cm springform (Ef vill má setja þetta í tilbúnar bökuskeljar.) Fylling er sett út í og bakað við 170°c í 25 mínútur. ■




NÝTT frá Futurebiotics
Eykur brennslu líkamans meðan þú hvílist.
Minnkar matarlyst. 3 hylki fyrir svefn.
Fæst í apótekum, Fjarðakaupum
og Hagkaupum Kringlunni
Futurebiotics
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI



Fjöldi meðferða í boði
6 vikna átak
hefst 2. febr.
Frír prufutími
Frábær tilboð
S: 553-3818
trimform.is
Hjá okkur nærðu árangri
TRIMFORM
BERGLINDAR
Grensásvegi 50

Græna Búðin ehf.
Oshadi ilmkjarnaolíur
Custom Craftworks
nuddbekkir, nuddstóll,
snyrtistóll og aukahlutir

Kærleikssamtökin
Bænahópar og Jóga þrið og föst
Hugleiðsluhópar mán og mið
Heilun, Sigurlaug s. 821-6174
Aðstoð veitt- Beiðni um aðstoð

Síðumúla 12, 2. hæð • www.ccw.is • sjá www.ccw.is
Opið virka daga 10-13 • Sími 557-8100
Söfnunarreikningur er 319-13-700707

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
Sértímar í kraftyoga
www.yogaheilsa.is

FRÁBÆR HEILSUDRYKKUR
heilsa
ALOE
Plús Kalsíum
Frískandi Aloe Vera drykkur með aldinkjöti úr Aloe Vera plöntunni og viðbættu kalki
Aloe Vera plantan þykir hafa góð áhrif á maga og meltingu.
Drykkurinn er sérlega bragðgóður og fæst í matvörubúðum og apótekum.
Hans má neyta að vild.

Splenda
Russel Stover
Sykurlaust sælgæti
Ótrúlega bragðgott kolvetnasnautt og sykurlaust sælgæti sem hefur unnið til verðlauna fyrir bragðgæði og vandaða framleiðslu
Fæst í apótekum og matvörubúðum
LowCarb



Líkami-fyrir-LÍFIÐ er einföld en áhrifarík áætlun sem mun hjálpa þér að byggja upp heilbrigða og hrausta líkamann sem þig hefur alltaf langað til að eignast! Ímyndaðu þér, meiri vellíðan og að líta betur út en nokkru sinni fyrr á aðeins 12 vikum. Skráðu þig núna!
EAS Líkami fyrir LÍFIÐ
ÁSKORUN
Skráningarsími: 555-2866
Upplýsingar: www.eas.is
Hann gat það. Þú getur það!
Iceland Express
Glæsileg verðlaun!

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

### Upphitun

**Hitaðu þig upp og kældu þig svo niður...**

Mjög mikilvægt er að gleyma ekki að hita upp áður en maður stundar þjálfun. Á móti kemur að það er líka nauðsynlegt að kæla sig niður!

**Með rakettu í rassinum?**

Flestir rjúka af stað í líkamsrækt og sumir hita jafnvel ekki upp. Enn aðrir hita allt of hratt upp. Ef við skoðum starfsemi líkamans þá sjáum við að það er ekki sama hvernig hitað er upp. Það tekur líkamann 5-10 mínútur að færa blóðið sem er í miðju líkamans út í útlimina eftir að við byrjum að hreyfa okkur.

**Úr fyrsta gír í annan gír, úr öðrum gír í?**

Til þess að þetta gerist verður hreyfingin í þessar 5-10 mínútur að vera í rólegri kantinum, að minnsta kosti fyrstu 4-5 mínúturnar. Eftir að blóðið er komið af stað og við höfum gefið líkamanum skilaboð um það sem við ætlum honum er í lagi að byrja að hreyfa sig af meiri krafti.

**Láttu græjurnar sjá um þetta!**

Hins vegar skiptir einnig miklu máli að kæla líkamann niður aftur eftir æfingar. Þar sem ég starfa, í World Class Laugum, eru tækin, svo sem göngubretti, hjól og annað sem ætlað er að þjálfa hjarta, lungna- og æðakerfi sem og að stuðla að aukinni fitubrennslu, búin fullkomnum tölvubúnaði. Þessi tölvubúnaður á að „hugsa fyrir okkur“ og þar er meðal annars gert ráð fyrir ákveðnum kælingartíma sem kallast „cool down“. Ég hvet þig, kæri lesandi, til að kanna hvort slíkur búnaður sé í líkamsræktarstöðinni þinni, ef þú stundar þá líkamsrækt í stöð, og nota hann. Það sama, það er upphitun og kæling, á samt við um alla þjálfun sem reynir á líkamann á fyrrnefndan hátt.

**Af hverju þarf að kæla sig niður aftur?**

Ef líkaminn fær ekki tíma til að kæla sig niður getur blóðið safnast fyrir í útlimunum eftir æfingar, sem veldur miklu álagi á hjarta og æðakerfi við að dæla því til baka inn í miðjuna.

**Með bullandi hita í líkamsrækt?**

Við verðum að hafa í huga að þegar við hömumst sem mest getur líkamshitinn, sem er venjulega í kringum 37°C, farið upp í um 40°C og meðal annars þess vegna þarf líkaminn að fá tíma til að kólna niður aftur.

**Ávinningur upphitunar:**

- Aukið blóðflæði
- Vefir verða teygjanlegri
- Bandvefur verður mýkri
- Minni hætta á meiðslum

Þetta og fleiri hollráð er einnig að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



# Offita getur falið krabbamein

*Erfiðara að greina blöðruhálskrabba hjá of þungum körlum.*

Ný rannsókn gefur til kynna að líkamsþyngd getur haft áhrif á nákvæmni prófa sem notuð eru til að greina krabbamein í blöðruhálskirtli. Rannsóknin leiddi í ljós að því feitari sem mennirnir voru, því lægra var magnið af tilteknum mótefnisvaka sem mældur er til að komast að raun um hvort krabbamein sé að finna í blöðruhálskirtlinum. Ef mótefnisvakinn mælist mjög lágur bendir það til þess að ekki sé um krabbamein að ræða. Menn sem eru of feitir eru með um 30% minna magn af mótefnisvakanum en menn sem eru við eðlilega líkamsþyngd. Hins vegar hafa læknar ekki alveg getað treyst á mælingar á mótefnisvakanum þar sem krabbamein er ekki ætíð til staðar þótt magnið sé hátt. Nýleg rannsókn hefur jafnvel sýnt að karlmenn með eðlilegt magn af mótefnisvakanum hafi í 15% tilfella verið með blöðruhálskrabbamein. Engin útskýring virðist vera á því af hverju of þungir karlmenn mælist með minna magn af mótefnisvakanum. Hins vegar telja læknar að of þungir menn framleiði estrógen, sem dregur úr testesteronmagni en það getur haft áhrif á mælingarnar. ■


Erfiðara er að greina krabbamein í blöðruhálskirtli hjá of þungum mönnum.

# Blómkál gegn krabbameini

*Virkt efni myndast við meltingu.*

Ömmur hafa tíðum brýnt fyrir börnum að borða allt grænmetið á diskinum. Ömmur hafa alltaf vitað að grænmeti er hollt en nú lítur út fyrir að vísindamenn séu að komast að hinu sama. Nýjar rannsóknir benda nefnilega til þess að efni sem finnast í hvítkáli, spergilkáli, rósakáli og blómkáli séu til þess fallin að koma í veg fyrir krabbamein.

Til þess að skoða þetta betur ætla vísindamenn í Cardiff í Wales að gera víðtæka rannsókn á þessu fyrirbæri, einkum með tilliti til þess hvort efni sem þeir kalla DIM geti snúið við krabbameini á frumstigi í leghálsi og eða hvort efnið geti komið í veg fyrir að krabbameinið þróist enn frekar. DIM er efni sem myndast í líkamanum við meltingu grænmetis á borð við hvítkál og spergilkál. ■


Nýjar rannsóknir benda til þess að efni sem finnast í hvítkáli, spergilkáli, rósakáli og blómkáli séu til þess fallin að koma í veg fyrir krabbamein.

# Mánudagar eru til mæðu

*Hærri blóðþrýstingur en aðra daga.*

Heilsufar fólks er bágara á mánudögum en aðra daga og því engin vitleysa að þessi dagur sé almennt til mæðu. Japanskir vísindamenn hafa sannreynt að blóðþrýstingur fólks er almennt hærri á mánudögum en aðra daga. Það er víst engin nýlunda að sjúkdómar á borð við hjartaáfall og heilablóðfall láta oftast á sér kræla á mánudögum. Þrátt fyrir að fólk nái að slaka vel á yfir helgina þá þýtur blóðþrýstingurinn upp þegar amstur hversdagsins blasir við að morgni mánudags og þá getur hjartað gefið sig. ■

















NÝTT frá Futurebiotics

Hindrar að líkaminn taki sykur og fín kolvetni úr fæðunni. 2 hylki fyrir máltíð.
Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Kringlunni

Futurebiotics
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI



Er maginn vandamál?

Stress, þreyta og sérstakur matur getur sett magann úr jafnvægi.
Óþægindi lýsa sér oft sem nábítur, brjóstsviði, vindgangur, harðlífi og niðurgangur.
Þetta þykir öllum afar óþægilegt og líður þá illa í öllum líkamanum.
Silicol fæst í apótekum






Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

Vinsamlegast mokið frá útidyrahurðum og hafið kveikt á útiljósum.

FRÉTTABLAÐIÐ

DV




Róbert og Arnaldur eru með margar konur á besta aldri í einkaþjálfun. Hér er Róbert með Önnu Kristine blaðakonu, sem er ánægð með stöðina og segist aldrei hafa liðið betur, hvorki líkamlega né andlega.

# Þroskaðar konur taka á því í líkamsræktinni

***Strákarnir á Pumping Iron taka vel á móti öllum viðskiptavinum sínum, en konur á besta aldri sækja til þeirra í auknum mæli.***

Nafnið Pumping Iron kallar óhjákvæmilega fram mynd í hugann af líkamsræktarstöð þar sem karlmenn á borð við Schwarzenegger, massaðir og skornir, pumpa kófsveittir með lóðin. Í Dugguvoginum í Reykjavík er hins vegar líkamsræktarstöð með þessum nafni og þar innandyra er allt með öðrum og lágstemmdari brag. Fólkið sem sækir stöðina er fólk af öllum tegundum og gerðum sem vill komast í betra form og bæta heilsuna. Róbert Traustason og Arnaldur Birgir Konráðsson einkaþjálfarar taka á móti gestum með bros á vör, en þeir hafa undanfarnar vikur getið sér gott orð fyrir að koma konum á besta aldri í undragott form. Konurnar bera þeim líka afar vel söguna.

„Stöðin hefur tekið miklum breytingum síðustu mánuði,“ segir Róbert. „Við vorum að taka inn glæný tæki um áramótin og erum að gera stöðina meira aðlaðandi. Í upphafi voru hér aðallega sjálfsvarnaríþróttir en nú er þetta alhliða líkamsræktarstöð.“

Strákarnir játa því hlæjandi að miðaldra konur hafi sótt til þeirra í auknum mæli og segja fátt jafn gaman og að þjálfa þennan aldurshóp.

„Bæði eru þær svo skemmtilegar og sjarmerandi og svo hafa þær metnað og dugnað og ná yfirleitt frábærum árangri.

Við getum snúið lífsmynstri fólks um 180 gráður á nokkrum mánuðum, og það á réttan hátt. Hver einstaklingur er auðvitað metinn sérstaklega og reynslan hefur sýnt okkur að best er að fólk komi tvisvar til þrisvar í viku til að byrja með. Það er oft stórt skref að koma sér af stað, ekki síst fyrir þá sem hafa kannski ekki æft í mörg ár. Það fólk er hrætt við stórar líkamsræktarstöðvar og finnst gott að æfa á lítilli stöð sem er notaleg og persónuleg.“

Strákarnir segja að árangurinn standi ekki á sér og yfirleitt finni fólk mikinn mun strax í fjórðu viku. „Við reiknum samt alltaf með þremur mánuðum til að snúa lífsmynstrinu við. Okkar kerfi byggir á því sama og Líkami fyrir lífið, sem hefur reynst mjög árangursríkt. Prógrammið er aldrei erfitt en umfram allt heilbrigt. Það skilar sér líka sérstaklega vel að vera með einkaþjálfara, það veitir svo gott aðhald, ekki síst þeim sem eru að koma eftir langt hlé. Þeim finnst voðalega þægilegt að hafa fasta rútínu og einhvern sem bíður eftir þeim.“ ■




Komdu og sjáðu Sængurgjafaúrvalið hjá okkur

Móðurást
Dalbrekku 28 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is



LowCarb




Splenda

SPLENDA er náttúrulegt sætuefni sem hefur eðlilegt sætubragð.

SPLENDA er kalóríufrítt og veldur ekki tannskemmdum.

Hægt er að baka, elda og sulta úr SPLENDA.

SPLENDA kemur í stað sykurs og er frábært fyrir sykursjúka.

Fæst í Lyf og heilsu, Hagkaupum og Lyfju



metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun

Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys




Fyrir konur og karla

Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag.
Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020






LifeStream



## Hófdrykkja bætir minnið

ALLT UMFRAM TVÖ GLÖS Á DAG SKAÐAR ÞÓ.

Konur sem drekka hóflegt magn víns eða bjórs á hverjum degi eru líklegri en bindindiskonur til að halda andlegri getu, svo sem minninu, fram á elliár. Þetta eru niðurstöður bandarískrar rannsóknar sem gerð var á 12 þúsund eldri konum. „Hófleg áfengisdrykkja hefur góð áhrif á minni og andlegan styrk," segir Francine Grodstein, læknir á kvennasjúkrahúsinu í Boston, sem leiddi rannsóknina. Grodstein segir marktækan mun á konum sem aldrei bragða áfengi og þeim sem drekka lítilsháttar magn á hverjum degi. Hann segir mikils um vert að drekka eitt til tvö glös á dag en allt umfram það geti hins vegar verið skaðlegt heilsunni.

## Færri fóstureyðingar á Íslandi

SKÝRSLAN FÓSTUREYÐINGAR 2003 Á VEF LANDLÆKNISEMBÆTTISINS.

Skýrslan er byggð á skrá embættisins um fóstureyðingar á Íslandi. Í samantekt kemur fram að árið 2003 var framkvæmd 951 fóstureyðing hjá konum með lögheimili á Íslandi. Sé miðað við fjölda kvenna á barnseignaraldri 2001–2003 voru framkvæmdar að meðaltali 14,8 fóstureyðingar á ári fyrir hverjar 1.000 konur. Þessi tala hefur verið svipuð frá árinu 1996. Þungunum meðal stúlkna undir tvítugu hefur farið fækkandi.
Sé tekið tillit til hærri fæðingatíðni á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum er fjöldi fóstureyðinga miðað við 1.000 lifandi fædda lægri á Íslandi en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

# Hefðbundin líkamsrækt og þrekæfingar

***Nautilus hefur opnað líkamsræktarstöð í Salalaug.***

Líkamsræktarstöð hefur verið opnuð í húsakynnum nýju sundlaugarinnar í Salahverfi í Kópavogi. Líkamsræktarstöðin heitir Nautilus og er systurstöð samnefndra líkamsræktarstöðva í Sundlaug Kópavogs og Suðurbæjarlauginni í Hafnarfirði. Nautilus er opin á sama tíma og sundlaugin og eru hörðustu viðskiptavinirnir mættir á staðinn klukkan 6.30 á morgnana.

Kjartan Már Hallkelsson framkvæmdastjóri segir byrjunina lofa góðu og þegar hafi ríflega þúsund manns fest kaup á árskorti. „Við getum verið með allt að nítíu manns í salnum í einu þannig að það er nóg pláss. Þjálfari fylgir fólki í gegnum fyrsta tímann og það er eini tíminn sem þarf að panta. Að öðru leyti getur fólk komið þegar því hentar. Þjálfarinn útbýr síðan æfingaáætlun fyrir hvern og einn. Við bjóðum líka upp á ókeypis fitumælingu og veitum ráðgjöf um mataræði," segir Kjartan.

Auk Nautilus-tækjanna er boðið upp á tæki til frekari þrekæfinga. Árskort kostar 23.990 krónur og gildir í Salalaug og auk þess má nota sama kort í Sundlaug Kópavogs og líkamsræktina þar.



**Einkaþjálfari fylgir öllum í gegnum fyrsta tímann og hægt er fá fitumælingu og ráðgjöf um mataræði.**





Sneiddu hjá umgangspestum með Echinaforce



Echinaforce er unnið úr ferskum sólhatti, jurtirnar fara beint af akrinum í vinnslu. Rannsóknir sína að Echinaforce inniheldur næstum þrisvar sinnum meira af alkylamíðum en þykkni úr þurrkuðum jurtum. Alkylamíð eru virku efnin sem gagnast gegn kvefi og flensu. Þegar þú færð þér sólhatt til að verjast umgangspestum, mundu að Echinaforce inniheldur meira af virkum efnum.

KRAFTAVERK

heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi



Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24



Kjarnahvítlaukur



100% HREINN
Hvítlaukur

Kjarnahvítlaukur inniheldur engin íblöndunarefni né rotvarnarefni.

Kraftur hvítlauksins hefur verið kunnur í aldaraðir og hann vinnur meðal annars á bakteríum sem önnur lyf virka ekki á.

Fæst í marvöruverslunum, heilsuvörubúðum og apótekum

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



VW Golf V6 4motion 2.8, árg. 1/2000, ek. 39 þ. km. Xenon-ljós, topplúga, 16" álf., leður, rafm. í sætum, loftkæling o.m.fl. Einn eigandi. V. 1.890 þ.



Nissan Terrano II SR 33" bensín, árg. 9/1999, ekinn aðeins 86 þ. km, 7 manna, bsk., dráttarkrókur, CD-spilari, álf. o.fl. Flottur bíll, breyttur af Fjalla-Sport!!! V. 1.550 þ. áhv. 1.020. afb. 25 þ.



Toyota Previa, árg. 9/2002, ek. 77 þ. km, sjálfskiptur, 7 manna, dráttarkrókur, CD-spilari o.fl. V. 2.290 þ.

**Bílasala Matthíasar - Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

BÍLASALAN.IS



Honda Avvord Type R, árg. 6/1999, ek. 134 þ. km. 212 hestöfl, sprækur og skemmtilegur bíll. Bílasamningur upp á 900 þ. gæti fylgt. Verð 1.690.000. Allar nánari uppl. á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.



Jeep Grand Cherokee limited 5.2, árg. 1998, ek. 82 þ. km. Einn með öllu. Verð 1.590.000. Allar nánari uppl. á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.



BMW X5 3.0, árg. 2004, ek. 9 þ. km. Einn með öllu. Verð 5.990.000. Allar nánari uppl. á www.bilsalan.is og 866-5354 og 820-3373.



Ford Explorer Sporttrac. Árg. 2002, ek. 99 þ. km. Leður, lúga, Orginal lok pall. Verð 2.190.000. Allar nánari upplýsingar á www.bilasalan.is og 866-5354 og 820-3373.

**Bílasalan.is**
**Kleppsvegur 35 v/Sæbraut,**
**Sími: 866 5354 og 820 3373**
**www.bilasalan.is**

SPA R bill



Nýr '05 M.Benz Vaneo 1,9. Fjölskyldubíll af bestugerð. Nokkrir litir og útfærslur. Beinskiptir og sjálfskiptir. Með eða án leðurinnréttingar. Verð frá aðeins 2.433 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

12 volt



PorsceE 911 Carrera 2 7/ '00 ek. 33 þ. Verð 7.7 m. Uppl. í s. 896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

### Bílar til sölu



Volvo S80 2001 2,9 vél, ek 73þm, hl aukahlutum, sjáfsk, hraðast, skriðv, hituð rafst sæti m/minni, leður, lúga ofl. Listav 3,1 mkr. Tilboð 2,7 mkr. skipti á ód. S 695 0012

**Athugið get útvegað**
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Lancer Station '97. Ek. 133 þús., ný tímareim, vel með farinn. Stgr. Tilb. óskast. S. 849 5933.

### 0-250 þús.



Súper tilboðs sprengja! Var á 390 þús., fæst 195 þús. Opel astra stw, ssk., fallegur og góður bíll. Ný skoðaður '06, árg. '95, ek. 132 þús. 195 þús. Bifreiðagjöld greidd !!!!! S. 691 4441.

Toyota Corolla '88 til sölu. Góður vinnubíll. Selst á 70 þús. stgr. Uppl. í s. 895 6012.

Daihatsu Charade sedan. Árg. '92. Ek. 103.000. Ssk. Góður bíll. Verð 150.000. Uppl. í s. 699 7878.

Til sölu Volvo 95. Verð 270 þús. Uppl. í síma 848 5280.

Hyandai Accent, árg. '96, ek. 145 þús., 3ja dyra, sk. '05, vel með farinn bíll. Verð 220 þús stgr. Uppl. í s. 691 9374.

### 250-499 þús.



Mazda 626 '94. Góður bíll ek. 102 þ. Ssk. Sumar/vetrardekk. V. 390 þ. S. 869 1325.



Til sölu Volvo 440 árg. '96. Ek. 102 þús. sk. '05. Uppl. í s. 868 8565.



VW Golf 1,4 árg. '97, ek. 102 þ. Mjög gott eintak. Verð 400 þ. Áhv. lán 300 þ. S. 663 1371.

Peugeot 306 station 1,6 bensín, árg. '98, ek. 145 þús. Er í góðu standi. Ásett verð 370 þús. Verð 270 þús. stgr. Ath. skipti. Sími 847 6012.

Lancer station '98, ek. 90 þús. Verð 350 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 697 4599 eftir kl. 19.

### 500-999 þús.



Til sölu VW Transporter '96 disel ek. 185.000. Mjög gott viðhald. Óska eftir steypuhrærivél og nálaprentara. Sími 891 9193.



Toyota Yaris '01. CD, rafmgnsrúður, samlitur, ekinn 60 þús. Verð 860 þús. Uppl. í s. 867 7604.



Nissan Primera árg. '00, ekinn 43 þús. Beinsk., sumardekk á álfelgum fylgja. Uppl. í s. 693 5705.

Honda Civic 1,4 árg. '98 ek. 100 þús. km, beinsk., svartur, einn eigandi frá upphafi. Bíll í toppstandi! V. 600 þús. S. 690 2823.

Toyota Yaris árg. 11.1999, ekinn 73 þús km. 3ja dyra silfurgrár, mjög vel með farinn, einn eigandi. Verð 690 þús. Uppl. í s. 894 1871.

V.W. Golf, árg. '99, 15" vetradekk á felgum og 16" lowprofile sumardekk á felgum. Nýr gírkassi, filmur í öllu, þarfnast smá viðgerðar. Verð 700 þús. eða tilboð óskast. Uppl. í s. 849 0739.

### 2 milljónir +



**Grand Cherokee 2005**
Get boðið Grand Cherokee á góðu verði. Laredo á 3.950 þús. Limited 4,7L á 4.700 þús. Hemi limited á 4.950 þús. Allt í einu ehf sími 893 6001.



Audi A6 Quattra 2,7 Turbo 4x4 2001 með öllum hugsanlegum aukabúnaði. Ekinn 80.000 km. Listaverð 3,9. Tilboð 3,4 millj. Skoða öll skipti. S. 861 4414.

### Bílar óskast

Óska eftir ódýrum heillegum bíl. Má þarfnast lagfæringar. Upplýsingar í síma 866 5052.

Óska eftir bíl á 0-200 þ. staðgreitt. Ekki eldri en '93, má þarfnast lagf. S. 659 9696.

Vinnubíll óskast. Greiðist með vönduðum innréttingum frá viðurkenndum aðila. Tilboð sendist FBl á smáar@frett.is merkt "Vinnubíll".

### Jeppar



Stuttur Pajero árg. 1998, ekinn 170 þ. Diesel beinskiptur. Gott eintak. Uppl. í síma 897 0722.



Til sölu LandCruiser 90 Dísel GX skr. 01/'03 ek. 43 þús. Heilsársdekk. Verð kr. 4.290.000. Uppl. í síma 892 7911.



Nissan Terrano II lux 2.7 diesel. Nýskráður 23.03.2000. Ekinn 93.000. Sjálfskiptur, dráttarbeisli, sóllúga. Ný snjódekk, negld. Þjónustubók frá upphafi. Bíll í óvenjulega góðu ástandi. Verð 2.250.000. S. 510 1519 & 555 2630.

T Land Cruiser '87 246þkm stuttur bensín 33" ný dekk 240þkr Góður bíll 669 9248

Nissan Patrol langur, 3.3 turbo, 38", læsingar, spil, talstöð, keyrir fínt. Body þarfnast lagf. Verð 200 þús. Uppl. í s. 892 4089.

### Pallbílar

Nissan sunny station árg. '96 ek. 163 þús. Fallegur og vel með farinn bíll. Verð 340 þús. sem mætti greiðast á skuldarbréfi á 10 þús. á mán. Uppl. í s. 895 8873.

### Sendibílar

VW transporter 2.0 bensín, árgerð '98, ek. 123 þús. Fallegur og góður bíll, skoðaður '05, vask bíll. Gluggar allan hringinn. Verð 790 þús með vask. S. 691 4441.

Til sölu vinnubíll. Nissan Vanette '91. Ekinn 165.000 km. Skoðaður '06. Bíll í góðu standi og lítur vel út. Er með þakboga. Ásett verð ca. 265 þús. Uppl. 893 8048 & 868 0138.

### Hópferðabílar



Benz o 303 árg. 1984. Ekinn rúmlega 800 þús. 58 farþega. Verð 1.300.000. Sími 892 8585.

Til sölu 45 notuð rútusæti. Uppl. í síma 892 8585.

### Vörubílar

Útvegum vörubíla, vagna, tæki og varahluti erl. frá. Heiði Vélahlutir S. 534 3441.

Gírkassi Scania 111, lítill krani á vörubíl. Er að rífa Scaniu 112. S. 893 6526.

### Mótorhjól



Harley Davidson fxstf fat boy árg. '99, 1450 cc. svartur og krómaður. Stórkostlegasta bifhjól veraldarinnar. Verð 2,2 m. áhv. 1.5. Uppl. í s. 899 1959.

### Vespur



Vespa Piaggio 50 cc fjórgengis árg. 2003, ekinn 1200 km. Gjöf á 190 þús. S. 820 3363.

### Kerrur

Kerra (vélsleða) til sölu. Kerra í toppstandi ca 2ja ára. Innanmál breidd 1,30. V. 75 þús. Uppl. í s. 895-5201 Óli.

### Vinnuvélar

Vélaborg ehf



**Nordic ljós fyrir vinnuvélar.**
Lýstu upp skammdegið með Nordic vinnuvélaljósum, innbyggður dempari, þola mikinn hristing, hitna minna og lýsa betur. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

Vélaborg ehf



**Snjókeðjur**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Vélaborg ehf



**Hitamottur í bílsæti**
Eigum til sætishitamottur í bíla og vinnuvélasæti, 12v og 24v. Tengist í vindlingakveikjara. Verð: 12 volt kr. 6.777- og 24 volt kr. 9.267-. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Vélaborg ehf



**Bobcat Toolcat fjölnota vinnutæki !**
Alvöru tæki í snjóinn, fjórhjólastýri, fjórhjóladrif og sturtupallur. Upphitað hús fyrir tvo. Mikið úrval aukahluta t.d. sópur, skóflur, staurabor, gafflar, snjóblað o.fl. Aðeins 154 cm á breidd, flottur í gangstígana. Til sýnis hjá Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

Vélaborg ehf



**Notaðar vinnulyftur með ábyrgð !**
Til sölu Genie skæralyftur, vinnuhæð 9,9 metrar. Í boði eru örfá eintök, árgerð 2002 með 90 daga ábyrgð. Frábært verð aðeins kr. 1.150.000.- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Neglur.Ffallegar, góðar, sterkar gelneglur. Vönduð vinna, gott verð. S. 693 1453.

## Spádómar




Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Trésmíði

**Trésmíði**
Tökum að okkur glugga og hurðasmíði ásamt ísetningu og einnig milliveggja uppsetningar. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 696 6686 Helgi, 863 3707 Jón og 892 8413 Sveinn.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




Það er óþarfi að hýrast í kuldanum yfir jólin! Hringdu Steina pípara. Gleðileg Jól. S. 699 0100 & 567 9929.

**Almenn rennismíði**
Viðgerðir/viðhald. Áralöng reynsla, vönduð vinnubrögð.
**Renniverk ehf, Súðarvogi 9 Sími 869-1933 & 563-2563**

**Pípulagnaviðgerðir sími 897 3656**
**Pípulagnaviðgerðir á öllu höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 3656.**

# HEILSA

## Heilsuvörur




11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dag-batnandi.topdiet.is s. 557 5446 & 891 8909, Ásta.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd, meðferð til betri heilsu. Vöðvabólgu-, slökunar-, ilmolíu- og svæðanudd. Anna Margrét nuddari, Hamraborg 7, s. 694 4226.

## Snyrting



**Vantar húðina þína raka eða góða lyftingu?**
Þá erum við með hljóðbylgjutæki. Hálftími 2.800 kr. Einnig ódýrar gelneglur. Snyrtistofan Mandý s. 552 1511.

## Barnið

**Barnshafandi konur!**
Yoga fyrir ykkur, liðkandi, styrkjandi, sérstök öndun og slökun. Yogastöðin Heilsubót Síðumúla 15. S. 694 6103.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




MCSA kerfisstjóranám 270 st á aðeins kr. 209.900. Hefst 7. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Internetið fyrir byrjendur. VR greiðir 50%. Uppl. í s. 517 1944, Netvistun.is

**Ungbarnanudd námskeið**
Ungbarnanudd fyrir börn 1-10 mánaða og herðanudd fyrir mæður. Sjá heilsusetur.is. Uppl. í símum 552 1850 og 896 9653. Svæðanudd nám 7. apríl nk. 3 pláss laus. Sjá heilsusetur.is. Uppl. í símum 552 1850 og 896 9653.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur yfir sófa og stóla. Opnunartími, mánudaga til fimmtudaga 15-18:30. www.sofalist.is Síðumúli 20 2. hæð s. 553 0444.

Allt fallegt í antíkstíl, Kommóða 5sk. H87xB120xD45 V. 10þ, Snyrtiborð m/spegli H185xB130xD50 V.30þ og Sófaborð 115x60 v.25þ. Berglind s.555-3339 eftir 16

Til sölu; 10-12 manna borð frá Tekk Company, 3ja sæta sófi úr Línunni, sófasett 2ja sæta +1+1, fataskápur + skenkur úr furu. Uppl. í síma 692 1891 eftir kl. 13.

Til sölu sófasasett 3+1+1 með tauáklæði, vel með farið. Uppl. í síma 846 4767.

Hornsófi og tveir stólar. Uppl. í s. 869 1970.

Til sölu Rautt sófasett 3+1+1 Blomberg helluborð og ofn, ísskápur með sér frysti 122 á hæð og stórt beiki skriborð. Uppl. í síma 896 4955.

## Antík

Nýjar vörur vikulega. Heimasíðan uppfærð um hverja helgi. Amma Ruth, Skipasundi 82, 104 Reykjavík. S. 552 6255 Opið 14.00-18.00 virka daga. www.ammaruth.is

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



50% afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 og Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

**Þorrablót d.i.f.!**
Nú er komið að því, laugard. kv., 5 feb. næstk. Við fjölmennum í Fjörukránni, Hafn., borðhald hefst kl 20. Þátt., óskast skráð í síma 897 0022, 824 1716 og 894 1152.

Silki Terrier tík tæpl. 2ja ára. Selst á 100 þús. Uppl. í s. 567 5772 & 695 5277.

## Ýmislegt

Góður ísskápur til sölu á 10.000, 4 nagladekk á 9000 og nuddbekkur á 15.000 kr. Uppl. hjá Þórði í síma 694 4366 eða 564 5143.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög




**Ferð fyrir sérhópa**
"Ungverska ævintýrið" Litlir hópar - lifandi ferðir. Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. Sjá nánar: www.isafoldtravel.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf. Kjalarnes. 3 herbergja laust Akranes. 3 og 4 hergbergja laust. Þorlákshöfn 2 herbergja laust. S-517 3440. Sjá www.leigulidar.is

Skólafólk athugið! Snyrtilegt 10fm herb. í 101 eldhúsinnrétting, ísskáp, örbylgjuofn, sjónvarp, svefnsófi, kommóða og aðgang að baðhergi(engin sturta) og þvottavél. V. 25þ. Laust strax. S.864-7887

Til leigu 12 fm herb. í Kóp. með fataskáp, vaski og aðgang að WC. Uppl. í s. 554 6674.

Til leigu stúdíóíbúð í 101. Nýlega standsett, 32 fm. hlýleg íbúð. Sér inngangur, parket, rúmgott baðherbergi með sturtu. Leiga 55 þús. á mánuði með raf.m., hita og hússjóð. Ath laus strax. Uppl. síma 896 4411.

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum. Allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. S. 895 2138.

14 fm herbergi til leigu á svæði 101, rétt við Iðnskólann og sundhöllina. Wc, símatengi og dyrasími. Uppl. í síma 892 0301.

Til leigu góð og björt 74 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara á Sólvallagötu. Uppl. í s. 868 9989.

Vönduð og falleg 3ja herb. íbúð til leigu á 3. hæð í miðbæ Rvk. ásamt geymslu. Íbúðin er með tveimur björtum og rúmgóðum stofum, stóru svefnherb. með svölum út í garð ásamt nýuppgerðu eldhúsi og baði. Ljóst parket á öllum gólfum nema baði og eldhúsi sem eru flísalögð. Inngangur í húsið er nýuppgerður með nýjum teppum. Uppl. í s. 692 0310.

Herb. 13 fm, 107 Rvk, separate entry, WC . No smoking. S. 691 1922.

Nýuppgerð 45 fm stúdío íbúð í Hafnarfirði til leigu. Uppl. síma 861 8331.

## Húsnæði óskast

Mjög reglusöm 3ja barna móðir óskar eftir 5 herb. íbúðarhúsnæði sem fyrst. Bankaábyrgð liggur fyrir og jafnvel einhver fyrirframgreiðsla. Uppl. í síma 863 0030.

Ungt par með strák á öðru ári vantar íbúð á góðu verði, helst í Breiðholti. Verð ca 50-60 þús. á mán. Uppl. í s. 866 5406.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. Þór s. 899 3760.

Herbergi til leigu c.a 20 fm á laugavegi, aðgangur að fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingu. V. 30 þús. á mán. með öllu. Uppl. hjá Concept í s. 552 5200 eða gsm 895 5200.

## Geymsluhúsnæði




## Bílskúr

5-6 bílastæði til leigu ofarlega á Skólavörðustíg. Upplýsingar í síma 565-8822 milli kl. 9-16.

Óska eftir að kaupa bílskúr á St. RVK svæðinu. Uppl. í síma 863 8200 & 820 4372.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Langar þig að vera með í skemmtilegu og gefandi starfi?**
Er að leyta að einstaklingum sem vill kynna og selja náttúrulegar húð og heilsuvörur og förðunarlínuna Unique frá Volare. Volare býður þér verðlaunaðar vörur úr hæðsta gæðaflokki, námskeið, persónulegt samband við leiðtoga þinn, persónulegan frama og m.fl.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 eða volare@centrum.is**

**Viltu vera í vinningsliðinu ?**
Þá getur þú verið sú sem við leitum að. Við erum að leita að sölufulltrúum til að kynna fatalista með frábærum dönskum kvenvörum. Við bjóðum upp á góð sölulaun, frábæran félagsskap og þjálfun.
**Ef þú vilt vita meira hafðu þá samband við okkur hjá ClaMal í síma 565 3900 eða á clamal.is**

**Útkeyrsla - lager - þvottahús !**
Viljum ráða í fullt starf starfsmann til að reka þvottahús og lager sem og sjá um útkeyrslu. Leitum að glaðlegum, nákvæmum og stundvísum manni í hrattvaxandi fyrirtæki. Unnið frá kl. 8 alla virka daga.
**Upplýsingar og umsóknir á www.hreint.is eða í síma 554 6088 á skrifstofutíma.**

**Rafvirkjar.**
Óskum eftir rafvirkjum til starfa sem allra fyrst.
**Upplýsingar í síma 660 0300.**

**Málarar óskast**
Málaraverktakar ehf. óska eftir málurum til starfa. Verða að vera vanir.
**Upplýsingar veitir Sveinberg í síma 896 6199.**

**Lausar stöður**
Lausar stöður við afgreiðslu á sólbaðstofu í hafnarfirði frá kl. 16-22.
**Umsóknum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins merktar"Betri líðan"**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Okkur vantar einstaklinga vana byggingaframkvæmdum til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Nemar í húsasmíði og verkamenn fyrir alhliða byggingavinnu. Meðmæli óskast. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 860 8011.

Czy Chcesz oszczedzic na rozmowach Telefonicznych do polski od 50 - 80% taniej? I czy chcesz miec placone za to ze dzwonisz? Dzwon teraz! Informacje Pod Tel. Monika 868 3495. Thora 822 6303.

Óskum eftir að ráða vana bónara. Uppl. á Bónstöð Jobba, Skeifunni 17 eða í síma 568 0230.

**Hafnarfjörður bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Yngri en 30 ára kemur ekki til greina. S. 891 8258. Þóra.

Vélavörð vantar á Kambaröst, sem rær með net frá Hornafirði. Uppl. í s. 896 5840 og 852 0227.

Óskum eftir að ráða röskan starfskraft til afgreiðslustarfa frá 13-19, einnig vantar fólk í helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 1120 & 698 7646. Bakaríið Austurveri.

Sérverkefni. 300-700 þús. á mán., 10-20 t/viku. Metnaður skilyrði. S. 844 1268.

Okkur vantar bráðhressa og skemmtilega barþjóna og fólk í sal. Uppl. á staðnum frá 13-16 fimmtudag og föstudag. Nasa við Austurvöll.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Paris Hilton! Night in Paris.**
DVD og VHS á 1.990 kr.
www.grensasvideo.is
Grensásvideó.
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

# Reykingar og tannheilsa

**HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR** TANNLÆKNIR, SKRIFAR UM TANNVERNDARVIKUNA

Reykingar eru feigðarflan. Sennilega eru flestir farnir að gera sér grein fyrir því þrátt fyrir að einstaka maður reyni enn að malda í móinn. Þessa vikuna stendur yfir tannverndarvika og er þema vikunnar tóbak og tannheilsa.

Ekki er vanþörf á að leggja á það áherslu að tóbaksnotkun hefur skaðleg áhrif í munnholi eins og annars staðar í líkamanum. Þetta er svið sem lítið hafði verið rannsakað í upphafi síðasta áratugar en nú er komið gott safn rannsókna sem sýna að reykingar hafa mjög skaðleg áhrif á tannveginn, sem í almennu tali er betur þekktur sem tannholdið. Þessi skaðlegu áhrif eru svo sterk að reykingar hafa verið settar efstar á lista yfir óvini tannholdsins. Faraldsfræðilegar rannsóknir sýna svo mikla stigmögnun tannholdssjúkdóma eftir því hvað fólk reykir mikið og hvað það hefur reykt mikið samanlagt yfir ævina, að enginn annar áhættuþáttur sýnir jafnmikið samband við sjúkdóminn. Þar á ofan hefur verið sýnt fram á marktæk tengsl óbeinna reykinga við tannholdssjúkdóma.

Reykingar virðast hafa bæði staðbundin áhrif líkt og notkun munntóbaks og einnig kerfisáhrif á líkamann. Því miður eru þessi áhrif oft þannig að þau dylja einkenni sjúkdómsins. Nikótín veldur t.d. þrengingu háræða, sem dregur úr blóðstreymi. Þetta veldur því að fólk getur verið með tannholdsbólgur án þess að verða þeirra vart, því það blæðir ekki úr tannholdinu við tannburstun. Síðan geta tennur losnað að því er virðist fyrirvaralaust, vegna þess að sjúklinginn grunar ekki að hann sé með sjúkdóminn. Reykingar hafa auk þess bælandi áhrif á hvít blóðkorn, sem veikir eðlilegar varnir líkamans.

> **„Faraldsfræðilegar rannsóknir sýna svo mikla stigmögnun tannholdssjúkdóma eftir því hvað fólk reykir mikið og hvað það hefur reykt mikið samanlagt yfir ævina, að enginn annar áhættuþáttur sýnir jafnmikið samband við sjúkdóminn.**

Tannlæknar vita hversu slæm áhrif notkun tóbaks hefur á sárgræðslu í munni og hversu erfið meðferð tannholdssjúkdóma verður ef sjúklingurinn hættir ekki tóbaksnotkun. Ígræðsla tannplanta er auk þess ekki ráðlögð ef einstaklingurinn reykir. Tannlæknar reyna því af öllu megni að hvetja og aðstoða skjólstæðinga sína til að hætta notkun tóbaks í tannverndarvikunni sem endranær. ■

## AF NETINU

### Tvöfalt siðgæði

Siv Friðleifsdóttir sagði efnislega [á sunnudaginn] í Silfri Egils að Róbert Marshall hefði átt að hætta á Stöð 2 af því honum urðu á ein mistök. Hann las í flýti tímasetningu rangt af vefsíðu erlendrar fréttasíðu og sagði því af slysni ranga frétt. Mér þótti þetta ekki bera vitni um umburðarlyndi hjá Siv sem mér þykir þó yfirleitt hin vænsta kona. Menn verða hins vegar að vera samkvæmir sjálfum sér. Ef Siv telur að blaðamenn eigi að segja upp störfum – eða vera reknir – ef þeir fara viljandi eða óviljandi rangt með, þá hlýtur hið sama að gilda um ráðherra. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra skrifaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undir samning við öryrkja um hækkun á greiðslum til þeirra korteri fyrir kosningar. Korteri eftir kosningar sveik ríkisstjórnin þann samning. Hún neitaði að greiða nema 2/3 af umsaminni greiðslu. Af því er ekki hægt að draga nema þá ályktun eina að Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hafi viljandi eða óviljandi farið rangt með þegar hann gaf öryrkjum orð sín. Þýða þá orð Sivjar í dag að Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra eigi að segja af sér? Að sjálfsögðu – ef hún er samkvæm sjálfri sér. Reglan sem hún setur fyrir fréttamenn hlýtur að gilda líka um hana sjálfa og aðra forystumenn í Framsókn. Hún hlýtur því að vilja láta reka Jón, – eða gefa honum kost á að hætta sjálfur. Annað væri tvöfalt siðgæði.

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**

### EES virkar fínt og sanngjarnt

Vissulega væri bara best ef að Íslendingar afnæmu einhliða alla tolla og hömlur á flutninga fólks og vara til og frá landinu. En það mun bara aldrei gerast. Þess vegna eigum við að halda í EES-samninginn þar sem hann virkar fínt og er sanngjarn. Hver veit svo hvaða vitleysum og undanþágum ráðamönnum tækist að troða inn í nýjan samning á þeim áratug sem tæki að semja hann.

**Pawel Bartoszek á deiglan.com**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

30%
afsláttur

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

FUNDIR

**Aðalfundur**

**Aðalfundur Beinverndar verður haldinn miðvikudaginn 16. febrúar klukkan 15:00 í turnherberginu á Landakoti. Dagskrá, venjuleg aðalfundarstörf.**

**Stjórnin**

TILKYNNINGAR

**Viltu syngja með okkur?**



**Óskum eftir söng glöðu og lagvissu fólki, konum sem körlum í hópinn okkar í Fríkirkjuna við tjörnina.**

Áhugasamir hafi samband við Önnu Siggu Helgadóttur söngstjóra í síma 8613843.

**Fríkirkjan í Reykjavík**

ATVINNA

**Leitum af starfsmanni við afgreiðslu á Sólbaðsstofu í Hafnarfirði. Vinnutími frá 16:00 til 22:00.**

Umsóknir sendist til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða á box@frett.is merkt „Sólbaðsstofa“.

**Viðgerðarmenn**

**Óskum eftir vönum mönnum með þekkingu á glussakerfum og tækjarafmagni.**

Upplýsingar fast í síma 555-6670.

**Vélrás – Bifreiða og vélaverkstæði.**

**Viðgerðarmenn**

**Óskum eftir vönum mönnum til viðgerðar á þungavinnuvélum og vörubílum.**

Upplýsingar fast í síma 555-6670.

**Vélrás – Bifreiða og vélaverkstæði.**

GötuSmiðjan
Til staðar fyrir fólk

**Sálfræðingur / Ráðgjafi**

**óskast á meðferðaheimili Götusmiðjunnar.**

Götusmiðjan Akurhóli við Hellu, sem er meðferðaheimili fyrir unga vímuefnaneytendur, óskar að ráða nú þegar sálfræðing/ráðgjafa, til starfa. Um er að ræða gefandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi, húsnæði getur fylgt.

Upplýsingar gefur Elísabet í síma 566-6100. Umskóknir með ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur sendist á, *elisabet@gotusmidjan.is* fyrir 14. feb. 2005.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.697 **+1,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 426
**Velta:** 4.585 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Jarðboranir | 4,88% | Marel | -2,07% |
| Og fjarskipti | 4,71% | Bakkavör | -0,40% |
| Atorka | 4,20% | SÍF | -0,21% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,60 -0,96% ... Atorka 6,20 +4,20% ... Bakkavör 25,00 -0,40% ... Burðarás 13,05 +1,56% ... Flugleiðir 13,60 +1,12% ... Íslandsbanki 11,80 +2,61% ... KB banki 499,50 +0,40% ... Kögun 46,70 +0,43% ... Landsbankinn 14,30 +2,14% ... Marel 52,10 -2,07% ... Medcare 5,88 +0,51% ... Og fjarskipti 3,56 +4,71% ... Samherji 11,30 +0,44% ... Straumur 10,30 +1,48% ... Össur 82,50 +0,61%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Rífandi gangur í Ryanair

Lággjaldaflugfélagið Ryanair skilaði ríflega 2.800 milljarða hagnaði á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Afkoman var töluvert betri en greiningardeildir fjármálafyrirtækja bjuggust við. Tíðindin eru sérlega jákvæð í ljósi hækkandi olíuverðs. Markaðurinn tók uppgjörinu fagnandi og hækkuðu bréf félagsins um 7,6 prósent eftir birtingu þess.

Fleiri höfðu ástæðu til að fagna því uppgjörið hafði bein áhrif á gengi EasyJet sem Flugleiðir eiga ríflega tíu prósenta hlut í. Flugleiðum virðist verða allt að vopni þessa dagana og hefur félagið hækkað mest allra félaga í Kauphöll Íslands frá áramótum. Stærsta eigandanum Hannesi Smárasyni til mikilla hagsbóta.




### Orðrómur á hjólum

Það er fleira sem snýst í bílabransanum en viftureimar. Spólandi orðrómur er um að bifreiðaumboðið Hekla sé til sölu, en hlutaðeigandi hafa lítið gefið fyrir þær vangaveltur.

Herðubreið sem er eignarhaldsfélag Tryggva Jónssonar, forstjóra Heklu, keypti hlut Tryggingamiðstöðvarinnar í fyrirtækinu. TM átti þriðjung í Heklu, en Tryggvi var fyrir með meirihluta.

KB banki fjármagnaði kaup Tryggva á sínum tíma og ganga kjaftasögurnar í bænum út á það að KB banki vilji mynda hóp til að kaupa Heklu. Á hinum endanum vinni Tryggvi hins vegar að því að fá fjárfesta til liðs við sig. Aðalfundur Heklu er fram undan og hugsanlegt að niðurstaða um framtíðareignarhald félagsins liggi þá fyrir.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Úrvalsvísitalan** hefur hækkað nær linnulaust frá áramótum og er nú 10,04 prósentum hærri en í upphafi árs.

Aðeins tvö félög í **Úrvalsvísitölunni** lækkuðu í gær en þrettán þeirra hækkuðu.

Hækkun **Flugleiða** frá áramótum nemur nú 38,1 prósent en **Landsbankinn** hefur hækkað næstmest, um 18,2 prósent.

**Medcare** er eina félagið í **Úrvalsvísitölunni** sem hefur lækkað á árinu. Hlutabréf í félaginu eru nú 3,61 prósent ódýrari en við lok árs.

Í Lundúnum hækkaði **FTSE** vísitalan um 0,40 prósent í gær. Þýska **Dax** vísitalan hækkaði um 1,26 prósent og hlutabréf hækkuðu einnig í Japan. **Nikkei** hækkaði um 0,59 prósent.

# Óbreytt í stjórn Straums

Stjórn Straums fjárfestingarbanka verður óbreytt eftir aðalfund bankans. Sjálfkjörið er í stjórnina.

Kristinn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, kemur aftur í stjórnina en hann vék úr stjórninni tímabundið í kjölfar birtingar skýrslu Samkeppnisstofnunar um olíufélögin. Aðrir í stjórn eru Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, sem er eins og Kristinn stór hluthafi í bankanum. Þá er í stjórninni Þór Kristjánsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Actavis og samstarfsmaður Björgólfsfeðga og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.



**HÆTTIR Í STJÓRN TM** Þorsteinn Már Baldvinsson verður áfram í stjórn Straums, en hættir í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar.

Samhliða tilkynningu um stjórnarmenn í Straumi hefur Þorsteinn Már tilkynnt að hann muni ekki gefa kost á sér í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar. Fjármálaeftirlitið setti Straumi skilyrði vegna eignarhluta í Íslandsbanka og Tryggingamiðstöðinni og er ákvörðun Þorsteins Más tekin í ljósi þeirra skilyrða. ■

MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 04: 24.01. - 30.01.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | mbl.is | 164.702 | 1.186.008 | 6.143.321 |
| 2. | visir.is | 138.367 | 548.932 | 4.856.512 |
| 3. | hugi.is | 112.715 | 221.748 | 1.316.689 |
| 4. | leit.is | 95.531 | 424.816 | 1.621.103 |
| 5. | eve-online.com | 63.004 | 249.122 | 3.221.793 |
| 6. | barnaland.is | 43.069 | 209.745 | 5.106.316 |
| 7. | ruv.is | 37.118 | 104.509 | 459.390 |
| 8. | doktor.is | 16.515 | 26.551 | 240.460 |
| 9. | humor.is | 14.813 | 38.603 | 218.797 |
| 10. | kvikmynd.is | 14.235 | 22.752 | 381.858 |
| 11. | textavarp.is | 13.582 | 26.882 | 36.540 |
| 12. | bt.is | 12.470 | 25.021 | 185.854 |
| 13. | shopusa.is | 12.193 | 23.138 | 66.312 |
| 14. | visindavefur.hi.is | 11.670 | 15.258 | 68.728 |
| 15. | femin.is | 11.294 | 28.266 | 355.122 |
| 16. | vikurfrettir.is | 10.176 | 26.905 | 95.814 |
| 17. | sport.is | 9.924 | 28.664 | 140.160 |
| 18. | rsk.is | 8.910 | 19.808 | 110.901 |
| 19. | tonlist.is | 8.400 | 13.253 | 82.871 |
| 20. | reykjavik.is | 8.139 | 12.837 | 46.238 |
| 21. | althingi.is | 7.592 | 18.177 | 106.392 |
| 22. | habil.is | 7.456 | 16.232 | 149.532 |
| 23. | flugfelag.is | 6.910 | 12.476 | 59.836 |
| 24. | icetourist.is | 6.890 | 8.723 | 72.399 |
| 25. | spamadur.is | 6.595 | 15.259 | 115.951 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

# Gengi krónunnar sterkt til frambúðar

**Greiningardeild Landsbankans telur að raungengi krónunnar verði til frambúðar sterkara en söguleg meðaltöl segja til um. Framleiðniaukning og breytingar í efnahagslífinu geta gert útflutningsfyrirtækjum kleift að vera samkeppnishæf þrátt fyrir þetta.**

Hátt raungengi krónunnar um þessar mundir er til marks um bætt efnahagsskilyrði í landinu og því er líklegt að krónan verði áfram sterk. Þetta kom fram í riti greiningardeildar Landsbankans „Sterk króna til framtíðar“ sem kom út í gær.

Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í Landsbankanum, segir það vera til marks um styrkleika í hagkerfinu að raungengið fari hækkandi því það gefi til kynna að framleiðni og kaupmáttur fari vaxandi. „Það er styrkleikamerki að raungengið fari hækkandi,“ segir hann.

Í riti greiningardeildarinnar kemur fram að gera megi ráð fyrir að gengisvísitala krónunnar haldist í námunda við 115 stig fram á mitt næsta ár. Þá muni gengið gefa eftir og fara í 130 stig en ná nýju jafnvægi í kringum 125 stig. Gangi þessi spá eftir þýðir það að raungengið verði um fimm prósentum hærra en sögulegt meðaltal áranna 1990 til 2003 segir til um næst þegar jafnvægi er í þjóðarbúskapnum.

Stóriðjuframkvæmdir ráða miklu um sterkt gengi krónunnar um þessar mundir en aðrir þættir hafa hins vegar þau áhrif á langtímaspá Landsbankans vísar til þess að gengið verði áfram sterkt. „Þau atriði sem skipta mestu eru lækkandi fjármagnskostnaður, hagstætt skattaumhverfi, breytingar á vinnumarkaði, minnkandi vægi sjávarútvegs og vaxandi eignir íslenskra fyrirtækja og lífeyrissjóða erlendis,“ segir í riti greiningardeildarinnar.

Raungengi segir til um hlutfallslega verðþróun á milli landa.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**SPÁIR ÁFRAM STERKU GENGI** Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í Landsbankanum, bendir á að hátt raungengi sé fylgifiskur framleiðni- og kaupmáttaraukningar og gefi því til kynna að hagkerfið sé kraftmikið.

Hátt raungengi krónunnar bendir til þess að kostnaður við framleiðslu hafi aukist hraðar hér á landi en í samkeppnislöndunum. Sú þróun hefur verið á undanförnum árum. Frá 1998 hefur verðlag á Íslandi hækkað um 32 prósent en um 13 prósent í samkeppnislöndunum og launakostnaður hefur hækkað um 25 prósent á Íslandi en um 12 prósent í samkeppnislöndunum. Þetta bendir til þess að þótt nafngengi krónunnar sé svipað nú og árið 1998 þá hafi samkeppnisaðstæður íslensks atvinnulífs versnað verulega.

Björn Rúnar segir að aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka muni ráða mestu um það hvort íslenskt atvinnulíf nái að standa undir því að raungengi krónunnar verði áfram sterkt á næstu árum.

„Einhverjar atvinnugreinar munu líða fyrir þessa þróun en fyrirtækin eiga að geta borið þann kostnaðarauka sem hærra raungengi felur í sér vegna framleiðniaukningar og aukin framleiðni getur skilað varanlegri kaupmáttaraukningu inn í hagkerfið,“ segir Björn Rúnar.

**thkjart@frettabladid.is**

100% veðsetningarhlutfall
Frjáls íbúðalán
4,15%
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is
Himinn og haf/SÍA

**Kl. 13.30**
*hefst í Þjóðminjasafninu málþing á vegum Söguféags um ritverkið Stjórnarráð Íslands 1964-2004. **Guðni Th. Jóhannesson** sagnfræðingur, **Helga Jónsdóttir** borgarritari, **Svanur Kristjánsson** stjórnmálafræðingur og **Kristín Ástgeirsdóttir** sagnfræðingur ræða um verkið.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Funheitur tangó í febrúar

Fyrsta tangókvöld ársins verður í Iðnó í kvöld. Tangódansarar, leikir og lærðir, eru hvattir til að bregða sér í Iðnó og fá leiðsögn í þessum funheita dansi og njóta um leið tónlistar frábærra tónlistarmanna. Húsið verður opnað klukkan 20, fyrsta klukkutímann er boðið upp á leiðsögn en klukkan 21 stígur Tangósveit lýðveldins á stokk og leikur til klukkan 23. Sveitin er skipuð þeim Hjörleifi Valssyni fiðluleikara, Tatu Kantomaa bandoneonleikara, Ástvaldi Traustasyni harmónikuleikara, Vigni Þór Stefánssyni píanóleikara og Gunnlaugi T. Stefánssyni kontrabassaleikara. Miðaverð er kr. 1.000 og boðið er upp á léttar veitingar.



TÓNLEIKAR

# Síðasti bærinn í Salnum

Tvennir tónleikar verða haldnir á Myrkum músíkdögum í kvöld, báðir í hinum glæsilega tónleikasal, Salnum í Kópavogi. Fyrri tónleikarnir hefjast klukkan 20 og þá flytja þau Nicole Vala Cariglia sellóleikari og Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari verk eftir Victor Urbancic, Karl O. Runólfsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Huga Guðmundsson og Jón Nordal.

Klukkan 22 hefjast síðan aðrir tónleikar á sama stað þar sem flutt verður tónlist eftir Jórunni Viðar. Flytjendur eru KaSa-hópurinn ásamt Kirkjukór Áskirkju og fleiri góðum gestum.

Kórinn ríður á vaðið og flytur án undirleiks tvö íslensk þjóðlög í útsetningu Jórunnar. Það er Kári Þormar sem stjórnar kórnum.

Síðan taka þau Sif M. Tulinius fiðluleikari og Peter Máté píanóleikari við og flytja Íslenska svítu fyrir fiðlu og píanó frá 1974. Næst flytja Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari Tilbrigði um íslenskt þjóðlag frá árinu 1964.

Síðast á dagskránni frumflytur KaSa-hópurinn nýtt verk eftir Þórð Magnússon sem byggt er á tónlist Jórunnar Viðar við kvikmynd Óskars Gíslasonar, Síðasti bærinn í dalnum, frá árinu 1950.

„Okkur fannst það synd að þessi tónlist heyrist ekkert,“ segir Nína Margrét Grímsdóttir. „Við fengum Þórð til liðs við okkur og honum hefur tekist mjög vel upp. Honum tókst að semja verk með þjóðlegu yfirbragði þar sem hann blandar saman sínum stíl og Jórunnar.“

Þórður mun sjálfur stjórna flutningnum.

„Þessi tónlist Jórunnar hefur bara varðveist í hljóðritun sem tónlist við kvikmyndina, en þetta var í fyrsta skipti sem tónlist var samin við íslenska kvikmynd í fullri lengd.“ ■



**JÓRUNN VIÐAR** Tónlist eftir Jórunni verður flutt á Myrkum músíkdögum í kvöld. Jórunn hlaut heiðursverðlaun Íslensku Tónlistarverðlaunanna í fyrra fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi.

# Sungið á pólsku

**TÓNLIST**
FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Alina Dubik/Jónas Ingimundarson**
Salurinn

Á tónleikum sem haldnir voru í Salnum í Kópavogi s.l. laugardag söng Alina Dubik mezzósópran við undirleik Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara. Á efnisskránni voru verk eftir Mieczyslaw Karlowicz, Bjarna Böðvarsson, Fryderyk Chopin og Pjotr Tsjaíkovskíj.

Íslendingar hafa notið góðs af því um langt árabil að hingað hafa flust erlendir tónlistarmenn, sest að og auðgað tónlistarlífið. Alina Dubik er einn slíkur. Hún er löngu vel þekkt fyrir söng sinn eins og aðsóknin á þessum tónleikum sýndi. Verkefnavalið endurspeglaði bakgrunn hennar: Það var pólskt með íslensku og rússnesku ívafi.

Karlowicz var uppi á seinni hluta nítjándu aldar og samdi aðallega sinfóníska tónlist, þar með talið sinfónísk ljóð. Hann hefur heldur ekki verið neinn aukvisi í gerð sönglaga af þeim lögum hans að dæma sem þarna voru flutt. Þau eru mjög vel samin og fjölbreytt að allri gerð. Chopin er að sönnu frægastur fyrir píanótónlist sína. Það var mjög forvitnilegt að heyra sönglög hans á þessum tónleikum. Þótt Chopin byggi í París á fullorðinsárum sínum var Pólland honum jafnan ríkt í huga. Lagið „Laufið fellur af trjánum“ sýnir þetta vel. Það er sérkennilegt og áhrifaríkt verk og myndar sterka heild með textanum. „Óskin“ er annað dæmi sem sýnir að form sönglagsins hentaði snilligáfu Chopins vel.

Heldur hefur verið hljótt hingað til um sönglög Bjarna Böðvarssonar. Lögin sem þarna voru flutt bera merki íslenskra þjóðlaga og fimmundarsöngs. Þau eru áheyrileg, einkar persónuleg í stíl og gefa tilefni til þess að verk þessa tónskálds verði skoðuð frekar.

> **Alina Dubik hefur sérlega fallega, hlýja rödd sem lætur vel í eyrum. Túlkun hennar er yfirlætislaus og að sama skapi tilfinningarík og fjölbreytt.**

Tsjaíkovskíj samdi tónlist í öllum formum, þar á meðal eru mörg sönglög hans vel þekkt. Þarna var boðið upp á gott sýnishorn af lögum þessa rússneska meistara en tilkomumest var „Söngur hermannsins“ úr kantötunni „Moskva“.

Alina Dubik hefur sérlega fallega, hlýja rödd sem lætur vel í eyrum. Túlkun hennar er yfirlætislaus og að sama skapi tilfinningarík og fjölbreytt. Undirritaður hafði ekki vitað sig hingað til kunna neitt í pólsku eða rússnesku, fyrr en Alina Dubik hóf söng sinn. Þá virtust þessi framandi tungumál gamalkunnug, að vísu með góðum stuðningi af þýðingum Reynis Axelssonar. Alina sýndi að hún á marga strengi í hörpu sinni en glæsilegust voru tilþrifin í „Söng hermannsins“.

Jónas Ingimundarson lék á píanóið af þeirri tillitssemi sem einkennir hinn þjálfaða undirleikara. Hann sýndi sérlega gott vald á styrkbrigðum hljóðfærisins og hafði alltaf mjög fallegan tón. ■



**ALINA DUBIK** Sýndi að hún á marga strengi í hörpu sinni en glæsilegust voru tilþrifin í „Söng hermannsins“.


LAGERÚTSALA







T-bolir frá 300 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar 1.000 / Pólóbolir frá 500
Samfestingar 1.000 / Skyrtur 1.000
Jakkar frá 1.000 / Háskólapeysur frá 500
Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur
Íþróttafatnaður / Húfur / Handklæði

Opið 9-17 virka daga
og laugardaga 11-17
Höfðabakka 9

tanni auglýsingavörur

í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu

ÚTSÖLULOK



VERÐHRUN

| dömu & herrafatn. | verðdæmi | útsala | verðhrun |
|---|---|---|---|
| isotex úlpur | 17.990,- | 9.995,- | 4.990,- |
| isotex jakkar | 13.990,- | 6.995,- | 4.990,- |
| flíspeysur | 5.990,- | 2.995,- | 1.490,- |
| smávara | 1.990,- | 995,- | 490,- |

| barnafatnaður | verðdæmi | útsala | verðhrun |
|---|---|---|---|
| úlpur | 7.990,- | 3.990,- | 1.990,- |
| flíspeysur | 3.990,- | 1.990,- | 990,- |
| smávara | 1.990,- | 990,- | 490,- |

OPIÐ
Virka daga 10 – 18
Laugardag 11 – 16

REGATTA GREAT OUTDOORS

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 • Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 • Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

**BUSTER KEATON (1895-1966)** dó þennan dag.



*„Hugsaðu hægt, framkvæmdu hratt.“*

***Joseph Francis Keaton var stundum kallaður „steinandlitið mikla“. Aðalsmerki hans var að halda grafalvarlegum svip í hamagangi og skrípalátum þöglu gamanmyndanna. Harry Houdini er sagður hafa fyrstur kallað Keaton „Buster“ eftir að hafa séð hann, þriggja ára, detta niður stiga án þess að meiða sig.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# 101 árs afmæli heimastjórnar

Í dag er 101 árs afmæli heimastjórnar í landinu. Hinn 1. febrúar árið 1904 fengu Íslendingar heimastjórn,Ýþingræði var fest í sessi og Stjórnarráð Íslands stofnað. Ráðherra Íslands, sem var Hannes Hafstein, skáld og fyrrum sýslumaður á Ísafirði, fékk aðsetur í Reykjavík, sem varð miðstöð stjórnsýslu í landinu. Ráðherraembættinu sem til varð með heimastjórninni fylgdu meiri völd og ábyrgð en nokkurri stöðu hér á landi öldum saman. Í sérmálum landsins tók ráðherrann við því valdi sem danska stjórnin hafði áður, en var engu að síður háðari vilja Alþingis en danski



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Árið 1904 fengum við heimastjórn, þingræði var fest í sessi og Stjórnarráð Íslands stofnað.

Íslandsráðherrann áður. Flutningur framkvæmdavaldsins hingað frá Danmörku markaði þáttaskil og var stórt skref í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði. Eitt af hlutverkum heimastjórnarinnar var að fylgja eftir vaxandi sjálfstæðiskröfum Íslendinga, en heimastjórnartíminn markast af upphafi heimastjórnar þar til samningar um fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku náðust árið 1918. Þar með var Ísland orðið ríki út af fyrir sig og hafði samningsbundinn rétt til að segja upp sambandinu við Danmörku að aldarfjórðungi liðnum. Þannig var fullveldið 1918 stærsta formlega skrefið til sjálfstæðis landsins. Því var svo fylgt eftir árið 1944 með því að slíta sambandinu við Danmörku og stofna sjálfstætt lýðveldi. Það var gert á Þingvöllum á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar, 17. júní.

## MERKISATBURÐIR

**1587** Elísabet I Englandsdrottning skrifar undir skipun um aftöku Maríu Skotadrottningar.

**1930** Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík tók gildi og var lítið breytt í rúma hálfa öld.

**1935** Áfengisbann sem staðið hafði frá 1. janúar 1915 var afnumið.

**1973** Alþingi samþykkti lög um stofnun Viðlagasjóðs til að bæta tjón vegna Vestmannaeyjagossins.

**1991** F.W. de Klerk forseti Suður-Afríku tilkynnir að öll lög sem stuðli að aðskilnaðarstefnu verði aflögð.

**1996** Jacques Chirac forseti Frakklands tilkynnir að landið hafi aflagt kjarnorkutilraunir fyrir fullt og allt.

**1999** Loftskeytastöðin í Gufunesi hættir morssendingum.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1901** Clark Gable, leikari

**1902** Langston Hughes, rithöfundur og ljóðskáld



**1931** Boris Nikolajevitsj Jeltsín, fv. forseti Rússlands

**1937** Don Everly, úr Everly Brothers

**1938** Sherman Hemsley, leikari



**1942** Terry Jones, leikari úr Monty Python

**1952** Rick James, söngvari



**1965** Brandon Lee, leikari, sonur Bruce Lee



**1965** Stefanía Mónakóprinsessa



**1965** Sherilyn Fenn, leikkona



**1968** Lisa Marie Presley, söngkona, dóttir Elvis Presley

**1970** Pauly Shore, gamanleikari

---

†

*Móðir okkar*

**Steinunn Guðmundsdóttir**

fyrrv. prentsmiðjustjóri

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, föstudaginn 28. janúar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Magnús Guðmundsson.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

Jóna **Júlía Valsteinsdóttir**

fyrrverandi skólameistari,

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, að morgni 29. janúar. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Henning Þorvaldsson, Steinunn Alfreðsdóttir, Birna Þorvaldsdóttir, Jón Ragnar Jónsson, Valdís Ólöf Þorvaldsdóttir, Steinar Harðarson, Sigurbjartur Á. Þorvaldsson, Sveinsína Björg Jónsdóttir, Guðmundur Páll Þorvaldsson, Helga Aðalbjörg Þórðardóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Finnbogi Halldórsson**

Hlíf I, Ísafirði, áður til heimilis að Tangagötu 15a (Garðshorni),

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, laugardaginn 29. janúar 2005. Jarðarförin verður laugardaginn 5. febrúar 2005, kl. 14.00.

**Óskar Rúnar Samúelsson, Dagný Viggósdóttir, Páll A. Sigurðsson, Hjördís Jafetsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

## TÍMAMÓT: NÝR FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

# Ætlar að upplýsa betur um stofnunina

Í dag tekur formlega gildi skipun Hildar Dungal sem forstjóri Útlendingastofnunar. „Ég er auðvitað mjög glöð að fá þetta tækifæri og gaman að fá að takast á við þennan stóra málaflokk,“ segir hún og bætir við að hún komi nú ekki alveg ókunnug að hnútunum því hún hafi starfað í tæp tvö ár hjá Útlendingastofnun. „Þess vegna þekkir maður ágætlega innviði stofnunarinnar, málaflokkinn og hefur átt nokkurn þátt í að móta hann að einhverju leyti.“ Hildur hóf störf hjá stofnuninni í apríl árið 2003 sem almennur lögfræðingur, en tók við stjórn stjórnsýslusviðs í ársbyrjun í fyrra. Hún var svo gerð að staðgengli forstjóra síðasta haust og settur forstjóri fyrir mánuði síðan þegar Georg Lárusson tók við starfi forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Hildur segir ekki stórfelldra breytinga að vænta vegna þessa hjá stofnuninni, enda sé henni sniðið bæði hlutverk og stefna í lögum og áherslum stjórnvalda hverju sinni. „En auðvitað er maður kannski með einhverjar hugmyndir um hvernig koma á fram við viðskiptavini og hvernig efla má umræðuna um útlendingamál þannig að okkar sjónarmið fái betri kynningu og þær reglur sem við miðum við og höfum að leiðarljósi í okkar ákvörðunum,“ segir hún og telur að þannig megi auka skilning almennings á eðli Útlendingastofnunar. „Þetta er nú kannski það sem maður sér fyrir sér að leggja áherslu á, svona til að byrja með.“ Hildur bendir á að stofnunin geti lítið tjáð sig um mál sem



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HILDUR DUNGAL** Segir breytingar á vegabréfum stærsta verkefni næsta árs.

þar eru til umfjöllunar vegna þess að þau snerti persónuleg mál fólks. „En við gætum hins vegar reynt að efla umræðuna almennt þannig að fólk skilji betur á hvaða forsendum við tökum okkar ákvarðanir. Svo liggja auðvitað fyrir verkefni, eins og eitt það stærsta sem við eigum eftir að takast á við á þessu ári, sem er breytingin á vegabréfunum með lífkennum.“

Áður en Hildur hóf störf hjá Útlendingastofnun starfaði hún sem deildarstjóri á innheimtu- og lögfræðideild á tollheimtusviði Tollstjórans í Reykjavík. „Segja má að málin þar hafi ekki verið ósvipuð og hér, því ég vann við lögfræðileg málefni og svo upplýsingagjöf um tollamál, bæði til almennings, sýslumanna og annað.“ Þá hefur Hildur víðtæka reynslu af öðrum störfum, en hún hefur meðal annars starfað bæði sem fyrirsæta og flugfreyja. Þá tók hún fyrir tvítugt þátt í fegurðarsamkeppnum, varð árið 1989 í öðru sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands og keppti árið eftir fyrir hönd landsins í keppninni um Ungfrú alheim. „Ég veit nú samt ekki hverju sú reynsla skilaði,“ segir hún og hlær. „Auðvitað nýtist öll svona lífsreynsla á einhvern hátt, en ég var náttúrlega bara 17 ára. Maður hins vegar lærir að koma fram og þannig eykur þetta bæði sjálfstraust og sjálfstæði.“ Hildur segir hins vegar flugfreyjustörfin hafa nýst vel, en þau vann hún með skóla á sumrin. „Það var rosalega góð reynsla í mannlegum samskiptum. Ef upp koma vandamál þá verður bara að leysa úr þeim því ekki verður þeim vísað annað í lokuðu rými í háloftunum.“ ■


**Minningarkort Hjartaverndar**
**535 1825**
HJARTAVERND



**Eldri borgarar**
**Eldri borgarar**
**Ferðaklúbbur eldri borgara**
auglýsir 11. daga ferð til Færeyja með Norrænu þann 24.maí til 3. júní.
Farið verður í skoðunarferðir m.a. til Suðureyjar, um Vestmannabjörgin, Klakksvíkur og fleira.
Innifalið í verði er: rúta, gisting, kvöldverðir, siglingar og leiðsögn um Færeyjar. Gist er eina nótt á Akureyri, ein nótt á Hótel Vagar og 5 nætur á Hótel Færeyjar og eina nótt á Hótel Skaftafelli á heimleið.
Verð pr. mann er kr. 109.000
Allir eldri borgarar velkomnir.
Nánari uppl. og skráning er hjá Hannesi í síma 892-3011
**Sumarferðirnar verða auglýstar síðar.**
**Ferðaklúbbur Eldri borgara.**


## AFMÆLI

**Valborg Sigurðardóttir**, fyrrum skólastjóri Fósturskólans, er 83 ára í dag.

**Helgi Skúli Kjartansson** sagnfræðingur er 56 ára í dag.



**Drífa Hjartardóttir** alþingismaður er 55 ára í dag.

**Guðrún Ebba Ólafsdóttir** borgarfulltrúi er 49 ára í dag.

**Smári Pálsson** sálfræðingur er 34 ára í dag.



**Birgir Örn Thoroddsen** tónlistarmaður, þekktur sem Bibbi Curver, er 29 ára í dag.

**Katrín Jakobsdóttir**, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, er 29 ára í dag.

## ANDLÁT

**Magnús Hörður Magnússon** lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, fimmtudaginn 20. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir**, Varmalandi, Laugarbakka, lést fimmtudaginn 27. janúar.

**Kristín Aðalheiður Magnúsdóttir**, frá Eskifirði, lést föstudaginn 28. janúar.

**Ólína Ben Kjartansdóttir**, Langholtsvegi 196, Reykjavík, lést laugardaginn 29. janúar.

**Jónína Þórunn Jónsdóttir**, ljósmóðir, á Keldum, lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi, Hellu, laugardaginn 29. janúar.

**Sveinbjörg Pálína Vigfúsdóttir**, frá Flögu í Skaftártungu, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, lést sunnudaginn 30. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Ingibjörg Þorleifsdóttir**, Álfaborgum 15, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Margrét Ingimarsdóttir**, áður Hátúni 12, Safamýri 53, Reykjavík, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

15.00 **Anna Garðarsdóttir**, Vorsabæ 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 Minningarathöfn um **Hjalta Guðmundsson**, Bæ, Árneshreppi, verður haldin í Dómkirkjunni.



# Brostu FRÍTT

AP almannatengsl / H2 hönnun

**Föstudaginn 4. febrúar, eftir hádegi, bjóða 128 tannlæknar um allt land upp á ókeypis skoðun og ráðgjöf á tannlæknastofum sínum. Þetta framtak Tannlæknafélagsins er liður í Tannverndarviku.**

Í tilboðinu felst stutt skoðun, ráðgjöf um núverandi ástand og úrræði við því. Auk þess verður fólk beðið að taka þátt í stuttri könnun á vegum Tannlæknafélags Íslands og Lýðheilsustöðvar þar sem leitast verður við að greina mögulegan skaða í munnholi af völdum reykinga.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir að panta tíma sem fyrst en lista yfir tannlækna, sem taka þátt í þessu framtaki, má sjá hér að neðan.

**101 Reykjavík**
- Ingvi Kristinn Jónsson 511-4010
- Stefán Hallur Jónsson 511-4010
- Ögmundur M. Ögmundsson 551-0086
- Helga Ágústsdóttir 543-9832

**103 Reykjavík**
- Kristín Sandholt 588-2277
- María Elíasdóttir 588-3030

**105 Reykjavík**
- Þorsteinn Hængsson 533-2008
- Hængur Þorsteinsson 553-5770
- Jón Ásgeir Eyjólfsson 551-3720
- Ósk Þórðardóttir 562-1115
- Ragna B. Baldvinsdóttir 551-1819
- Matthías Sigurðarson 562-2044
- Margrét María Þórðardóttir 562-6299

- Gunnlaugur Þ. Guðmundsson 568-2522
- Kjartan Þ. Ragnarsson 568-2522
- Heimir Sindrason 553-0620
- Björn Þ. Þórhallsson 562-6106
- Geir Atli Zoëga 551-7022
- Gunnar Helgason 552-6333
- Ásgeir Sigurðsson 552-6333
- Inga B. Árnadóttir 551-1975
- Magnús T. Torfason 552-3120
- Skúli Kristjánsson 561-3262
- Björn B. Alfreðsson 552-6645
- Jónas B. Birgisson 552-1210
- Gunilla Skaptason 551-3133
- Ellen Flosadóttir 533 1155

**107 Reykjavík**
- Birgir Ólafsson 557-7791

**108 Reykjavík**
- Sigurgeir Steingrímsson 552-3495
- Sigurjón Sigurðsson 568-1377
- Bjarni Sigurðsson 588-8866
- Þórarinn Jónsson 588-9730
- Ólafur Hans Grétarsson 588-1880
- Ólafur Páll Jónsson 588-1522
- Sigurður Benediktsson 588-1688
- Þór Axelsson 588-2969
- Kristín Gígja Einarsdóttir 568-5015
- Egill Kolbeinsson 568-6695
- Elín Sigurgeirsdóttir 553-4530
- Rúnar Vilhjálmsson 553-4530
- Freydís Þóroddsdóttir 553-4530
- Gísli Einar Árnason 553-4530
- Sigríður Sólveig Ólafsdóttir 553-6423
- Magnús Jón Björnsson 568-2522
- Kjartan O. Þorbergsson 553-8950
- Benedikt B. Ægisson 553-4450
- Birgir J. Dagfinnsson 553-3210
- Björgvin Ó. Jónsson 553-2501
- Björn Þorvaldsson 553-1420
- Elsa A. Steingrímsdóttir 553-1420
- Ómar Líndal Marteinsson 553-4646
- Oddgeir Gylfason 581-1088
- Gunnar Rósarsson 588-3113
- Ingólfur Eldjárn 588-2110

**109 Reykjavík**
- Gestur Már Fanndal 551-1001
- Hólmfríður Th. Brynjólfsdóttir 551-1001
- Sveinn Ásgeirsson 551-1001

**110 Reykjavík**
- Svanhvít D. Sæmundsdóttir 587-5511

**111 Reykjavík**
- Vilhjálmur H.Vilhjálmsson 587-0100

**170 Seltjarnarnes**
- Jóhann Gíslason 561-1325

**200 Kópavogur**
- Þórir Gíslason 554-1687
- Sif Matthíasdóttir 564-1122
- Hlynur Þór Auðunsson 564-2660
- Tinna Kristín Snæland 564-6450
- Páll Ævar Pálsson 564-2660
- Ragnar Kr. Árnason 554-2515

**201 Kópavogur**
- Gunnar Guðni Leifsson 554-2122
- Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson 564 6550
- Anna Sigríður Stefánsdóttir 564-6131
- Ólafur Árni Thorarensen 564-6131
- Kristín Ragnarsdóttir 564-6141
- Elva Björk Sigurðardóttir 564-2425
- Hrönn Róbertsdóttir 562-6466
- Sævar Pétursson 562-6466
- Kristín Sigurðardóttir 544-4007
- Jónína Pálsdóttir 544-4007
- Elfa Guðmundsdóttir 564-6250
- Helga Þórdís Gunnarsdóttir 564-5411
- Margrét Hjaltadóttir 564-5466
- Guðný Esther Gunnarsdóttir 544 5150
- Hanna Kristín Pétursdóttir 554-7075
- Ingigerður Guðmundsdóttir 554-7070
- Anna Daníelsdóttir 554-7840
- Anna Margrét Thoroddsen 554-7050

**210 Garðabær**
- Jón Hjaltalín Gunnlaugsson 565-6588
- Engilbert Snorrason 565-6844
- Áslaug Óskarsdóttir 565-9080
- Gunnar Erling Vagnsson 565-9097

**220 Hafnarfjörður**
- Kjartan Guðjónsson 555-2046
- Hlynur Andrésson 555-4544
- Sigurður Örn Eiríksson 555 2050
- Bjarki Ágústsson 565-1600
- Einar Kristleifsson 565-1411
- Guðmundur Rúnar Ólafsson 565-1411
- Margrét Helgadóttir 565-1399

**230 Keflavík**
- Benedikt Jónsson 421-2577
- Ingi Gunnlaugsson 421-2577
- Einar Magnússon 421-1030
- Kristín J. Geirmundsdóttir 421-8686
- Sturla Þórðarson 421-5615
- Jón Björn Sigtryggsson 421-5615

**240 Grindavík**
- Guðmundur L. Pálsson 426-7321

**270 Mosfellsbær**
- Guðjón S. Valgeirsson 566-6992

**300 Akranes**
- Jónas Geirsson 431-2355

**310 Borgarnes**
- Hilmir Valsson 437-2223
- Örn Ármann Jónsson 437-1690
- Anna Gerður Richter 437-1690

**340 Stykkishólmur**
- Klæmint Antoniussen 438-1315

**355 Ólafsvík**
- Ari Bjarnason 436-1010

**530 Hvammstangi**
- Erling Valdimarsson 451-2119

**550 Sauðárkrókur**
- Eyjólfur Sigurðsson 453-6282
- Ingimundur Kr. Guðjónsson 453-5252
- Páll Ragnarsson 453-5800

**600 Akureyri**
- Einar Þór Rafnsson 462-6323
- Garðar Sigurðsson 462-6323
- Kristján Víkingsson 462-6323
- Haukur F. Valtýsson 462-7070
- Bessi Skírnisson 462-7073
- Björn M. Rögnvaldsson 462-7544
- Guðlaugur J. Jóhannsson 462-7108
- Guðrún Rut Guðmundsdóttir 462-7182
- Halldór G. Halldórsson 462-7102
- Sigrún J. Marteinsdóttir 462-3991

**800 Selfoss**
- Halldór Gísli Sigþórsson 482-2030
- Sigríður Sverrisdóttir 482-1780

**860 Hvolsvöllur**
- Sæmundur Holgersson 487-8224

**900 Vestmannaeyjar**
- Heimir Hallgrímsson 481-2772

**Að Tannverndarviku, sem haldin er dagana 31. janúar til 6. febrúar, standa Lýðheilsustöð og Tannlæknafélag Íslands. Þema vikunnar er skaðleg áhrif reykinga og munntóbaks á munn- og tannheilsu.**

nicorette

Tannlæknafélag Íslands

# sport

sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

...íþróttadeild Ríkissjónvarpsins sem hefur heldur betur tekið Heimsmeistaramótið í handknattleik upp á arma sína jafnvel þótt íslenska liðið sé úr leik. Sjónvarpið sýnir þrjá leiki á dag og er þetta frábært framtak hjá þeim.



**Við hrósum...**

...forystu Handknattleikssambands Íslands fyrir að fá þrjá leiki gegn Pólverjum á Íslandi um páskana. Þá verður tæpt ár liðið frá því að íslenska landsliðið lék síðast á heimavelli en það verður fengur af komu Pólverjanna sem eru með hörkulið.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

29 30 31 **1** 2 3 4

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 13.50 **HM í handbolta** á Rúv. Útsending frá leik **Noregs** og **Króatíu** á HM í handbolta.
- 15.10 **HM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Þýskalands** og **Króatíu** á HM í handbolta.
- 16.55 **HM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Tékklands** og **Frakklands** á HM í handbolta.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.20 **World Supercross** á Sýn.
- 20.15 **Tiger Woods** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **The World Football Show** á Sýn.
- 00.40 **HM í handbolta** á Rúv. Útsending frá leik **Noregs** og **Svíþjóðar** á HM í handbolta.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*HM í handbolta í Túnis*

**MILLIRIÐILL 1**

| | |
|---|---|
| SLÓVENÍA–GRIKKLAND | 37–29 |
| **TÚNIS–TÉKKLAND** | **36–25** |
| FRAKKLAND–RÚSSLAND | 25–22 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **TÚNIS** | **3** | **1** | **2** | **0** | **89–78** | **4** |
| RÚSSLAND | 3 | 2 | 0 | 1 | 78–73 | 4 |
| **FRAKKLAND** | **3** | **1** | **1** | **1** | **70–68** | **3** |
| GRIKKLAND | 3 | 1 | 1 | 1 | 76–83 | 3 |
| **SLÓVENÍA** | **3** | **1** | **0** | **2** | **90–88** | **2** |
| TÉKKLAND | 3 | 1 | 0 | 2 | 74–87 | 2 |

**MILLIRIÐILL 2**

| | |
|---|---|
| SPÁNN–ÞÝSKALAND | 32–28 |
| **SVÍÞJÓÐ–SERBÍA** | **26–26** |
| KRÓATÍA–NOREGUR | 25–28 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SERBÍA/SVART.** | **3** | **2** | **1** | **0** | **76–74** | **5** |
| SPÁNN | 3 | 2 | 0 | 1 | 96–87 | 4 |
| **KRÓATÍA** | **3** | **2** | **0** | **1** | **86–86** | **4** |
| NOREGUR | 3 | 1 | 1 | 1 | 79–77 | 3 |
| **ÞÝSKALAND** | **3** | **0** | **1** | **2** | **79–84** | **1** |
| SVÍÞJÓÐ | 3 | 0 | 1 | 2 | 79–87 | 1 |

*1. deild kvenna í körfu*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK–KR | 70–77 |

**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 27 (8 stolnir), Bryndís Guðmundsdóttir 21 (12 fráköst), María Ben Erlingsdóttir 7 (5 fráköst), Svava Ósk Stefánsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6 (5 stoðsendingar, 6 stolnir), Bára Bragadóttir 2.

**Stig KR:** Jerica Watson 35 (14 fráköst, 7 stoðsendingar, 7 stolnir. 3 varin), Georgia Kristiansen 14, Hanna B. Kjartansdóttir 10 ( 6 fráköst), Helga Þorvaldsdóttir 10 (7 fráköst), Gréta María Grétarsdóttir 4 (7 fráköst), Halla Jóhannesdóttir 4.

**Keflavík** vann 18 fyrstu leiki tímabilsins með tíu stigum eða meira en hefur nú tapað þremur leikjum í röð, fyrir Grindavík og KR í deildinni og svo fyrir Haukum í undanúrslitum bikarsins. Keflavík lék án bandarísk leikmanns í gær auk þess sem Anna María Sveinsdóttir lék ekki í þessum leik. Með sigrinum heldur KR lífi í voninni um að bjarga sér frá falli.

| | |
|---|---|
| ÍS–GRINDAVÍK | 51–59 |

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 16 (23 fráköst, 7 stoðsendingar, 5 varin skot), Alda Leif Jónsdóttir 13 (4 stolnir, 4 varin), Stella Rún Kristjánsdóttir 8, Þórunn Bjarnadóttir 7 (6 fráköst), Erna Rún Magnúsdóttir 4, Cecilia Larsson 3.

**Stig Grindavíkur:** Myriah Spence 23 (15 fráköst), Erla Þorsteinsdóttir 16 (7 fráköst), Erla Reynisdóttir 6, Svandís Sigurðardóttir 4 (12 fráköst), Ólöf Helga Pálsdóttir 4, Sólveig Gunnlaugsdóttir 4, María Anna Guðmundsd. 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 14 | 12 | 2 | 1143–853 | 24 |
| **GRINDAVÍK** | **15** | **10** | **5** | **917–832** | **20** |
| ÍS | 14 | 8 | 6 | 831–773 | 16 |
| **HAUKAR** | **15** | **7** | **8** | **984–1035** | **14** |
| NJARÐVÍK | 15 | 5 | 10 | 893–966 | 10 |
| **KR** | **15** | **2** | **13** | **840–1086** | **4** |

# Ísland áfram í fyrsta styrkleikaflokki

Lélegur árangur íslenska landsliðsins á HM í Túnis veikir ekki möguleika íslenska liðsins á því að komast á Evrópumótið í Sviss á næsta ári.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta verður í fyrsta styrkleikaflokki ásamt Tékkum, Spánverjum, Frökkum, Grikkjum, Norðmönnum, Serbum og Svartfellingum og Svíum þegar dregið verður í umspil um sæti á Evrópumótinu sem fram fer í Sviss í byrjun næsta árs.

Þar með er ljóst að íslenska liðið sleppur við að spila gegn þessum sjö sterku þjóðum sem eru með íslenska liðinu í fyrsta styrkleikaflokki. Íslenska liðið gæti þó lent á móti hinu geysisterka liði Ungverja sem er í öðrum styrkleikaflokki eða Pólverjum sem eru í þriðja styrkleikaflokki.

Dregið verður í umspilsleikina í höfuðstöðvum handknattleikssambands Evrópu í Vín í Austurríki 22. febrúar næstkomandi og þá kemur í ljós hverjir andstæðingar íslenska liðsins verða í leikjunum sem fara fram í júní.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að vissulega væri það gott að vera í fyrsta styrkleikaflokki.

„Möguleikarnir að við lendum á móti mjög öflugum þjóðum eru hverfandi og það skiptir auðvitað gríðarlegu miklu máli fyrir íslenskan handbolta að komast á öll stórmót. Það er skýrt í afreksstefnu HSÍ varðandi karlalandsliðið að stefnan er að komast inn á öll stórmót. Við höfum fengið alvarlegar viðvaranir á undanförnum mótum og við verðum að bregðast við hratt og fljótt," sagði Einar.

Hann sagði aðspurður að árangur íslenska liðsins í Túnis væri á einhvern hátt vonbrigði en vildi þó ekki meina að niðurstaðan væri stórslys.

„Menn verða að skoða aðstæður eins og þær eru. Það eru ákveðin kynslóðaskipti í liðinu og það var mjótt á mununum gegn liðunum sem fóru upp úr riðlinum. Hins vegar er ljóst að ég hefði viljað sjá íslenska liðið á meðal tólf efstu liðanna.

oskar@frettabladid.is



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Næsta verkefni íslenska landsliðsins undir stjórn Viggós er umspil um sæti á Evrópumótinu í Sviss á næsta ári.

Sigrún Skarphéðinsdóttir lék sinn 300. deildarleik gegn Haukum:

# Allar Haukastelpurnar fæddar eftir að hún spilaði fyrsta leikinn

**KÖRFUBOLTI** Sigrún Skarphéðinsdóttir, leikmaður kvennaliðs KR, lék sinn 300. deildarleik gegn Haukum á dögunum og komst þar í hóp með Önnu Maríu Sveinsdóttur, sem fyrr í vetur varð fyrsta konan til þess að leika 300 leiki í efstu deild.

Sigrún fékk afhentan blómvönd í hálfleik á leik KR og Tindastóls í Intersportdeild karla. Anna María hefur nú leikið 311 leiki, alla fyrir Keflavík, en Sigrún hefur leikið leikina 300 fyrir Hauka (116), Keflavík (15), Tindastól (60), Breiðablik (18) og KR en 300. leikurinn var 91. leikur hennar fyrir KR í efstu deild og einmitt á móti Haukum þar sem hún lék sinn fyrsta leik 16. desember 1983, fyrir 22 árum síðan. Þess má geta að íslensku leikmenn Haukaliðsins í dag voru ekki fæddir þá því elsti leikmaður Haukaliðsins er fædd 1985 en Sigrún verður 35 ára á þessu ári.

Sigrún hóf ferilinn einmitt með Haukum og varð bikarmeistari með Hafnfirðingum þann veturinn en hún skipti yfir í KR árið 1998 og átti sinn þátt í velgengni KR þegar liðið vann tvöfalt árin 1999, 2001 og 2002. Sigrún varð einnig tvöfaldur meistari með Keflavíkurliðinu 1993. Sigrún er níundi stigahæsti leikmaður efstu deildar kvenna frá upphafi með 2.276 stig í leikjunum 300. ■

**LEIKIR OG STIG FYRIR FÉLÖG:**

| | |
|---|---|
| Haukar | 116/894 |
| **Keflavík** | **15/71** |
| Tindastóll | 60/660 |
| **Breiðablik** | **18/208** |
| KR | 91/443 |

**FLESTIR LEIKIR Í EFSTU DEILD KVENNA:**

| | |
|---|---|
| Anna María Sveinsdóttir | 311 |
| **Sigrún Skarphéðinsdóttir** | **300** |
| Hafdís Helgadóttir | 297 |
| **Guðbjörg Norðfjörð** | **264** |
| Linda Stefánsdóttir | 240 |



**300 LEIKIR Í EFSTU DEILD** Sigrún Skarphéðinsdóttir varð á dögunum önnur konan frá upphafi til þess að leika 300 leiki í efstu deild hér á landi.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

**Larry Brown** lætur sér greinilega fátt um finnast að vera þjálfari núverandi NBA-meistara, Detroit Pistons. **Brown** lét hafa eftir sér í viðtali á dögunum að hann hafi oft dreymt um að þjálfa New York Knicks. Ummælin hafa vakið furðu manna vestan hafs og eru menn í Detroit ekki á eitt sáttir við ummæli kappans. „Mitt eina áhyggjuefni er Detroit Pistons og hvað sé liðinu okkar fyrir bestu," sagði **Joe Dumars**, framkvæmdastjóri Pistons, og vildi lítið tjá sig um ummæli **Browns**.



**Nicolas Anelka** undirbýr nú brottför sína frá Manchester City til tyrkneska liðsins Fenerbahce. **Anelka** gekkst undir læknisskoðun í gær og leiðin lá þaðan með einkaþotu til Tyrklands þar sem nokkur hundruð áhangendur liðsins biðu spenntir eftir kappanum. **Anelka**, sem lék með City í tvö og hálft ár, gerði þriggja og hálfs árs samning við tyrkneska liðið.



**Samkvæmt umboðsmanni Craig Bellamy** hjá Newcastle United mun ekkert verða af sölunni til Birmingham City. **Bellamy** hyggst bíða þangað til í sumar í þeirri von um að fá tilboð frá fleiri liðum. Annars er **Bellamy** ekki vel liðinn hjá Newcastle um þessar mundir eftir hávaðarifrildi við knattspyrnustjórann **Graeme Souness**. „Hann mun aldrei spila fyrir mig aftur. Hann er búinn að hafa slæm áhrif síðan ég tók við liðinu og hann á ekki að komast upp með að fara í viðtal og ásaka mig um lygar," sagði **Souness** sótillur.



Nýjustu fregnir frá Englandi herma að knattspyrnustjórinn **Jose Mourinho** hafi átt leynilegan fund við **Ashley Cole**, leikmann Arsenal, á hóteli í Lundúnum. Aðspurður neitaði **Mourinho** þessum ásökunum og sagðist hafa verið á Ítalíu sama dag, en hann leitast nú eftir því að fá **Adriano** frá Inter Milan í sínar raðir. Forráðamenn Arsenal líta málið alvarlegum augum og segja að nálgunin af hálfu Chelsea sé ólögleg. „Við munum spyrja okkar mann út í þetta alvarlega mál og reyna að finna lausn á þessu," sagði talsmaður Arsenal-liðsins.



Norwich samdi um helgina við miðvallarleikmanninn **Graham Stuart** hjá Charlton fyrir ótilgreinda upphæð en pilturinn býr yfir mikilli reynslu og hefur meðal annars leikið með Everton og Chelsea. **Stuart** sagði að ákvörðunin hefði verið auðveld og hann hlakkaði til að spila með Norwich. „Ég hef mikla trú á þessu félagi. Vonandi get ég gefið áhangendum liðsins ástæðu til að fagna," sagði **Stuart**.



Tilkynnt var um helgina að Þjóðverjinn **Nick Heidfeld** væri nýr liðsmaður BMW Williams í Formúlu 1 kappakstrinum. **Heidfeld** verður hinum ástralska **Mark Webber** till fulltingis. Hann kemur í stað Brasilíumannsins **Antonio Pizzonia**. **Frank Williams**, eigandi liðsins, sagði að ákvörðunin hefði verið erfið. „Að gera upp á milli tveggja frábæra ökumanna er ekki auðvelt. **Nick** fékk atkvæðið okkar að þessu sinni en **Antonio** verður reynsluökumaður hjá okkur áfram," sagði **Williams**.





**WAYNE ROONEY** Spilar sinn fyrsta leik á Goodison Park frá því hann gekk í raðir Manchester United frá Everton í fimmtu umferð bikarkeppninnar.

Enska bikarkeppnin:

## Búið að draga í 5. umferð

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í fimmtu umferð enska bikarsins í knattspyrnu, en hún verður leikin helgina 19.-20. febrúar. Úrvalsdeildarlið Newcastle fær það erfiða verkefni að mæta lærisveinum Jose Mourinho í Chelsea. Meðal annarra athyglisverðra leikja má nefna að bikarmeistarar Manchester United sækja Everton heim á Goodison Park og Arsenal tekur á móti West Ham eða Sheffield United.

Þá drógust Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton Athletic gegn liði Jóhannesar Karls Guðjónssonar í Leicester City, sem leikur í fyrstu deildinni. Nokkur lið eiga eftir að leika aukaleiki eftir að hafa gert jafntefli í 4. umferðinni. ■

**5. UMFERÐ ENSKA BIKARSINS:**

| |
|---|
| Bolton – Derby eða Fulham |
| **WBA eða Tottenham – Nottingham Forest** |
| Everton – Manchester United |
| **Charlton – Leicester** |
| Burnley – Blackburn |
| **Southampton – Brentford eða Hartlepool** |
| Newcastle – Chelsea |
| **Arsenal – West Ham eða Sheffield United** |

# Vígbúnaður á Highbury í kvöld

Arsenal og Manchester United eigast við í ensku úrvalsdeildinni og má búast við flugeldasýningu þar sem bæði lið verða að vinna til að halda í við Chelsea.

**FÓTBOLTI** Það er jafnan heitt í kolunum þegar stórveldin Arsenal og Manchester United mætast á knattspyrnuvellinum og leikurinn í kvöld verður engin undantekning á því. Forráðamenn Arsenal hafa í samráði við lögreglu- og borgaryfirvöld hert öryggisráðstafanir við völlinn mikið til að bregðast við hugsanlegum ólátum stuðningsmanna liðana. Þetta er gert í ljósi þess að mikil spenna hefur hlaðist upp í kjölfar þess að knattspyrnustjórar liðanna hafa munnhöggvist sem aldrei fyrr í fjölmiðlum undanfarið og er talið að það gæti orðið til þess að sjóði upp úr milli stuðningsmanna þeirra.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, og Alex Ferguson hjá Manchester United hafa verið með alvarlegar ásakanir á hendur hvor öðrum á þessari leiktíð og hafa forráðamenn félaganna verið skikkaðir til friðarumleitana af yfirvöldum til að koma í veg fyrir að hlutirnir fari úr böndunum. Gárungarnir vilja meina að ástæðan fyrir því að endanlega sauð upp úr milli stjóranna sé koma Portúgalans Jose Mourinho í valdabaráttuna í úrvalsdeildinni. Vilja þeir meina að Mourinho, knattspyrnustjóri toppliðs Chelsea, hafi með frábærri byrjun sinni tekið Wenger og Ferguson á taugum og hafi unnið sálfræðistríðið. Knattspyrnustjórarnir tveir eru vissulega óvanir því að þriðja lið sé að blanda sér svo sterklega í baráttuna um deildarmeistaratitilinn og því hafi þeir dottið niður á það plan að ata hvorn annan aur.



**MIKLIR VINIR** Það hefur lengi verið grunnt á því góða á milli Arsene Wenger og Alex Ferguson en það virðist þó fara vel á með þeim á þessari mynd.

Arsenal á svo sannarlega harma að hefna á Highbury í kvöld, en liðið hefur tapað tvisvar fyrir United á þessari leiktíð. Liðin áttust við í deildinni í október þar sem United hafði 2-0 sigur á heimavelli sínum í afar umdeildum leik. Fyrir þann leik var lið Arsenal taplaust í 49 leikjum í röð í deildinni, en það var mark úr umdeildri vítaspyrnu sem átti stóran þátt í sigri heimamanna í leiknum. United hafði einnig betur þegar liðin mættust í bikarkeppninni í haust, 1-0, og því hyggur Arsenal-liðið á hefndir í leiknum í kvöld. Ef rýnt er í viðureignir liðanna á Highbury undanfarin ár má sjá að Arsenal hefur verið í vandræðum gegn erkifjendum sínum og ekki náð að leggja þá síðan í nóvember árið 2001.

Sol Campbell, varnarmaður Arsenal og enska landsliðsins, er spenntur fyrir viðureigninni í kvöld. „Einvígi þessara liða er orðið persónulegt og hlaðið biturleika,“ sagði Campbell, sem átti þátt í atvikinu sem færði United vítaspyrnu í hinum umdeilda leik sem minnst var á hér að ofan og er enn ekki búinn að gleyma því.

„Það er eins og dómarar þori ekki að dæma á móti Manchester United þegar liðið leikur á heimavelli sínum og margir undarlegir dómar hafa litið dagsins ljós þar,“ sagði varnarmaðurinn, sem enn er ekki búinn að gleyma mótlætinu á Old Trafford í haust. „Þetta verður rosalegur leikur og allir bíða hans með eftirvæntingu. Jafntefli dugar hvorugu liðinu, þau munu leika til sigurs og það yrði mjög sætt fyrir okkur að ná að leggja þá að velli eftir það sem á undan er gengið.“

baldur@frettabladid.is



**LEIKIÐ GEGN PÓLVERJUM** Ólafur Stefánsson sést hér skora í leik gegn Pólverjum í Laugardalshöll í október 2003.

Handboltalandsliðið:

## Þrír leikir gegn Pólverjum

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta mun spila þrjá vináttuleiki gegn Pólverjum hér á Íslandi í lok mars og verða það fyrstu leikir íslenska liðsins undir stjórn Viggós Sigurðssonar á Íslandi.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það eina sem gæti komið í veg fyrir þessa leiki væri að liðin tvö myndu lenda saman í umspili um sæti á Evrópumótinu í Sviss en dregið er 22. febrúar eins og fram kemur annars staðar á síðunni.

Pólverjar eru með öflugt landslið þar sem Karol Bielecki og Grzegorz Tkaczyk, félagar Arnórs Atlasonar og Sigfúsar Sigurðssonar hjá Magdeburg, eru aðalmennirnir. ■



**TÍU MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur farið á kostum í fyrstu tveimur leikjum sínum og hefur þegar skorað tíu mörk fyrir Hlíðarendafélagið, fimm í 14-0 sigri á Fylki og fimm mörk í 16-1 sigri á Fjölni.

Margrét Lára Viðarsdóttir byrjar vel með Val:

## Tíu mörk í fyrstu tveimur leikjunum

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir, markadrottning síðasta tímabils í Landsbankadeild kvenna, hefur byrjað vel með Íslandsmeisturum Vals en hin 19 ára Eyjastelpa hefur skorað tíu mörk í fyrstu tveimur leikjum liðsins í Reykjavíkurmóti kvenna, fimmu í hvorum.

Margrét Lára skipti yfir í Val fyrir áramót eftir að hafa skorað 23 mörk í 14 leikjum Landsbankadeildarinnar í fyrra og það tók hana ekki langan tíma að komast í gírinn á Hlíðarenda. Valur vann Fjölni 16-1 um helgina og Fylki 14-0 í fyrsta leik mótsins um síðustu helgi. Margrét Lára hefur spilað frammi með Nínu Ósk Kristinsdóttur í þessum leikjum en Nína skoraði sjálf 8 mörk, mörg þeirra eftir sendingar frá Margréti Láru.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsliðsins, getur því ekki kvartað yfir framherjaparinu sínu í fyrstu tveimur leikjunum enda eru þær stöllur með 18 mörk saman og liðið státar af markatölunni 30-1.

KR lék sinn fyrsta leik undir stjórn Írisar Bjarkar Eysteinsdóttur um helgina og vann þar 6-0 sigur á ÍR.

Það tók Ásgerði Ingibergsdóttur, spilandi aðstoðarþjálfara KR-liðsins, aðeins þrjár mínútur að opna markareikning sinn fyrir Vesturbæjarliðið en hin mörkin skoruðu Júlíana Einarsdóttir (2), Agnes Þóra Árnadóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir og nýr fyrirliði liðsins, Vanja Stefanovic. ■

Mörk Vals í 14-0 sigri á Fylki
Margrét Lára Viðarsdóttir 5
Nína Ósk Kristinsdóttir 4
Laufey Ólafsdóttir 3
Laufey Jóhannsdóttir 1
Elín Svavarsdóttir 1



# STUÐ MILLI STRÍÐA : Öll hin yndislegu æði

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** HEFUR GAMAN AF ÖLLUM ÆÐUNUM.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Kynslóðin mín eða X-kynslóðin svokallaða hefur gengið í gegnum mörg „æði.“ Þau skjóta reglulega upp kollinum og oftast eru það grunnskólabörn sem eru fórnarlömb æðanna. Þá myndast þannig stemning í skólunum og meðal vinanna að ef þú átt ekki svona dót þá ertu ekkert svakalega kúl. Fyrsta æðið sem ég man eftir er gormaæðið. Ég man hvað það var algjört möst að eiga gorm og ég var hrikalega sátt þegar ég fékk einn fjólubláan í jólagjöf. Svo lék ég mér nokkrum sinnum með hann, lét hann rúlla niður stigann....“vúúúú!“ Fékk fljótt leið á því og svo flæktist hann líka fljótlega og þá var þetta búið.

Jójóæðið er einnig eftirminnilegt. Einhverra hluta vegna áttu allir jójó með einhverju merki frá framleiðendum Coca Cola og jójókeppnir og alls konar þrautir og kúnstir riðu yfir landann. Ég kunni fullt af jójótrixum sem nýtast mér jafnvel enn þann dag í dag. Þegar ég sé jójó nú á dögum þá tryllist ég, sýni fullt af kúnstum og vek athygli um víðan völl með kunnáttu minni. Í alvöru.

Körfuboltamyndaæðið var líka stórt en ég átti þó ekki nema um fimm stykki af þeim en fannst þær samt kúl. Svo voru það snuddurnar sem voru alveg sér á báti. Hvað var maður eiginlega að pæla? Með eitthvað band um hálsinn og hrúgu af snuddum og glæru plastdóti hangandi á bandinu. „Hvað átt þú margar snuddur?“ var algeng spurning. Því fleiri snuddur, því fleiri kúlstig.

Poxið kom svo og tröllreið öllu á furðulegan hátt. Skrítnir pappahringir með myndum sem við krakkarnir spiluðum um eins og geðsjúklingar. Æðin eiga það sameiginlegt að vera ansi furðuleg og ganga yfir á stuttum tíma. Það er ekki gott að eyða miklum peningum í æði en það er samt æðis-lega gaman að rifja öll þessi furðuverk upp í góðra vina hópi. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott


















# Innflutningur ekki í sjónmáli

## Á HESTBAKI

**JENS EINARSSON** FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

Það heyrist alltaf sagt af og til að það sé eftirsjá að þessum eða hinum stóðhestinum, það hafi verið slys að hann skyldi seldur úr landi. Eins og alþekkt er þá eiga útflutt hross frá Íslandi ekki afturkvæmt vegna laga um búfjársjúkdóma og innflutningur á sæði er ekki leyfður. Byggja lögin á því að Ísland er að miklu leyti laust við búfjársjúkdóma sem þekktir eru í útlöndum. Þeim möguleika að flytja inn hestasæði hefur þó verið velt upp af og til og bent á að erfitt sé að rökstyðja að leyfður sé innflutningur á sæði úr öðrum búfjártegundum, til dæmis nautum, svínum og hundum; leyfður innflutningur á gæludýrum af öllu tagi en blátt bann lagt við öllu þegar hross eru nefnd. Afstaða yfirdýralæknis hefur alltaf verið skýr: Enginn innflutningur.

Það kom því á óvart þegar Ágúst Sigurðsson, fyrrverandi hrossaræktarráðunautur, sagði í viðtali við Eiðfaxa í fyrra eitthvað á þá leið að innflutningur á erfðaefni hrossa væri möguleiki sem ætti að skoða í framtíðinni. Gátu sér þá ýmsir þess til að yfirdýralæknir væri að linast í afstöðu sinni, hugsanlega vegna nýrrar tækni eða þrýstings af einhverju tagi. En sú er ekki raunin.

Gísli Halldórsson, dýralæknir inn- og útflutningseftirlits hjá embætti yfirdýralæknis, segir innflutning á hestasæði ekki útlokaðan möguleika. Ef umsókn um slíkt komi fram verði hún skoðuð og metin. „Ég býst við að málið færi í svipaðan farveg og fengi svipaða meðhöndlun og þegar sótt var um innflutning á fósturvísum úr norskum kúm. Allir áhættuþættir yrðu metnir, t.d. út frá því hvar sæðisgjafinn er staðsettur, í hvaða löndum hann hefur verið, nálægð við önnur dýr og svo framvegis. Síðan þarf að framkvæma flókin blóðpróf af ýmsu tagi sem eru kostnaðarsöm. Það er ekki útilokað að innflutningur yrði leyfður að viðhöfðu slíku mati en hvort umsækjandinn treysti sér til að uppfylla sett skilyrði er svo annað mál,“ segir Gísli.

Og því má bæta við að reglan er sú að umsækjandi í viðlíka málum borgar allan kostnað sem af umsókninni hlýst. Að þessu sögðu má vel draga þá ályktun að innflutningur á hestasæði yrði hugsanlega leyfður, en yrði nánast óframkvæmanlegur.

Páll Stefánsson dýralæknir á sæti í dýralæknaráði. Hann er alfarið á móti innflutningi á hestasæði. Hann segir: „Í mínum huga þarf ekki að skoða þessi mál. Við erum laus við alla helstu sjúkdóma sem þekktir eru í hrossum annars staðar og á meðan svo er finnst mér fráleitt að taka þá áhættu að flytja inn sæði frá útlöndum.“ ■



**JARL** Stóðhesturinn Jarl frá Miðkrika. Farinn úr landi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjartaknúsarinn **Orlando Bloom** er hættur með kærustu sinni til þriggja ára, leikkonunni **Kate Bosworth**. Ástæða sambandsslitanna er sú að þau hafa eytt of litlum tíma saman vegna anna við kvikmyndaleik. Bloom og Bosworth byrjuðu saman eftir að hafa hist við tökur á auglýsingu árið 2002 en eftir frí í Brasilíu á dögunum ákváðu þau að fara hvort í sína áttina.



Leikkonan **Jennifer Aniston** hefur lýtt undir orðróm um að hún sé byrjuð með franska leikaranum Vincent Cassel, sem leikur á móti henni í myndinni Derailed. Aniston, sem skildi nýverið við eiginmann sinn til fjögurra ára, Brad Pitt, hefur eytt öllum stundum með Cassel við tökur á myndinni. Herma heimildir að þau nái afar vel saman og séu skotin hvort í öðru.





**MARIAH CAREY** Neitar því harðlega að eiga nokkuð strákaleikfang þessa dagana og segist geta talið elskhuga sína á fingrum annarrar handar.

# Vill ekki samband

Mariah Carey vill ekki meina að hún eigi strákaleikfang og ætlar ekkert að „binda sig niður í neitt samband. „Á þessu stigi í lífi mínu ætla ég ekkert í svoleiðis pakka. Ég á heldur ekki í neinum stuttum ástarsamböndum þessa dagana,“ sagði hún.

Orðrómur hafði verið á kreiki um að söngkonan væri að hitta 28 ára gamlan starfsmann í plötufyrirtæki hennar. Síðan Mariah skildi við Tommy Mottola árið 1998 hefur hún aðeins verið bendluð við hafnaboltaleikmanninn Derek Jeter og Luis Muigel og sagði jafnframt eitt sinn að hún gæti talið fjölda elskhuga sína á fingrum annarrar handar.

Að sögn Mariuh eru lög á næstu plötu hennar, The Emancipation of Mimi, ekkert nema skemmtun. „Platan er í rauninni ég að leyfa mér að skemmta mér svolítið. Ég er ekki að segja neitt neikvætt um neinn úr fortíðinni, ég er ekki að ráða úr slæmri reynslu. Það er allt í lagi hjá mér og ég er bara að gera plötu. Þetta er skemmtilegt og það er þess vegna sem ég hóf söngferil minn.“

Platan kemur út í Bandaríkjunum í apríl og á henni koma fram gestir eins og Snoop Dogg, Kanye West og Jermaine Dupri. ■


VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

RISA ÚTSALA

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Síðustu dagar útsölunnar
Allt að 150.000 kr.
aukaafsláttur af völdum bílum

Höfum bætt við 50 bílum!

VERÐDÆMI



AFSL. 500 ÞÚS.

Opel Astra Coupe
Skráður 02/03 ekinn 32 þ. km
Verð kr. 2.180 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.680 þ.

VERÐDÆMI



AFSL. 320 ÞÚS.

Opel Zafira Comfort
Skráður 10/02 ekinn 54 þ. km
Verð kr. 1.790 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.470 þ.

VERÐDÆMI



AFSL. 310 ÞÚS.

Opel Astra Station 1.2
Skráður 03/01 ekinn 68 þ. km
Verð kr. 990 þ.kr.
Útsöluverð kr. 680 þ.

VERÐDÆMI



AFSL. 300 ÞÚS.

MMC Pajero 3200 DI-D
Skráður 06/00 ekinn 95 þ. km
Verð kr. 2.880 þ.kr.
Útsöluverð kr. 2.580 þ.

100% lánamöguleikar

Söluráðgjafar notaðra bíla sími 525 8020



Pétur Björnsson
sölustjóri.
Sími 525 8000
Netfang:
petur@ih.is



Guðmundur J. Ólafsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8022.
Netfang:
gudmundur@ih.is



Garðar Már Garðarsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8027.
Netfang:
gardar@ih.is



Ragnar Borgþórsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8029.
Netfang:
ragnarb@ih.is



Sigurður Ófeigsson
söluráðgjafi.
Sími 525 8028.
Netfang:
siggi@ih.is

Veitingar í boði

Heppnir viðskiptavinir geta unnið bensínkort frá
EGO Meira fyrir peninginn

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00











■ TÓNLIST

# Íslensku tónlistarverðlaunin í ellefta sinn

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í ellefta sinn í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Hefst athöfnin klukkan 20.00. Keppt verður í alls átján flokkum.

Keppt verður í fyrsta sinn um björtustu vonina í flokki sígildrar- og samtímatónlistar, auk þess sem keppt verður um bestu plötu í popp-, rokk- og dægurtónlistarflokki. Einnig verða veitt aukaverðlaun fyrir flottasta plötuumslagið.

Ísfirski tónlistarmaðurinn Mugison er tilnefndur til flestra verðlauna í ár, fimm talsins. Þar á meðal er hann tilnefndur fyrir bestu poppplötuna og sem besti söngvarinn. Ragnheiður Gröndal, Quarashi, reggísveitin Hjálmar og Brain Police eru hver um sig tilnefnd til þriggja verðlauna, auk þess sem Jens Ólafsson, söngvari Brain Police, er tilnefndur sem besti söngvarinn.



**RAGGI BJARNA** Hinn eini sanni Raggi Bjarna verður á meðal þeirra sem stíga á stokk í Þjóðleikhúsinu annað kvöld.



**EINAR BÁRÐARSON** Þetta er í fjórða og síðasta sinn sem Einar er framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Um 2.000 manns sem eru meðlimir í Samtóni hafa kosningarétt. Þar er um að ræða félaga í STEF, sem er samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, og SHF, sem er samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

Þetta verður í síðasta sinn sem Einar Bárðarson verður framkvæmdastjóri hátíðarinnar, en hann hefur sinnt starfinu undanfarin fjögur ár. „Það er kominn tími til að leyfa öðrum að spreyta sig og gott að láta ferska vinda blása um þetta," segir Einar. „Þessi keppni hefur breyst úr því að vera árshátíð fárra yfir í að vera uppskeruhátíð allra. Það eru flestir sammála um að vel hafi tekist til á undanförnum árum og þessi verðlaun hafa fengið góða athygli. Hátíðin getur líka hjálpað hljómsveitum og tónlistarmönnum að kynna sig erlendis," segir hann.

Á meðal þeirra sem troða upp annað kvöld eru Raggi Bjarna, sem sló í gegn fyrir jól með sinni nýjustu plötu, Ragnheiður Gröndal, sem átti einnig miklu láni að fagna, og hljómsveitin Mezzoforte. Gísli Marteinn Baldursson og Þórunn Lárusdóttir verða kynnar hátíðarinnar. ■

# Letilegt kassagítarpopp

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Tónlistarmaðurinn Hjörvar Hjörleifsson, eða Stranger eins og hann kallar sig, gaf út þessa fyrstu plötu sína fyrir síðustu jól og vakti hún nokkra athygli. Var hann meðal annars tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár sem bjartasta vonin. Hljómsveitin Ensími spilaði undir með honum á plötunni og hefur reynsla liðsmanna hennar vafalítið verið honum ómetanleg aðstoð.

Tónlist Stranger má lýsa sem rólegu og letilegu kántrískotnu kassagítarpoppi sem minnir oft á listamenn á borð við Beck og David Bowie. Enginn rembingur er þarna á ferð heldur er lögð áhersla á einlægni og einfaldar lagasmíðar.

Stranger gerir hina sæmilegustu hluti á Paint Peace og virðist ráða vel við þennan tónlistarstíl. Helsti vandinn er sá að honum tekst hvergi að þróa þennan stíl eitthvað áfram, því hér er ekkert sem kemur á óvart. Í staðinn fylgir hann fast í fótspor fyrirmynda sinna; fullfast á köflum. Má þar nefna Perfect Stranger, þar sem hann stælir Bowie algjörlega í söngnum en með kraftminni rödd.

Nokkur ágæt lög er engu að síður að finna á plötunni, þar á meðal One Sunday Morning, Until og Loophole. Paint Peace er rólegheitaplata þar sem unnið er ágætlega úr frekar gamaldags tónlistarformi. Einhvern neista vantar þó til að gera hana að prýðisgrip.



**STRANGER**

PAINT PEACE

**NIÐURSTAÐA:** Paint Peace er rólegheitaplata þar sem unnið er ágætlega úr frekar gamaldags tónlistarformi. Einhvern neista vantar þó til að gera hana að prýðisgrip.

**Freyr Bjarnason**

■ TÓNLIST

# Þrjár plötur frá Adams

Bandaríski rokkarinn Ryan Adams ætlar að gefa út þrjár nýjar plötur á næstunni. Fyrst gefur hann út hina tvöföldu Cold Roses ásamt hljómsveit sinni The Cardinals. Kemur hún út hinn 19. apríl.

Næstu tvær plötur nefnast Jacksonville, sem er fæðingarstaður Adams, og 29. Útgáfudagur þeirra hefur ekki verið ákveðinn. Adams er vanur að gefa út nóg af efni, því fyrir tveimur árum gaf hann út plötuna Rock 'n' Roll og EP-plötuna Love Is Hell, Part 1 and Part 2. ■



**RYAN ADAMS** Kappinn ætlar að gefa út þrjár plötur á næstunni, þar af eina tvöfalda.







...bara á
flugfelag.is
2. - 8. febrúar
Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
7.500 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjvíkur og
GRÍMSEYJAR
6.500 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27216 02/2005



## VIÐ TÆKIÐ | Allt of langt gengið

**MÖRTU MARÍU JÓNASDÓTTUR** FINNST BIBBI EKKI EIGA HEIMA Í INNLIT-ÚTLIT

Innlit-útlit er einn af þeim þáttum sem ég missi aldrei af. Það er ekki af því að þátturinn sé svo ógurlega góður, vandaður og dagskrárgerðarfólkið komi sífellt á óvart með fígúrulegum uppákomum. Ég horfi bara vegna forvitni á fólki og innanstokksmunum. Þetta er þó ekki nýtilkomið heldur hef ég alltaf verið svona. Þegar ég var stelpa fylgdist ég sérlega vel með þegar ég kom inn á ný heimili skólasystkina minna. Þegar ég kom heim gat ég þulið upp hvernig innréttingar væru, hvort baðinnréttingin væri í stíl við eldhúsinnréttinguna og hvort loftin væru úr sama við og handriðið. Ég tók líka sérlega vel eftir gólflistum og hvort vandað hefði verið til verksins. Ég hafði einnig sérlegan áhuga á gluggatjöldum og um tíu ára aldur fannst mér ekkert toppa hvít rimlagluggatjöld. Eftir að heim var komið fór ég svo að spá og spekúlera hvað betur mætti fara á heimilum skólasystkina minna. Þar versnaði þó í því þegar fjölskyldan fór að byggja því ég var ekki alltaf sammála efnis- og litavali og fannst þau helst til of klassísk fyrir minn smekk. Í síðasta þætti var kíkt í svefnherbergið hjá Curver eða Birgi Erni Thoroddsen. Hann er líka úr Árbænum en þar sem hann er ári eldri en ég kom ég aldrei heim til hans. Bibbi hefur alltaf farið sínar leiðir og því fannst mér það mjög karakterslaust að hann væri kominn í Innlit-útlit með stílista sem væri að aðstoða hann



Bibbi við gamla rúmteppið áður en stílistí fór höndum um svefnherbergi hans. Það gamla var þó meira í karakter og mun Bibbalegra en það nýja.

við að velja „mainstream“ innréttingar. Þetta fannst mér of langt gengið. ■



▶ 21.25 *Tónlist*

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005. Í þættinum verða tilnefningar tilkynntar í hinum ýmsu flokkum.



▶ 22.15 *Spenna*

The Wire. Myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum en þar eru eiturlyf mikið vandamál.



▶ 20.00 *Enski boltinn*

Arsenal – Manchester United. Annað sæti í úrvalsdeildinni er í húfi og bæði liðin vilja ólm komast þangað.

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gormur (20:26) **18.30** Veðmálið (4:6)

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Mæðgurnar (18:22)** (Gilmore Girls IV)
**20.45** **Mósaík** Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál. Umsjónarmenn eru Jónatan Garðarsson, Steinunn Þórhallsdóttir og Arnar Þór Þórisson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **21.25** **Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005** Í þættinum verða kynntar tilnefningar í hinum ýmsu flokkum til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Ódáðaborg (5:6)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Myrkrahöfðinginn (4:4) **0.20** Kastljósið **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor (e) **13.30** Hidden Hills (e) **13.55** Oliver Beene **14.20** Married to the Kellys (e) **14.45** Derren Brown – Trick of the Mind (e) **15.10** Scare Tactics (e) **15.35** George Lopez 3 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours

**18.18** Ísland í dag
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Amazing Race 6 (5:15)**
**20.45** **Las Vegas 2 (4:22)** Dramatískur myndaflokkur sem gerist í spilaborginni Las Vegas. Háar fjárhæðir skipta oft um hendur í borg gleðinnar og þá er eins gott að öryggisgæslan sé í góðu lagi.
**21.30** **The 4400 (1:6)** Fljúgandi furðuhlutur lendir á jörðinni með 4400 manns. Í hópnum er fólk af ólíkum toga. Þeir sem hafa verið lengst í burtu hurfu fyrir áratugum en aðrir í aðeins fáeina mánuði. Allir eiga það sameiginlegt að líta út nákvæmlega eins og áður. Enginn hefur elst og enginn veit að mánuðir og ár hafa liðið á jörðinni.
▶ **22.15** **The Wire (2:12)** Str. b. börnum.

**23.10** Twenty Four 4 (1:24) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **23.55** Twenty Four 4 (2:24) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **0.40** Cold Case 2 (5:24) (e) (Bönnuð börnum) **1.25** Appetite (Bönnuð börnum) **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið (e)

### SKJÁREINN

**17.45** Guinness World Records – lokaþáttur (e)

**18.30** **Dead Like Me (e)** Starfsmenn dauðans taka sér frídag og enginn deyr þennan dag. Þannig að George og félagar þurfa að klára pappírsvinnuna sína.
**19.30** **The Simple Life 2 (e)** Paris og Nicole fá vinnu sem þjónustustúlkur í Caliente nektarnýlendunni og komast að því hvað „brottrekstur“ þýðir.
▶ **20.00** **Arsenal – Manchester United**
**22.00** **Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.

**23.00** Judging Amy **23.45** Jay Leno **0.30** Law & Order – lokaþáttur (e) **1.20** Sunnudagsþátturinn (e) **2.50** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Try Seventeen **10.00** Overboard **12.00** The Revengers' Comedies **14.00** Try Seventeen **16.00** Overboard **18.00** The Revengers' Comedies **20.00** Bet Your Life (B.b.) **22.00** The Shadow (Str.b.b.) **0.00** Confidence (Str.b.b.) **2.00** Onegin (Bönnuð börnum) **4.00** The Shadow (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Bein útsending frá CBN fréttastofunni **19.30** T.D. Jakes **20.00** Robert Schuller **21.00** Ron Phillips **21.30** Joyce Meyer **22.00** Dr. David Yon-ggi Cho **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Ísrael í dag Ólafur Jóhannsson (e)**1.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**6.00** Sunrise **10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**7.30** Olympic Games: Olympic Magazine **8.00** Cyclo-cross: World Championship Germany **9.00** Football: Eurogoals **10.00** Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland **10.30** All Sports: Casa Italia **10.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **11.45** Nordic Combined Skiing: World Cup Sapporo Japan **13.15** Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland **14.45** All sports: WATTS **15.15** Football: Eurogoals **16.15** Boxing **17.30** Nordic Combined Skiing: World Cup Sapporo Japan **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Boxing **20.00** Boxing **22.00** Trial: Indoor World Championship Marseille **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Sumo: Kyushu Basho Japan **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**7.00** Captain Abercromby **7.15** The Story Makers **7.35** Stitch Up **8.00** Location, Location, Location **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link **11.30** Doctors **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Sahara **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Wild Weather **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Florence Nightingale **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** The Mark Steel Lectures **2.30** The Mark Steel Lectures **3.00** I'll Show Them Who's Boss **3.40** Business Confessions **3.50** Business Confessions **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Secrets of the Turtle Tomb **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** The Mummy Road Show **18.30** Tales of the Living Dead **19.00** Totally Wild **19.30** Insects from Hell **20.00** Secrets of the Turtle Tomb **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Seconds from Disaster

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **20.00** Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** The Natural World **2.00** Natural World **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Myth Busters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Blueprint for Disaster **23.00** Forensic Detectives **0.00** Rescue International **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Scrapheap Challenge

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Places to Stay Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.00** Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**THE 4400** *Stöð 2* **kl. 21.30**

*Þáttunum er leikstýrt af Scott Peters*

### *Fólki skilað aftur á jörðina*

The 4.400 er nýr myndaflokkur sem verður framvegis á dagskrá Stöðvar 2 á þriðjudögum.
Í þættinum er sagt frá fljúgandi furðuhlut sem lendir á jörðinni. Úr honum koma 4.400 manns sem voru áður numin á brott af geimverum en er nú skilað til jarðarinnar. Fólkið er jafn misjafnt og það er margt en nú þarf það að takast á við gífurlegar breytingar. Það sem drífur fólkið áfram er dulúðin sem hvílir yfir því hvað gerðist og af hverju. Sum hafa verið snert á dularfullan hátt en sumir búa yfir hæfileikum, bæði góðum og slæmum. Eitt á þetta fólk sameiginlegt; það man ekki neitt um þessa reynslu í geimnum. Fólkið lítur líka eins út og þegar því var rænt þó heillangur tími hafi liðið á jörðinni.
Aðalhlutverk leika Joel Gretsch, Jacqueline McKenzie og Laura Allen.



4.400 manns er skilað á jörðina af geimverum.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If you let me testify at that hearing, the whole world will see what's he become. They should remember him for what he was.“**

**Svar:** Juan Trippe úr kvikmyndinni The Aviator frá árinu 2004.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.05** Silungurinn **14.03** Smásaga, Áritaða eintakið af Kreutzersónötunni **14.30** Í þjónustu hennar hátignar **15.03** Vísindi og fræði **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Bréfið **21.00** Í hosíló **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Rökkurrokk

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Rokkland

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur



**22.30** *Spjall*

**David Letterman. Letterman fær góða gesti í heimsókn og býður eflaust upp á tónlistaratriði líka.**

## SÝN

**16.30** Idol Extra **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Gillette-sportpakkinn**
**19.20** **World Supercross** (Angel Stadium of Anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu.
**20.15** **Tiger Woods (2:3)** Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpshorfendur að kynnast kappanum frá ýmsum hliðum.
**21.10** **Veitt með vinum** (Norðurá) Umsjónarmaður er Karl Lúðvíksson en í þessum þætti er farið í Norðurá. Veiðifélagi Karls að þessu sinni er Jóhannes Ásbjörnsson, betur þekktur sem Jói í Idol.
**22.00** **Olíssport**
**22.30** David Letterman

**23.15** The World Football Show

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popplistinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Crank Yankers **19.30** Ren & Stimpy (e) **20.00** Skrekkur 2005 **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e) **23.40** Meiri músík

Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and the Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**7.00** A Star for Two **8.35** Operation Lookout **10.10** Nothing Personal **11.50** The Mouse on the Moon **13.15** Odds Against Tomorrow **14.50** Thrashin' **16.20** Arena **18.00** The Scalphunters **19.45** Lambada **21.30** Warm Summer Rain **22.55** Big House, U.S.A. **0.20** Cohen and Tate **1.45** Hardware **3.20** Pussycat, Pussycat, I Love You

**TCM**

**20.00** An American in Paris **21.50** Rhapsody **23.45** This Could Be the Night **1.30** Lovely to Look At **3.15** Ivanhoe

**HALLMARK**

**8.00** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **9.45** Is There Life Out There? **11.15** Early Edition **12.00** Escape from Wildcat Canyon **13.45** Frankie & Hazel **15.15** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **17.00** Is There Life Out There? **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.30** A Nero Wolfe Mystery **21.15** A Nero Wolfe Mystery **22.15** Black Fox: The Price of Peace


# Skrifstofuhúsgögn á frábæru verði!

**Flex-T** vinnustöðvar

**30%** kynningarafsláttur



**Flex-T vinnustöðvar** (180x180cm)
frá **Kr. 46.270**

**Mark 30 skrifstofustólar**
**Kr. 40.900**




Flex-T er ný lína vinnustöðva sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hafa hannað. Vinnustöðvarnar eru með þægilegri handvirkri hæðarstillingu, 0-20 cm en fást einnig með rafknúinni, stiglausri hæðarstillingu þannig að ýmist er hægt að sitja eða standa við vinnu. Nú býðst Flex-T á sérstöku kynningartilboði.

Mark er glæsileg lína skrifstofustóla fyrir vinnustaði og heimili. Hönnuður stólanna er Pétur B. Lúthersson. Hægt er að velja um fjölda lita á áklæði. Nú bjóðum við þessa stóla á frábæru verði.

TTT auglýsingastofa/Ljósm.SSJ

**Á. GUÐMUNDSSON ehf.**

*Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum* Bæjarlind 8-10 • Sími 510 7300 • www.ag.is





## HRÓSIÐ

*... fær íslenska lopapeysan, sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og verður sífellt vinsælli.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Robopax BabySitter

**Sem er?** Sjálfvirkur barnavagnsruggari. Margir foreldrar þekkja hversu erfitt getur reynst að svæfa ungbörn. Þegar börnin eru lögð í vagninn eiga þau það til að fara að hágráta og róast ekki fyrr en búið er að rugga þeim í lengri tíma, sem getur reynt ansi mikið á þolinmæði foreldranna.

Robopax hefur fundið upp hinn fullkomna ruggara. Ruggarinn gengur fyrir rafhlöðum og ruggar 66 sinnum á mínútu, sem er meðalhjartsláttur fullorðinnar manneskju.

**Gallar?** Börnunum finnst vissulega gott að láta rugga sér en spurning er hvað gerist þegar tækið stöðvast. Hætt er við því að þau venjist um og of við að láta rugga sér og það býður hættunni heim.



Mörgum finnst ruggarinn líka heldur til ópersónulegur, þótt börnin verði þess ekki áskynja hver er að rugga. Einn helsti gallinn er sá að ruggarinn gengur fyrir batteríum og þau geta verið ansi fljót að tæmast.

**Fylgihlutir?** Fylgihlutirnir eru engir enda tækið eins einfalt í notkun og hugsast getur. Vagninum er rennt upp á ruggarann og hann settur af stað. Þess má þó geta að Robopax vinnur nú að því að hanna sjálfvirkan ruggara fyrir vöggur svo foreldrar ættu að losna við allt rugg. Sá verður með kló sem er einfaldlega stungið í samband.

**Kostar?** Robopax-ruggarinn kostar aðeins 68 pund eða tæpar átta þúsund krónur. Það telst nú varla mikið fyrir frið og ró á heimilinu.



**Lárétt:** **1** lítið fjall, **5** trjátegund, **6** átt, **7** tveir eins, **8** ljósnæmi filmu, **9** framsækni, **10** verkfæri, **12** gerast, **13** uppistaða, **15** sting, **16** angrar, **18** fugl.
**Lóðrétt:** **1** reisa, **2** málmur, **3** öfug röð, **4** hænd að fólki, **6** hljóðfæri, **8** ílát, **11** fugl, **14** nart, **17** sólguð.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** fell, **5** eik, **6** na, **7** rr, **8** din, **9** sókn, **10** al, **12** ske, **13** lón, **15** al, **16** amar, **18** gauk.
**Lóðrétt:** **1** ferðalag, **2** eir, **3** lk, **4** mannelsk, **6** nikka, **8** dós, **11** lóm, **14** nag, **17** ra.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 10

1. Iron Maiden.
2. Týr og Ægir.
3. Guðjón Valur Sigurðsson.








**ARNALDUR INDRIÐASON** Bók hans Grafarþögn kemur út í Bretlandi í vor hjá útgáfunni Harvill Press.

ARNALDUR INDRIÐASON: HEFUR FENGIÐ EINRÓMA LOF ERLENDRA GAGNRÝNENDA

# Silence of the Grave kemur út í vor

Skáldsagan Grafarþögn eftir Arnald Indriðason kemur út í Bretlandi í vor. Þetta er ekki fyrsta bókin sem Arnaldur gefur út á breskum markaði því í fyrrasumar gaf hann út Mýrina hjá útgáfunni Harvill Press. Sú bók fékk mikið lof gagnrýnenda og hældi jafnframt metsöluhöfundurinn Val McDermid bókinni í The Daily Telegraph og sagði hana heillandi innsýn inn í ókunnan heim.

Edda er útgefandi Arnaldar hérlendis og er Dröfn Þórisdóttir hjá Eddu Útgáfu bjartsýn á það að Grafarþögn fái góðar viðtökur í Bretlandi líkt og Mýrin. „Við erum að sjálfsögðu bjartsýn á viðtökurnar miðað við gengi Arnaldar í Bretlandi sem og annars staðar en hann hefur verið gefinn út í 22 löndum,“ sagði hún. Að sögn Drafnar mun bókin kallast Silence of the Grave á ensku.

Grafarþögn kom út í Danmörku í janúar á þessu ári og fékk þar frábærar viðtökur. Eins og fram kemur á heimasíðu Eddu Útgáfu gaf gagnrýnandinn Keld Nissen bókinni sex stjörnur af sex mögulegum og sagði Arnald flétta sögur verksins saman af list. „Það er ekki fyrr en á allra síðustu síðunum að lesandinn fær lausn gátunnar, það er vel gert,“ segir Nissen í gagnrýninni. Einnig segir hann frásögnina lágværa og hryllingssögurnar nísta hjarta lesandans.

Í mars síðastliðnum kom bókin út í Þýskalandi þar sem hún hlaut einróma lof gagnrýnenda og komst upp í sjöunda sæti metsölulistans. Engin íslensk bók eða höfundur hefur áður náð svo hátt á þýska listanum. Í Þýskalandi hafa selst yfir þrjúhundruð þúsund eintök af bókum Arnaldar sem er einstakur árangur fyrir íslenska skáldsögu. Einnig hefur hún verið seld til Bandaríkjanna, Hollands, Svíþjóðar, Noregs, Finnlands, Tékklands og nú til Bretlands. ■






# Þrjú þúsund tekið þátt

Um þrjú þúsund manns hafa tekið þátt í veðbanka um Íslensku tónlistarverðlaunin á vísi.is en verðlaunin sjálf verða afhent á morgun.

Dómnefndir hafa valið verk og flytjendur í fjórum flokkum; popp- og rokktónlist, sígild- og samtímatónlist, jazztónlist og önnur verðlaun. Á vefsíðunni Vísi.is er hægt að spá fyrir um úrslit í öllum flokkum og sá eða sú sem kemst næst því að spá fyrir um rétta verðlaunahafa hlýtur að launum ferð fyrir tvo á tónleika U2 í Parken í Kaupmannahöfn ásamt gistingu og gjaldeyri.

Á Vísi.is er einnig hægt að velja vinsælasta flytjandann en kosningin stendur til klukkan 18 í kvöld.




Sjálf afhending Íslensku tónlistarverðlaunanna fer fram í Þjóðleikhúsinu á morgun, miðvikudag, og verður sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Útsending hefst klukkan 21.00. ■

Icelandair, Landsbankinn og Vísir kynna:



Hljómsveitin Mínus tekur við verðlaunum fyrir hljómplötu ársins fyrir árið 2003

ICELANDAIR  vísir  Landsbankinn

# ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Í Þjóðleikhúsinu 2. febrúar kl. 20:00

Í beinni útsendingu í Sjónvarpinu

TÓNLIST.IS  HLJÓÐKERFI www.ebkerfi.is - S:4 800 100  CONCERT  EXTON KASTLJÓS

veita Íslensku tónlistarverðlaununum tæknilegt brautargengi - heimasíða ITV er tónlist.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR
TOSCA
Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200
Landsbankinn
ÍSLENSKA ÓPERAN



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

# Formlegar afsakanir ... hahaha

Þrjúhundruð sextíu og fimm? Kannski ætti ferlíkið að heita 7-9-13. Eftir alla þá svörtu ketti sem hlaupið hafa í veg fyrir megrunarsérfræðinga, skólastjóra, bankastjóra, rótara, gamla poppara og lagarefi sem reynt hafa að beisla Norðurljósadrekann og sitja hann hnakklaust er tímabært að berja þrisvar í barborðið. Niðurstaðan í Íraksmálinu er að fréttamaður segir af sér. Einhverjir eru sáttir, en aðrir tauta: Hvað hefur þessi þvæla að gera með gjörbreytta utanríkisstefnu þjóðar sem eitt sinn var boðberi friðar? Hvað hefur hún að gera með að við erum í þeirri stórhættulegu stöðu að vera vopnlaus þjóð sem lýsir nú styrjöldum á hendur einræðisherrum með tilheyrandi innrásum?

**SJÁLFSAGT** á fótgönguliðinn að biðjast formlega afsökunar á því að vanda ekki til verka, enda kemur um það krafa frá æðsta ráðinu. Yfirvaldið samþykkir svo brenglað eftirlaunafrumvarp – skömmtunarkerfi sem kostar þjóðina feitar summur í tvöföldum launum fyrir silkihúfur. Enginn biðst formlega afsökunar. Það er eðlilegt kerfisklúður sem allir eiga að skilja og svo sem ekki hægt að vera að biðjast endalaust afsökunar á hinu og þessu. Að biðjast afsökunar á að skrumskæla utanríkisstefnu þjóðar væri líka barnaskapur – að biðjast afsökunar á því að ráðast gegn þjóðarvilja með skrípaleik í kringum skapillskulegt fjölmiðlafrumvarp með annarlegum markmiðum væri líka bara asnagangur. Upplýsingaflæði er orðið vandræðalega mikið og tími til kominn að stofna leynifélagið utanríkismálanefnd. Það er tímabært að skrúfa fyrir lekann á þeim bæ. Meðlimir nýja leynifélagsins geta fengið dulnefni svo sem 007, 008 og 009. Þeir ættu líka að taka upp leynimerkjasendingar, gæta þess að funda aldrei á sama stað og á ólíklegustu stöðum og koma starfseminni af yfirborðinu hið snarasta.

**Á SAMA TÍMA** er skemmtiklúbbur stjórnarandstöðunnar að skipuleggja fegurðarsamkeppni leiðtogaefna. Framsæknir bræður liggja á gægjum í kvennaklefum flokkssystranna. Ringulreið ríkir í sturtuklefanum og kvenfélagskonur hlaupa skrækjandi í hringi. Hver þarf að fara í leikhús þegar íslenskir stjórnmálamenn eru í stuði? En er okkur hinum skemmt? Það er stóra spurningin. ■




